Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

# Fornleifaskráning Skagabyggðar: Örlygsstaðir, Hlíð, Kurfur, Hróarsstaðir, Hólmi, Krókur og Krókssel.



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/107

Forsíðumynd: Horft til suðurs eftir ruddum vegi sem liggur ofan við „bæina undir Brekku“ (Fvr.Nr. 12465).

**© Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga**
**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**
**2010/107**

# Efnisyfirlit


Inngangur ... 2
Tilgangur fornleifaskráninga ... 3
Aðferð við skráningu ... 4
Örlygsstaðir (I, II og Hlíð) - söguágrip ... 5
Fornleifaskrá ... 7
Örlygsstaðasel ... 17
Kurfur – söguágrip ... 37
Fornleifaskrá ... 38
Kurfssel ... 43
Hróarsstaðir (og Hólmi) – söguágrip ... 46
Fornleifaskrá ... 48
Hróarsstaðasel? ... 57
Hróarsstaðasel (Hólmi) ... 63
Krókur og Krókssel - söguágrip ... 73
Fornleifaskrá ... 75
Landamerki ... 91
Krókssel ... 93
Samantekt og niðurstöður ... 104
Minjar í landi Örlygsstaða (I, II og Hlíðar) ... 104
Minjar í landi Kurfs ... 106
Minjar í landi Hróarsstaða og Hólma ... 106
Minjar í landi Króks og Krókssels ... 109
Niðurlag ... 111

## *Inngangur*

Haustið 2010 lauk þriðja áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið og voru eftirtaldar jarðir skráðar í þessum áfanga: Mánaskál, Núpur, Fjall, Bakki, Álfhóll, Krókur, Hólmi, Björg (Ytri og Syðri), Sviðningur, Kálfshamarsvík, Saurar, Ós, Mánavík, Ásbúðir.

Í þessari skýrslu eru Krókur og Hólmi auk eftirtalinna jarða sem skráðar voru sumarið 2009: Krókssel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir og Hlíð. Ákveðið var að bíða með útgáfu þeirra til að geta gefið út eina heildstæða skýrslu, frekar en skilja eftir eyður milli jarðanna.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Heimildavinna vegna skráningarinnar fór fram vordögum 2009 og 2010 og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur og Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðinga. Vettvangs-vinna fór fram síðsumars sömu ár og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi sem sá að auki um skýrslugerð.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð, sér í lagi þeim Rafni Sigurbjörnssyni á Örlygsstöðum, Guðjóni Ingimarssyni á Hofi og Árna Sveinbjörnssyni í Króksseli.

***Tilgangur fornleifaskráninga***

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

***Aðferð við skráningu***

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær bæjarstæðið á Örlygsstöðum númerið 1 (auðkennt Örlygsstaðir - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Örlygsstaði - 1, 12378.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrri hluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

# Örlygsstaðir (I, II og Hlíð) - söguágrip



*Mynd 1, horft yfir bæina Örlygsstaði I (lengst til vinstri), Hlíð (fyrir miðri mynd) og Kurf (íbúðarhúsið í Kurfi er að mestu í hvarfi lengst til hægri á myndinni.*

Árið 1961 var nýbýlið Hlíð byggt úr landi Örlygsstaða og árið 1965 var Örlygsstöðum skipt í Örlygsstaði I og II.[1] Um Örlygsstaði I segir í Húnaþingi: „Bærinn stendur 40 metra frá Brekknabrekku. Það er sama að segja um landkosti og annarra jarða undir Brekku, að heima um sig er gott til ræktunar, en beitiland allgott þegar til heiðar dregur. Lending er slæm, en áður var stutt á góð fiskimið.“[2] Um Hlíð segir: „Þar er bæjarstæði skjóllegt og land gott til ræktunar, eins og annars staðar undir Brekku.“[3] Um Örlygsstaði II segir: „Bærinn stendur skammt frá Brekkunni, rétt norðan við Dalalæk, en sunnan lækjarins eru fjárhúsin. Þar hét áður Gamlistekkur.“[4]

Örlygsstaðir koma sjaldan fyrir í fornum skjölum og er nafn jarðarinnar eða ritun þess á reiki a.m.k. fram yfir miðja 19. öld.[5] Örlygsstaða er fyrst getið í bréfi um rekaskipti Brekknajarða á Skaga frá 1384, þar er hún nefnd Ormlaugarstaðir.[6]

| Jörð | Ártal | Eigandi/eigendur | Jarðadýrleiki | Landskuld | Kúgildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Örlygsstaðir | 1686 [7] | Bændaeign | 11 hndr 160 álnir | 70 álnir | 4 |
| Örlygsstaðir | 1696 [8] | Bændaeign | 16 hndr | 80 álnir | 4 |

---

[1] *Húnaþing II* (1978), 92-94.
[2] *Húnaþing II* (1978), 94.
[3] *Húnaþing II* (1978), 92.
[4] *Húnaþing II* (1978), 94.
[5] Sjá m.a. *Íslenzkt Fornbréfasafn IX*, 641-2; *IX*, 268; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, VIII. bindi*, 464 og manntöl frá 1703-1901 á http://manntal.is/.
[6] *Íslenzkt Fornbréfasafn III*, 375.
[7] Björn Lárusson (1967), 240.
[8] Björn Lárusson (1967), 240.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Örlygsstaðir | 1708 [9] | Bændaeign (2 eig.) | 16 hndr | 80 álnir | 2 (áður 3) |
| Örlygsstaðir | 1847 [10] | Bændaeign (1 eig.) | 16 hndr | 80 álnir | 1 |
| (mat hreppstjóra) | 1847 [11] | Bændaeign | - | - | 2 |
| Örlygsstaðir | 1861 [12] | - | 16,3 hndr | - | - |

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá 1708 eru engjar sagðar litlar og þeim og túnum grandi snjóleysingar undan stórri snjófönn sem liggur ofan túnsins fram á sumar. Um hlunnindi segir að torfrista og stunga sé næg til húsa og heyja og móskurður hafi verið til eldiviðar „meinast vera en brúkast ei“. Lyngrif var til eldiviðar en lítil hlunnindi voru af reka „og hefur leiguliði það eina af rekanum (ef nokkuð ber á fjöruna), sem lög leyfa, og ekki framar.“ Um heimræði segir að þegar ábúandi hefur átt skip hefur lending verið á svonefndum Naustavöllum sem einnig er nefnd Króksmöl. Þess er jafnframt getið að „heimræði halda menn hjer hafi áður verið, og hafa það til þess, að hjer eru forn skipsnaust við sjóinn og þar á að heita lendingin fyrir framan.“[13]

Ábúð

Þegar manntal var tekið á Íslandi árið 1703 voru 5 skráðir til heimilis að Örlygsstöðum (þar ritað Orlogastöðum). Flestir voru skráðir til heimilis 1845 eða 13 manns og var þá tvíbýli á jörðinni.[14]

Örlygsstaðasel

Í sóknarlýsingu Hofsprestakalls frá 1840 eru nefndir Bakkabæir: Örlygsstaðir, Kurfur, Hróarsstaðir og Krókur og sagðir „nánast allir samfastir og eiga mikið land og selstöður upp til heiðarinnar“ er það elsta heimild er getur Örlygsstaðasels.[15] Ábúenda er fyrst getið í Örlygsstaðaseli í manntali 1840.[16] Frá 1850 til 1900 virðist vera tvíbýli á selinu og það ár eru flestir skráðir til heimilis þar eða alls 8 manns.[17] Í örnefnaskrá er talað um Efra- og Neðra-Örlygsstaðasel en bæði sögð í eyði.[18] Í svörum Sigurðar Björnssonar við spurningum um örnefnaskrá í Kurfs frá 1985 kemur fram að búið hafi verið í Örlygsstaðaseli fram yfir 1920 en Sigurður minnist ekki á að um tvo bæi hafi verið að ræða.

---

[9] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII,* 441.
[10] *Jarðatal á Íslandi,* 245.
[11] *Jarðatal á Íslandi,* 245.
[12] *Ný jarðabók,* 90.
[13] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, VIII. bindi, 465.
[14] *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*, www.manntal.is, skoðað 12.06.2010.
[15] *Sýslu- og sóknarlýsingar I. bindi,* 167.
[16] *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*, www.manntal.is, skoðað 12.06.2010.
[17] Sama heimild.
[18] Örnefnaskrá Örlygsstaða, skráð eftir Sigurði Björnssyni; einnig athugasemdir Sigurðar Björnssonar við örnefnaskrá Kurfs, dags. 18. mars 1985. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

## *Fornleifaskrá*



*Mynd 2, túnakort af Örlygsstöðum frá því um 1920 lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni. Á teikningunni eru aðeins sýndar þær minjar sem koma fyrir á upprunalega túnakortinu þótt fleiri hafi fundist í túninu. Örin uppi í hægra horninu sýnir rétt áttahorf.*

**Örlygsstaðir - 1**
**Sérheiti**: Örlygsstaðir
**Hlutverk**: Bæjarhóll
**Tegund**: Hóll
**Staðhættir**
Íbúðarhús steypt árið 1913 stendur enn á Örlygsstöðum, þar sem torfbærinn stóð áður og bæjarhóllinn greinilegur norðvestur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Grjóthlaðinn kantur sést um 12m norðaustur af íbúðarhúsinu og aflíðandi hóll frá honum til suðvesturs um 20m vestur af norður gafli hússins.
**Aðrar upplýsingar**
Athugasemd Rafns Sigurbjörnssonar: „Þessi kantur var hlaðinn 1955 af Birni og Rafni Sigurbjörnssonum. Grjótið var tekið í svokölluðum Kanti sem er nú tún sunnan við fjárhúsin á Örlygsstöðum II. Þetta var grýtt holt sem þá var tekið til ræktunar og grjótið flutt á þennan stað með Lanz Alldog dráttarvél. Grjótið var einnig notað í púkk undir geymsluna sem þarna stendur. Þar sem suðurendi geymslunnar er, var áður hús úr torfi og grjóti með timburstafni sem var kallað Smiðjan. Það mun hafa verið geymsla og smíðahús þar sem m.a. voru smíðaðir bátar.
Í bókinni Föðurtún eftir Pál V. G. Kolka segir að íbúðarhúsið á Örlygsstöðum hafi verið fyrsta húsið á Íslandi sem byggt var með tvöföldum steinsteypuveggjum og tróði á milli eftir fyrirsögn Guðmundar Hannessonar prófessors. Þá var húsið með flötu þaki með tjörupappa og torfi. Inngangur í húsið var upp tröppur inn á efri hæðina á svipuðum stað og inngangurinn er núna inn á neðri hæðina. Einnig var steyptur skúr sunnan við húsið og gengið úr honum inn í eldhúsið.  Ris var sett á húsið um miðja síðustu öld og inngangi breytt Árið 1999 var húsið klætt að utan með bárujárni.“ (RS1).

**Örlygsstaðir – 2**
**Sérheiti**: Örlygsstaðir
**Hlutverk**: Fjós
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Íbúðarhús steypt árið 1913 stendur enn á Örlygsstöðum á sama stað og gamli bærinn forðum. Áfast gamla torfbænum að norðan var fjós samkvæmt túnakorti.

**Lýsing**
Grjóthlaðinn kantur sést um 12m norðaustur af íbúðarhúsinu og aflíðandi hóll frá honum til suðvesturs um 20m vestur af norður gafli hússins. Hugsanlega eru þetta leifar fjóssins eða eldri torfbæjar sem þarna hefur staðið.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Árið 1914 var byggt fjós og hlaða úr steinsteypu áfast við íbúðarhúsið að norðan. Fjósið var fyrir 5 kýr. Einnig var byggt haughús úr torfi og grjóti og þvaggryfja vestan við fjósið. Þvaggryfjan var úr steinsteypu, veggir gólf og plata yfir. Síðar voru steyptar tvær votheysgryfjur norðan við hlöðuna og geymsla úr blönduðu efni norðan við fjósið. Vestan við haughúsið og þvaggryfjuna var skarð í uppfyllinguna sem er þar núna. Jarðvegshæð var þar um 1,5 m lægri en nú er. Þar var ekið með flutningatæki, lengst af hestakerru, þegar haughúsið og þvaggryfjan voru tæmd. Þvaggryfjan var tæmd með þeim hætti að þvaginu var ausið með fötu í sérstaka ámu sem sett var á hestakerru. Þegar komið var á túnið var loka aftan á ámunni opnuð og bunan lenti á spjaldi sem dreifði vel úr. Það spratt alltaf vel þar sem þvaginu var dreift. Þessar byggingar voru allar rifnar þegar íbúðarhúsið var klætt árið 1999, nema þvaggryfjan. Hún stendur enn.“ (RS1).

**Örlygsstaðir - 3**
**Hlutverk**: Matjurtagarður (kálgarður)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var kálgarður til vesturs frá suðvesturhorni hússins. Þarna er trjá- og blómagarður í dag en engin garðlög greinanleg, svolítill bakki er þó að norðanverðu innan núverandi garðs og gæti það hafa verið útbrún gamla matjurtagarðsins.
**Aðrar upplýsingar**
Rafn Sigurbjörnsson bóndi á Örlygsstöðum man eftir matjurtagarði í notkun á þessum stað um 1950 (munnleg heimild, 2.7.2009).



*Mynd 3, horft heim að Örlygsstöðum I, íbúðarhúsið stendur á svipuðum slóðum og gamli bærinn stóð áður og garðurinn framan (vestan) við húsið er enn að hluta til nýttur undir matjurtir eins og sést á þessari mynd.*

**Örlygsstaðir - 4**
**Hlutverk**: Skrúðgarður (Blómagarður)
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var blómagarður austan við húsið (b. 1913).
**Lýsing**
Garðurinn er enn til staðar austan við gamla íbúðarhúsið, um 10x10m á kant. Grjóthlaðinn garður er meðfram honum að norðan, á bilinu 0,5-1m hár og um 1m breiður.


*Mynd 4, horft til austurs eftir garðlaginu nyrst við gamla blómagarðinn sem var austur af gamla bænum á Örlygsstöðum.*

**Örlygsstaðir - 5**
**Hlutverk**: Heimreið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur heimreiðin legið til austurs frá bænum (ANA sé kortið lagt yfir loftmynd), leifar þessarar heimreiðar fundust ekki á vettvangi sumarið 2009. Síðar hefur verið gerður akvegur nokkru sunnar og er hlið á túngarðinum þar sem sá afleggjari hefur legið útúr túninu og sér vel fyrir þessum vegi.


*Mynd 5, horft VNV heim að Örlygsstöðum I (lengst til vinstri) og Hlíð (til hægri). Eldri heimreið lá samkvæmt túnakorti norðan við þessa upp í gegnum skógræktarblettinn beint suður af íbúðarhúsinu í Hlíð.*

**Örlygsstaðir - 6**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa fjárhús staðið í túninu um 60m suður af bænum (SA séu áttahorfin leiðrétt).
**Lýsing**
Þarna er nú slétt tún og sáust engin merki um húsin á yfirborði í júlí 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Fjárhúsið var byggt árið 1906 úr rekaviði torfi og grjóti. Vesturhliðin (framhliðin) var timburklædd. Hlaða úr bárujárni á trégrind úr rekaviði var byggð við fjárhúsin árið 1942. Hvort tveggja var rifið og sléttað 1988 (munnleg heimild, Rafn Sigurbjörnsson, 2.7.2009).

**Örlygsstaðir - 7**
**Hlutverk**: Óþekkt/Útihús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa fjárhús staðið í túninu um 60m suður af bænum (SA séu áttahorfin leiðrétt) og lítill kofi suðaustur af fjárhúsunum.
**Lýsing**
Þarna er nú slétt tún og sáust engin merki um húsin á yfirborði í júlí 2009.

**Örlygsstaðir - 8**
**Hlutverk**: Hesthús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa hesthús staðið í túninu um 100m suður af bænum (SA séu áttahorfin leiðrétt).
**Lýsing**
Þarna er nú slétt tún og sáust engin merki um húsin á yfirborði í júlí 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Rafn Sigurbjörnsson bóndi á Örlygsstöðum man ekki eftir húsi á þessum stað (munnleg heimild, 2.7.2009).

**Örlygsstaðir - 9**
**Hlutverk**: Matjurtagarður (kálgarður)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar var kálgarður út við túnjaðarinn norðaustur af bæ á Örlygsstöðum. Hnit voru tekin með því að leggja túnakortið yfir loftmynd.
**Lýsing**
Þarna er nú afleggjari og plan fyrir ofan útihúsin sem eru samföst íbúðarhúsinu í Hlíð og engin merki um matjurtagarð greinanleg á yfirborði.

**Örlygsstaðir - 10**
**Hlutverk**: Túngarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar var torfhlaðinn túngarður með vír meðfram túninu að sunnan og austan, norður að kálgarðinum (nr. 9) en grjótgarður í framhaldinu til norðurs.
**Hættumat:** Girt hefur verið eftir garðlaginu að hluta og það hefur því þegar orðið fyrir raski.
**Lýsing**
Túngarðurinn er greinilegur meðfram gamla veginum sem liggur meðfram brekkufætinum ofan við bæina. Garðurinn er á víxl torf og grjóthlaðinn á bilinu 20-100sm hár og 60-120sm breiður og girt ofan á honum á köflum (sjá yfirlitsmynd í fylgiskjölum).
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Sunnan frá Dalalæk og norður fyrir grafreit, sem er í túninu, er torfgarður greinilegur en þá tekur við um 1 m hár grjótgarður á um 60 m kafla norður að gamla afleggjaranum heim að Örlygsstöðum. Farið er að hrynja úr garðinum á köflum. Norðan við afleggjarann tekur við torfgarður norður á móts við fjósið í Hlíð en þá aftur grjótgarður sem er alveg í vegarkantinum á gamla veginum, tæpur, 1 m á hæð. Þessi grjótgarður nær norður á móts við stóra hlöðu í Hlíð. Á smá kafla er þarna enginn túngarður en nokkru vestar byrjar öflugur torfgarður sem nær að Kurfsmerkjum og áfram í Kurfslandi sömu stefnu. Við suðurendann á þessum torfgarði fyrir ofan áðurnefnda hlöðu eru tóftarleifar. Þarna var íshús. Þar var blandað saman snjó úr brekkuskaflinum og salti til að kæla beitu. Þannig var hún geymd svo vikum skipti að sumrinu. Sunnan við þessi tóftarbrot er legstaður sem snýr frá norðri til suðurs. Sagt er að þar hafi verið jarðsettur Örlygur sem fyrstur bjó á Örlygsstöðum. Vestan við áðurnefnd tóftarbrot var allstór matjurtagarður um 1950.“ (RS1).

**Örlygsstaðir – 11**
**Hlutverk**: Nátthagi
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Nátthaginn stóð um 200m norðvestur af bæ á Örlygsstöðum, þar eru nú slétt tún og engin sýnileg merki um hann. Hnit voru tekin samkvæmt tilsögn Rafns Sigurbjörnssonar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Út og niður túnið heitir Þriggjadagasláttur. Þar nokkru neðar Nátthagi (Ö: 2). Í svörum við spurningum um örnefni á Örlygsstöðum segir Sigurður Björnsson nátthagann horfinn í tún (ÖSB: 2). Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Nátthaginn náði frá Kurfsmerkjum um 60 m til suðurs. Þar var skurður og torfgarður sem búið er að slétta úr. Austan við nátthagann var handgrafinn skurður og er enn. Vestan við nátthagann er alldjúpur vélgrafinn skurður. Nátthaginn er núna slétt tún.“ (RS1).

**Örlygsstaðir – 12**
**Sérheiti:** Gamlistekkur
**Hlutverk**: Stekkur
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Fjárhús byggð árið 1971 eru tæpa 100m suður af íbúðarhúsinu á Örlygsstöðum 2. Engin ummerki um meintan stekk sáust á vettvangi enda stekkurinn sagður hafa horfið undir bygginguna (sbr. ÖSB: 2).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Sunnan við túnið fellur Dalalækur. Þar rétt sunnan við er Gamlistekkur […]“ (Ö: 2). Í svörum Sigurðar Björnssonar við örnefnaskránni kemur fram að búið sé steypa fjárhús þar sem Gamlistekkur stóð (ÖSB: 2).

**Örlygsstaðir – 13**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Dæld
**Staðhættir og lýsing**
Fjárhús byggð árið 1971 eru tæpa 100m suður af íbúðarhúsinu á Örlygsstöðum 2. Í túninu um 14m vestur af norðvesturhorni þeirra er dæld, um 20sm djúp og um 2m á kant.
**Aðrar upplýsingar**
Vestan við núverandi fjárhús stóðu fjárhús úr torfi og grjóti sem rifin voru árið 1985 (munnleg heimild, Rafn Sigurbjörnsson, 2.7.2009).

**Örlygsstaðir – 14**
**Hlutverk**: Hesthús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni stóð hesthús úr torfi og grjóti við horn heimreiðarinnar þar sem hún beygir til norðurs að íbúðarhúsi hans á Örlygsstöðum 2 (munnleg heimild 2.7.2009).
**Lýsing**
Þarna er nú bílastæði og vegur og því engar minjar sýnilegar á yfirborði.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Rafni féll þekja hússins í óveðri árið 1963 og var ekki endurreist (munnleg heimild 2.7.2009).

**Örlygsstaðir – 15**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Undir brekkunni, um 90m suðaustur af fjárhúsunum á Örlygsstöðum 2 er lítil tóft, að hluta undir að því er virðist manngerðum hól eða þúst (nr. 16).
**Lýsing**
Tóftin snýr austur- vestur og það sem sést af henni er um 7x7m að ummáli, veggirnir grónir grasi og mosa, um 20-30sm háir.




**Örlygsstaðir – 16**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Undir brekkunni, um 90m suðaustur af fjárhúsunum á Örlygsstöðum 2 er lítil tóft (nr. 15), að hluta undir að því er virðist manngerðum hól eða þúst (nr. 16).
**Lýsing**
Þústin virðist að hluta til eða öllu leiti ofan á eldri tóft (nr. 15). Hún er um 5m á kant og 80-100sm hærri en umhverfið, hálfþýfð og gróin grasi og mosa.

**Örlygsstaðir – 17**
**Sérheiti:** Nýistekkur
**Hlutverk**: Stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Gömul stekkjartóft frá Örlygsstöðum er suður við merki Hofs, undir Brekknabrekku um 45m austan gamla vegarins.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega suðvestur/norðaustur, lítil rétt að sunnan með hlið út til norðvesturs og lambakró að norðan að því er virðist með hlið til suðvesturs. Tóftarveggir eru grónir grasi og mosa, um 30-60sm háir og sér í grjót á nokkrum stöðum.




**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Sunnan við túnið fellur Dalalækur. Þar rétt sunnan við er Gamlistekkur, en neðan við Hábrekkuhorn, sem er syðst á Brekknabrekku, er Nýistekkur.“ (Ö: 2).

**Örlygsstaðir – 18**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Gömul stekkjartóft frá Örlygsstöðum er suður við merki Hofs, undir Brekknabrekku um 45m austan vegar. Suðvestan við hana um 7m frá gamla veginum heim að bæjunum undir Brekkunni er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá suðvestri til norðausturs, um 10x6m að ummáli, veggir eru grasi grónir og 30-40sm háir.




**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Sunnan við túnið fellur Dalalækur. Þar rétt sunnan við er Gamlistekkur, en neðan við Hábrekkuhorn, sem er syðst á Brekknabrekku, er Nýistekkur.“ (Ö: 2).

**Örlygsstaðir – 19**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Um 600m suðvestur af bæ á Örlygsstöðum 2 eru mógrafir norðan við læk sem rennur þar til sjávar í litla vík, svonefnda Stekkjarvík sbr. örnefnaskrá (Ö: 1).
**Lýsing**
Mógröfin er tekinn inní bakkann norðan og norðvestan lækjarins, grafirnar eru algrónar á bilinu 60-100sm djúpar og alls um 500m$^2$.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók frá árinu 1708 segir að móskurður hafi verið en sé ekki lengur (JÁM VIII: 465).

**Örlygsstaðir – 20**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Um 600m suðvestur af bæ á Örlygsstöðum 2 eru mógrafir norðan við læk sem rennur þar til sjávar í svonefnda Stekkjarvík (Ö: 1) útfrá mógröfunum gengur garðlag til vesturs að sjávarbakkanum.
**Hættumat**
Garðlagið stendur á sjávarbakka og er í hættu vegna landbrots, hluti þess virðist þegar hafa brotnað fram af bakkanum að vestan.
**Lýsing**
Garðlagið er algróið grasi, 15m langt og um 150sm breitt og 40-80sm hátt.

**Örlygsstaðir – 21**
**Hlutverk**: Óþekkt/mókofi
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða kemur fram að norðan við Merkivík sem er suðvestarlega í landi Örlygsstaða hafi heitið Stekkjartangi og Stekkjarvík þar fyrir norðan (Ö: 1). Sunnan við læk sem rennur til sjávar norðan við Stekkjartanga er lítil tóft.



**Hættumat:** Minjarnar eru á háum bakka út við sjó og hafa þegar orðið fyrir skemmdum af völdum landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá austri til vesturs og engar dyr greinanlegar á henni. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og um 1m breiðir, algrónir grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Norðan lækjarins eru mógrafir og líklega er hér um mókofa að ræða.

**Örlygsstaðir – 22**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni voru mógrafir við Markvík sem nú eru horfnar undir tún (munnleg heimild 2.7.2009).

**Örlygsstaðir – 23**
**Sérheiti:** Markvík/Merkivík
**Hlutverk**: Siglingamerki
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Markvík er vík norðan við Fornmannaklöpp suðvestast í landi Örlygsstaða, þar voru lendingamerki (Ö: 1).
**Lýsing**
Engin siglingamerki fundust í Markvík sumarið 2009, en þar eru slétt tún nánast fram að sjávarbakkanum.
**Aðrar upplýsingar**
Hnitpunktur var tekinn af loftmynd samkvæmt lýsingu og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju á honum.

**Örlygsstaðir – 24**
**Sérheiti:** Stekkjartangi
**Hlutverk**: Stekkur
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða kemur fram að norðan við Merkivík sem er suðvestarlega í landi Örlygsstaða hafi heitið Stekkjartangi og Stekkjarvík þar fyrir norðan (Ö: 1). Varla er hægt að tala um tanga á þessum stað en þó skagar landið örlítið út til sjávar. Samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni brotnaði stekkjartóftin í sjó fram fyrir um 15-20 árum (munnleg heimild, 2.7.2009).
**Aðrar upplýsingar**
Hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt tilsögn Rafns og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Örlygsstaðir – 25**
**Hlutverk**: Legstaður/Þjóðsagnastaður
**Tegund**: Haugur/hleðsla
**Staðhættir**
Aflöng þúfa er við horn túngarðsins þar sem hann beygir til til norðvesturs og aftur til norðurs austan við hlöðuna í Hlíð, um 75m suðaustur af íbúðarhúsinu í Kurfi.

**Lýsing**
Þúfan var illgreinanleg á vettvangi í háu grasi sumarið 2009, en fannst með aðstoð Rafns Sigurbjörnssonar. Þúfan virðist vera um 2,5m löng og um 1m breið og 20-30sm hærri en umhverfið.
**Aðrar upplýsingar**
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Í út- og upptúninu er löng þúfa, sem talin er vera leiði Örlygs (Ormlaugs) þess, er jörðin er við kennd.“ (Ö: 2). Í athugasemdum við fornleifaskrá segir Rafn Sigurbjörnsson: „Á smá kafla er enginn túngarður austan við stóru hlöðuna í Hlíð en þar byrjar öflugur torfgarður sem nær að Kurfsmerkjum og áfram í Kurfslandi sömu stefnu. Við suðurendann á þessum torfgarði fyrir ofan áðurnefnda hlöðu eru tóftarleifar. Þarna var íshús. Þar var blandað saman snjó úr brekkuskaflinum og salti til að kæla beitu. Sunnan við þessi tóftarbrot er legstaður sem snýr frá norðri til suðurs. Sagt er að þar hafi verið jarðsettur Örlygur sem fyrstur bjó á Örlygsstöðum og jörðin er kennd við.“ (RS1).

**Örlygsstaðir – 26**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Óljós tóft er við hornið á túngarðinum þar sem hann beygir til norðurs austan við hlöðuna suðaustur af íbúðarhúsinu í Kurfi.
**Lýsing**
Tóftin er með um 1 m háum veggjum og dyr að austan. Hún hefur að hluta til verið fyllt upp með jarðvegi úr matjurtagarðinum sem var vestan við tóftina. (RS1).

**Örlygsstaðir – 27**
**Hlutverk**: Lending
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður ræður að Brekknabrekku.“ (ÖS: 1). Samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni var lending við Bræður (munnleg heimild 2.7.2009).
**Aðrar upplýsingar**
Þar var eitt hús, geymsla og fiskverkunarhús úr timbri, farið í sjó (munnleg heimild, Rafn Sigurbjörnsson, 2.7.2009).



*Mynd 6, Kvíagata (ber við grafreit á myndinni). Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 28**
**Sérheiti:** Kvíagata
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „**Kvíagata:** Liggur á ská til norðurs upp Brekkuna fyrir austan bæinn í Hlíð. Gatan hefur myndast af margra alda umferð búfjár og manna.“ (RS 2012, 18).

(Örlygsstaðir 29 eru landamerki, sjá kafla um landamerki síðar í skýrslu.)

**Örlygsstaðir – 30**
**Hlutverk**: Jarðræktarsvæði
**Tegund**: Beðasléttur
**Staðhættir og lýsing**
Vestan við fjárhúsin í Hlíð sér móta fyrir beðasléttum í túninu, þrír samsíða hryggir sem liggja frá austri til vesturs, um 9m breiðir og 40m langir.

**Örlygsstaðir – 31**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Upp á brún Brekknabrekku um 170m ofan við bæ í Hlíð er lítil hleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er 20-30sm há og um 150sm löng frá norðri til suðurs og um 1m breið.

**Örlygsstaðir – 32**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Upp á brekkubrúninni skammt vestur af vegkantinum er hleðsla, rétt norðan við landamerkjagirðingu Hlíðar og Örlygsstaða.
**Lýsing**
Hleðslan er 30-50sm há, hún er næsta hringlaga, um 4m í þvermál. Hleðslan sjálf er ógróin en upp að henni er lyng og gras.

**Örlygsstaðir – 33**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Tvær hleðslur eru við vesturjaðar túns sem er austan Skagavegar. Norðari hleðslan er um 250m ASA af fjárhúsunum á Örlygsstöðum 2.
**Lýsing**
Hleðslan er um 60-70sm há og um 2m löng frá norðaustri til suðvesturs en um 1m breið, ógróin en gras umhverfis.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Þarna var skjól fyrir smala og skepnur“ (RS1)

**Örlygsstaðir – 34**
**Hlutverk**: Byrgi
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Tvær hleðslur eru við vesturjaðar túns austan Skagavegar. Syðri hleðslan er um 50m SSV en hin (nr. 33).
**Lýsing**
Hleðslan er um 4,5m löng og nokkuð stæðileg um miðjuna allt að 1m há en lægri til endanna.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Þarna var skjól fyrir smala og skepnur“ (RS1)



*Mynd 7, smalakofi (nr. 35) austan Skagavegar í landi Örlygsstaða 2. Horft til norðausturs, hleðsla (nr 34) sést í baksýn til vinstri á myndinni.*

**Örlygsstaðir – 35**
**Hlutverk**: Óþekkt (smalakofi)
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 13m austan Skagavegar og um 235m suðaustur af fjárhúsunum á Örlygsstöðum 2 eru leifar grjóthlaðinnar tóftar, hugsanlega smalakofa eða leikstað barna.
**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðinn og töluvert hrunin, veggir eru ógrónir á bilinu 20-40sm háir og 50-80sm breiðir. Tóftin er með dyr til suðvestur og aðrar til norðausturs.



*Mynd 8, smalakofi (nr. 35) austan Skagavegar í landi Örlygsstaða 2. Horft til norðausturs, hleðsla (nr. 34) sést í baksýn til vinstri á myndinni.*

## *Örlygsstaðasel*






*Mynd 9, horft til norðvesturs yfir tóft (nr. 36) á suðurbakka Sellækjar/Hestlækjar við mynni Húsadals, hugsanlega leifar sels frá Örlygsstöðum. Handan lækjarins sjást tóftir (nr. 37-39) auk hugsanlegs bæjarhóls Efra-Örlygsstaðasels (nr. 40). Í baksýn ofarlega fyrir miðri mynd eru hugsanlegar leifar Neðra-Örlygsstaðasels (nr. 44 og 55) auk kvía (nr. 52) og síðari tíma beitarhúsa frá Örlygsstöðum (nr 49).*

**Örlygsstaðir – 36**
**Sérheiti:** Efra- Örlygsstaðasel?
**Hlutverk**: Óþekkt/sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Hugsanleg seltóft er á suðurbakka Sellækjar í mynni svonefnds Húsadals.
**Lýsing**
Tóftin er þrí- eða fjórskipt, að norðan eru tvö aðskilin hólf, það vestara með dyr út til vesturs en hitt ekki með greinanlegum dyrum. Þriðja hólfið er að sunnan hugsanlega tvískipt með dyr til norðvesturs (sjá yfirlitsteikningu hér að framan). Veggir eru nokkuð þýfðir, grónir grasi og mosa, 30-50sm háir og á bilinu 1-2m að breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Fyrr voru selin tvö Efra- og Neðra- sel, en nú bæði í eyði.“ (Ö: 3).

**Örlygsstaðir – 37**
**Sérheiti:** Efra- Örlygsstaðasel?
**Hlutverk**: Óþekkt/sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Hugsanleg seltóft er norðan Sellækjar við mynni Húsadals gegnt annarri mögulegri seltóft (nr. 36).
**Lýsing**
Tóftin er fjórskipt, þrjú samsíða hólf eða tóftir frá austri til vesturs, með dyrum til suðurs út úr þeim sem eru á endanum en engar greinanlegar dyr eru á miðju tóftunum. Að suðvestan er líkt og áföst tóft að norðvestan með dyr til vesturs. Veggirnir eru sokknir og óljósir en hólfið að norðvestan stendur nokkuð hærra og er greinilegra og kann að hafa verið haldið við lengur eða byggt seinna en hinir hlutar byggingarinnar. Veggir eru á bilinu 10-30sm háir og 1-1,5m breiðir algrónir grasi og mosa.

**Örlygsstaðir – 38**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Norðan Sellækjar um 5m vestan meintrar seltóftar (nr. 37) eru leifar fjárhúss.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, að því er virðist garðahús með dyr til suðurs, en suðurveggur virðist hafa hrunið undan hallanum til suðurs. Veggir eru algrónir grasi og mosa, að hluta hlaupnir í þúfur, á bilinu 20-50sm háir og um 1-1,5m breiðir.

**Örlygsstaðir – 39**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Norðan Sellækjar um 10m vestan meintrar fjárhús tófta (nr. 38).
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er afar óljós en virðist hafa verið tvískipt. Austurhluti hennar er byggður uppí brekkuna og er útbrún veggjar þar óljós. Veggir eru grasi, mosa og lyngi grónir á bilinu 10-30sm háir og um 1,5m breiðir.

**Örlygsstaðir – 40**
**Hlutverk**: Óþekkt/rétt
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Norðan Sellækjar um 20m vestan við tóft (nr. 38) er ferhyrnd tóftamyndun á nokkurri upphækkun eða tóftahól.
**Lýsing**
Tóftin virðist ferhyrnd um 11x12m að ummáli, veggir eru að hluta hrundir og nokkuð þýfðir, um 2m breiðir og 20-40sm háir algrónir grasi. Tóftirnar eru gróskumiklar en veggir óljósir og því ekki ljóst hvernig innrafyrirkomulag hennar hefur verið.
**Aðrar upplýsingar**
Garðlagið stendur töluvert hærra en umhverfið og svo virðist sem það sé byggt á eldri minjum.

**Örlygsstaðir – 41**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Suður undan meintri rétt (nr. 40) fyrir minni Húsadals er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er einföld og liggur norðvestur-suðaustur með dyr til suðausturs. Veggir eru grónir grasi og mosa, um 20-40sm háir og 1-2m breiðir.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin gæti tengst eldri minjum undir nr. 40.

**Örlygsstaðir – 42**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Um 11m norðvestur af meintri rétt (nr. 40) fyrir mynni Húsadals er ferhyrnd tóft.
**Lýsing**
Tóftin er um 7m á kant og snýr NV-SA eða NA-SV. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir grónir grasi og mosa.

**Örlygsstaðir – 43**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Garðlag nær frá minni Húsadals og þvert yfir hólmann milli Fossár og Sellækjar.
**Lýsing**
Garðlagið sést á um 27m löngum kafla þar sem það liggur til vesturs yfir Sellæk frá tóftum nr. 40 og 41. Þar er það á norðurbarmi skurðar sem grafinn hefur verið til vesturs yfir votlendið að næsta læk þar sem skurðurinn beygir til norðvesturs. Garðlag sést svo aftur á köflum þar sem það liggur til norðvesturs meðfram læknum á um 130 kafla, þar beygir það til norðausturs í sveig fyrir melhól að Fossá. Garðlagið er grasi gróið, víðast hvar um 1m breidd og á bilinu 10-50sm hátt, hæst að norðan og norðvestan milli Sellækjar og Fossár.



*Mynd 10, horft til vesturs eftir garðlagi (nr. 43) meðfram Sellæk/Hestlæk við Örlygsstaðasel.*




**Örlygsstaðir – 44**
**Sérheiti:** Neðra- Örlygsstaðasel
**Hlutverk**: Óþekkt/sel
**Tegund**: Tóft/bæjarhóll
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Á nesinu er fjöldi tófta og meðal annars líklegar sel- eða bæjarhóll á suðvestanverðu nesinu.
**Lýsing**
Rústirnar liggja þvert á nesið suðvestur-norðaustur. Meðfram norðvesturhliðinni er niðurgrafin lítil tóft, en innra fyrirkomulag tófta á hólnum er annars óljóst. Rústahóllinn er gróskumikill og óljósar þústir og dældir í miðju. Að norðaustan er heillegri og að því er virðist yngri tóft (nr. 45) ofan á rústunum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Fyrr voru selin tvö Efra- og Neðra- sel, en nú bæði í eyði.“ (Ö: 3).




*Mynd 11, horft til norðvesturs yfir tóftir sels/bæjar í Örlygsstaðaseli (Neðra-Örlygsstaðaseli) lengst til vinstri á myndinni og tveggja útihúsa ofar í brekkunni*

**Örlygsstaðir – 45**
**Sérheiti:** Neðra- Örlygsstaðasel
**Hlutverk**: Óþekkt/sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Örlygsstaðasel er um 4km norðaustur af bæ á Örlygsstöðum, á nesi suðaustur af Hólmanum milli Fossár og Sellækjar (Hestlækjar) (Ö: 3-4). Á nesinu er fjöldi tófta og meðal annars ein líkleg seltóftir eða bæjartóft (nr. 44) norðaustast á henni er greinilegri og að því er virðist yngri tóft (nr. 45).
**Lýsing**
Tóftin snýr eins og rústahóllinn (nr. 44) norðaustur-suðvestur og er hún með dyr til suðvesturs. Tóftin er ögn niðurgrafin, veggir á bilinu 20-90sm háir og um 1m breiðir, algrónir grasi (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).

**Örlygsstaðir – 46**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Um 2m austur af sel-/ bæjarrústunum í Örlygsstaðaseli (Neðra-Örlygsstaðaseli) er lítil ferhyrnd tóft sem snýr eins og áðurnefndar rústir í norðaustur/suðvesturs. Hún er með dyr til suðvesturs (sjá yfirlitsteikningu hér að framan), um 5x4m á kant (NA-SV). Veggir eru á bilinu 40-50sm háir, algrónir grasi og mosa.

**Örlygsstaðir – 47**
**Hlutverk**: Óþekkt/öskuhóll
**Tegund**: Hóll
**Staðhættir og lýsing**
Um 3m suðaustur af sel-/ bæjarrústunum í Örlygsstaðaseli (Neðra-Örlygsstaðaseli) er aflangur lítill hóll, um 6x5m (NA-SV), mest um 1m hár undan brekkunni til suðurs, en um 20sm hár að norðan. Hugsanlega öskuhóll frá bænum/selinu (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).

**Örlygsstaðir – 48**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Milli sel-/ eða bæjarrústa í Örlygsstaðaseli (Neðra-Örlygsstaðaseli) og beitarhúsa (nr. 49). Er ógreinileg lítil tóft. Veggir eru mjög sokknir á bilinu 10-20sm háir og 1-1,5m breiðir, grónir grasi og mosa. Dyr gætu hafa verið til suðausturs út úr tóftinni en það er þó óljóst (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).



*Mynd 12, horft til vesturs yfir fjárhústóftir (nr. 49) í Örlygsstaðaseli.*

**Örlygsstaðir – 49**
**Hlutverk**: Fjárhús/beitarhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 13m norðaustur af sel- bæjarrústunum í Örlygsstaðaseli (Neðra-Örlygsstaðaseli) eru tóftir fjárhúss, líklega tvístæð garðahús með hlöðu.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega norðaustur-suðvestur og hafa dyrnar snúið til norðvesturs útúr sjálfum fjárhúsunum en líklega að sunnan inní hlöðuna. Veggir standa að hluta grónir en víða sér í grjót og sumstaðar í torfhleðslur, veggirnir eru á bilinu 0,5-1m háir og 1-1,5m breiðir (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).

**Örlygsstaðir – 50**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Dæld
**Staðhættir og lýsing**
Um 5m austur af fjárhúsunum (nr. 49) eru tvær dældir og gróðurskil. Norðari dældin er um 10sm djúp og 4,5x2m að ummáli (N-S) og sú syðri um 3m á kant (sjá yfirlitsteikningu hér að framan). Dældirnar eru grænni en umhverfið og skera sig nokkuð úr. Hugsanlega eru þarna leifar af byggingu af einhverju tagi.

**Örlygsstaðir – 51**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Um 5m austur af fjárhúsunum (nr. 49) eru tvær dældir (nr. 50), rúmum 7m austur af syðri dældinni er önnur ámóta dæld (nr. 51) (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan). Dældin er líkt og

hinar grænni en umhverfið og um 10sm djúp. Hugsanlega er þarna að finna mannvirki af einhverju tagi.

**Örlygsstaðir – 52**
**Hlutverk**: Óþekkt/kvíar
**Tegund**: Dæld
**Staðhættir**
Tæpa 40m austur af fjárhúsunum (nr. 49) í Örlygsstaðaseli er aflöng tóft og liggur girðingin, sem nær umhverfis gamla túnstæðið á selinu, eftir vesturvegg tóftarinnar.
**Hættumat:** Minjarnar hafa þegar orðið fyrir raski, þar sem girt hefur verið ofan á tóftarveggnum.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá norðri til suðurs með dyr eða hlið til suðurs (sjá yfirlitsteikningu hér að framan). Veggir eru um 50sm háir 1-1,5m breiðir, algrónir grasi og mosa.



*Mynd 13, horft til suðurs yfir tóft (nr. 52) líklega leifar kvía frá Örlygsstaðaseli.*

**Örlygsstaðir – 53**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Jarðræktarsvæði
**Staðhættir og lýsing**
Um 23m suðaustur af fjárhúsunum (nr. 49) er sléttur flötur innan um smáþýfi sunnan undir brekkunni. Flöturinn er um 18m langur og tæplega 7m breiður, hugsanlega matjurtagarður (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).




**Örlygsstaðir – 54**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 160m til norðausturs upp frá tóftum (Neðra-) Örlygsstaðasels (nr. 44) er lítil tóft á brekkubrún ofan við grónar áreyrar Fossár, suðvestan við þurrt lækjardrag.
**Lýsing**
Tóftin er illgreinanleg, veggir rofnir á köflum en annars þýfðir og grónir grasi og mosa, um 20-40sm háir og 1-2m breiðir (sjá mynd hér til hliðar).

**Örlygsstaðir – 55**
**Sérheiti:** Örlygsstaðasel?
**Hlutverk**: Óþekkt/híbýli
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Norðvestarlega á nesinu suðaustur af Hólmanum milli Fossár og Sellækjar/Hestlækjar, nánar tiltekið 17m norðvestur af tóft nr. 44 er stæðileg tóft.

**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá norðvestri til suðausturs fjór- eða fimmskipt. Inngangur er að suðaustan fyrir miðju inní opið rými og inn af því er annað álíka stórt. Í miðjunni er svolítill hryggur, annað hvort hrun úr þaki eða jafnvel garði. Nyrst eru tvö hólf eða tóftir og innangengt á milli og dyr út úr vestari hlutanum til norðvesturs. Veggir eru á bilinu 50-110sm háir og allt að 2m breiðir. Víða sér í torf- og grjóthleðslur en tóftin er þó að stærstum hluta grasi gróin (sjá yfirlitsteikningu hér að ofan).
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega eru þetta leifar síðasta bæjarins í Örlygsstaðaseli, en þar sem búið fram yfir 1920 samkvæmt örnefnaskrá (ÖSB: 1).

**Örlygsstaðir – 56**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 10m ofan (norðaustan) við hugsanlega bæjartóft í Örlygsstaðaseli (nr. 55) er óljós lítil tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er sokkin og óljós um 7x8m að ummáli. Veggir eru um 10sm háir, ávalir og algrónir grasi og mosa (sjá yfirlitsteikningu hér að framan).
**Aðrar upplýsingar**
Norðan við tóftina efst á melnum eru leifar hleðslu undan girðingu sem liggja eftir melnum nálega norðvestur-suðaustur.

**Örlygsstaðir – 57**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 20m norðvestan við hugsanlega bæjartóft í Örlygsstaðaseli (nr. 55) er stór fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er um 16x12m að ummáli, líklega þrístæð fjárhús með heytóft. Dyr hafa verið til suðvesturs útúr fjárhúsunum og að því er virðist einnig eftir görðunum í heytóftina að norðaustan. Veggir eru á bilinu 90-110sm háir og 1-1,5m breiðir í fjárhúsunum og mikið grjót í innveggjum. Í heytóftinni eru veggir hins vegar einungis úr torfi um 40sm háir og 80sm breiðir (sjá yfirlitsteikningu hér að framan).

**Örlygsstaðir – 58**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla (grjóthrúga)
**Staðhættir og lýsing**
Tæpa 8m norður af fjárhúsunum (nr. 57) í Örlygsstaðaseli er hrunin hleðsla eða grjóthrúga. Hún er hálfsokkin og gróin, um 10sm há um 2m löng frá norðvestri til suðausturs og 1m breið.

**Örlygsstaðir – 59**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla (grjóthrúga)
**Staðhættir og lýsing**
Tæpa 8m norður af fjárhúsunum (nr. 57) í Örlygsstaðaseli er hrunin hleðsla eða grjóthrúga (nr. 58), önnur ámóta um 5m vestur af henni en heldur stærri (nr. 59). Hleðslan/hrúgan er næsta hringlaga um 3m í þvermál, á bilinu 20-30sm hærri en umhverfið.


*Mynd 14, horft til norðvesturs yfir hleðslur (nr. 58-60) norðan fjárhúsanna (nr. 57).*

**Örlygsstaðir – 60**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla (grjóthrúga)
**Staðhættir og lýsing**
Tæpa 8m norður af fjárhúsunum (nr. 57) í Örlygsstaðaseli er hrunin hleðsla eða grjóthrúga (nr. 58), önnur ámóta er um 5m vestur af henni en heldur stærri (nr. 59), þriðja og nyrsta hleðslan/hrúgan (nr. 60) er tæpa 8m NNV af henni. Hún er sporöskjulaga (N-S) um 3,5x2,5m á kant og 30-40sm hærri en umhverfið.

**Örlygsstaðir – 61**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Norðvestan við þéttasta tóftasvæðið á nesinu milli Fossár og Sellækjar er afgirtur reitur í brekkunni.
**Lýsing**
Garðlagið er ferhyrnt, aflangt frá norðaustri til suðvesturs, um 20x10m á kant. Hlið virðist vera inní garðinn í norðausturhorni hans. Veggir eru algrónir grasi og mosa á bilinu 40-50sm háir og um 60sm breiðir.
**Aðrar upplýsingar**
Veggirnir eru of veigalitlir til að um gripheldi geti verið að ræða nema girt hafi verið ofan á torfveggjunum, líklega er um matjurtagarð eða eitthvað slíkt að ræða.




**Örlygsstaðir – 62**
**Hlutverk**: Óþekkt/vörslugarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Garðlag liggur milli vestasta og syðsta vatnsins af þremur svonefndum Selvötnum norðarlega í óskiptu landi Örlygsstaða og Hlíðar.
**Lýsing**
Garðlagið liggur í norðvestur-suðaustur þvert á milli vatna. Það er hlaupið í þúfur



*Mynd 15, horft til suðurs yfir garðlagið milli Selvatnanna.*

að mestu gróið og fellur vel inní umhverfið, en nokkuð stór rofakafli er þó í miðjunni. Hvergi sér í grjót eða heillegt torf. Garðlagið er á bilinu 30-70sm hátt og á bilinu 1-2,5m breitt.

**Aðrar upplýsingar**

Engar aðrar tóftir fundust þarna í nágrenninu, né önnur garðlög sem lokað gætu hinum sundunum milli vatnanna. Hugsanlega hefur svæðið milli vatnanna verið girt af og nýtt sem nátthagi eða eitthvað slíkt.

**Örlygsstaðir – 64**

**Sérheiti:** Sölvavarða

**Hlutverk**: Landamerki

**Tegund**: Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifa-skrá segir: „Vörðubrot á Grenshól: Norður 605736,261 Austur 442368,307. Stærð: Þvermál 150cm. Hæð 40 cm.“ (RS2, 10). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 16, Vörðubrot á Grenshól. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 65**

**Sérheiti:** Hornvarða

**Hlutverk**: Landamerki

**Tegund**: Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifa-skrá segir: ”Varða sunnarlega á Miðbrekkum: Norður 605931,800 Austur 442863,965. Varðan er hlaðin að hluta úr torfi. Stærð: Þvermál 150cm. Hæð 90cm.” (RS 2012, 10). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 17, Varða sunnarlega á Miðbrekkum. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 66**

**Hlutverk**: Óþekkt

**Tegund**: Varða

**Staðhættir og lýsing**

Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifa-skrá segir: ”Varða á Helluhól (Norðvesturhorn Moldáss). Norður 606822,954 Austur 443426,486. Stærð: Þvermál 100cm. Hæð 30cm.” (RS 2012, 11). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 18, Vörðubrot á Helluhól. Ljósm. RIR.*

**Örlygsstaðir – 67**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða á norðausturhorni Moldáss: Norður 606922,129 Austur 443846,409. Stærð: Þvermál 200cm. Hæð 200cm.“ (RS 2012, 11). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 19, Varða á norðausturhorni Moldáss. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 68**
**Sérheiti:** Miðbrekkuvarða
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Miðbrekkuvarða: Norður 607241,637 Austur 442573,239. Stærð: Þvermál 200cm. Hæð 180cm.“ (RS 2012, 12). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 20, Miðbrekkuvarða. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 69**
**Sérheiti:** Langalækjarvarða
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Langalækjarvarða: Norður 606941,133 Austur 441539,733.Varða sunnan við Langalæk skammt frá Fossá. Stærð: Þvermál 120cm. Hæð 130cm.“ (RS 2012, 13). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í september 2011.



*Mynd 21, Langalækjarvarða. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 70**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða vestan við Neðri-Kolluflóa: Norður 606433,593 Austur 441355,160 Stærð: Þvermál 200cm. Hæð 50cm.“ (RS 2012, 13). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 22, Varða vestan við Neðri-Kolluflóa. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 71**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða á Brunabrún gegnt Steinholti: Norður 604331.562 Austur 439412.524. Stærð: Flatarmál 200x100cm. Hæð 100cm. Við þessa vörðu sást örn snemma sumars 2010.“ (RS 2012, 14). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í júlí 2011.



*Mynd 23, Varða á Brunabrún. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 72**
**Sérheiti:** Urðarhornsvarða
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Urðarhornsvarða: Norður 605322.044 Austur 439651.294.Stærð: Flatarmál 500x90cm. Hæð 120cm.“ (RS 2012, 15). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í júlí 2011.



*Mynd 24, Urðarhornsvarða. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 73**
**Sérheiti:** Syðri Urðarhornsvarða
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Syðri Urðarhólsvarða: Norður 605424.550 Austur 440101.170. Stærð Þvermál 120cm. Hæð 50cm.“ (RS 2012, 15). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í júlí 2011.



*Mynd 25 Syðri Urðarhólsvarða. Ljósm. 2011.*

**Örlygsstaðir – 74**
**Sérheiti:** Norðari Urðarhornsvarða
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Norðari Urðarhólsvarða: Norður 605470.201 Austur 440075.489. Varðan er mikið hrunin. Stærð: Þvermál 200cm. Hæð 140cm." (RS 2012, 15). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í júlí 2011.


*Mynd 26, Norðari Urðarhólsvarða. Ljósm. RIR.*

**Örlygsstaðir – 75**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða á austari Gildruhól: Norður 603757.206 Austur 439137.659 Stærð: Þvermál 120cm. Hæð 60cm." (RS 2012, 15). Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.


*Mynd 27, Varða á austari Gildruhól . Ljósm. RIR.*

**Örlygsstaðir – 76**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða á vestari Gildruhól: Norður 603766.084 Austur 438956.290. Stærð: Þvermál 100cm. Hæð 90cm." (RS 2012, 15). Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í júlí 2011.


*Mynd 28, Varða á vestari Gildruhól. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 77**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Um 300m austur af bæ á Örlygsstöðum II eru mógrafir fast norðaustan við skurð sem liggur norðvestur-suðaustur ofan við Brekknabrekku.
**Lýsing**
Gröfin liggur samsíða skurðinum um 16x40m á kant, hún er algróin á bilinu 50-100sm djúp.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Vestan við mógrafirnar er svokallaður Mómelur. Þangað var mórinn fluttur til þerris. Rétt norðan við Mómel um 10 m austan við Skagaveg er móbyrgi. Þar var mónum hlaðið saman til geymslu og þakið yfir með torfi. Hætt var að taka mó þarna á sjötta áratug síðustu aldar." (RS1).

**Örlygsstaðir – 78**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í athugasemdum Rafns Sigurbjörnssonar segir: „Vestan við mógrafirnar er svokallaður Mómelur. Þangað var mórinn fluttur til þerris. Rétt norðan við Mómel um 10 m austan við Skagaveg er móbyrgi. Þar var mónum hlaðið saman til geymslu og þakið yfir með torfi. Hætt var að taka mó þarna á sjötta áratug síðustu aldar.“ (RS1). Mótóftin var ekki skoðuð á vettvangi en hnit voru tekin af loftmynd.

**Örlygsstaðir – 79**
**Sérheiti:** Dalagata
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Dalagata**:** Liggur til suðurs upp Brekkuna nokkru sunnar en Kvíagatan. Þessi gata hefur upphaflega myndast með líkum hætti og Kvíagata en um miðja síðustu öld var hún breikkuð og lagfærð með jarðýtu þannig að hún var akfær á jeppum og dráttarvélum eftir það. Farið var yfir Dalalækinn á Brekkubrúninni og þar inn á Skagaveg. Þegar gatan var gerð var ekki kominn bílvegur undir Brekku, nema á stuttum kafla. Fyrsti bíllinn, Willys jeppi, var keyptur að Örlygsstöðum 1947.“ (RS 2012, 18).

**Örlygsstaðir – 80**
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Gata sunnan við Dalalæk: Gatan liggur til norðurs og kemur upp á brúnina fast við Dalalækinn. Ofarlega í Brekkunni greinist gatan og liggur þar einnig götuslóð til suðurs upp á Brekkubrúnina.“ (RS 2012, 19).

**Örlygsstaðir – 81**
**Sérheiti:** Brekkuhornsgata
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Brekkuhornsgata: Gatan liggur til suðurs og kemur upp á Brekkubrún stutt norðan við Brekkuhornið. Þessi gata er fremur mjó og hefur ekki verið eins mikil umferð um hana og hinar göturnar, enda liggur hún lengra frá bæjum.“ (RS 2012, 19).

**Örlygsstaðir – 82** (sama og Kurfur – 22, Hróarsstaðir – 23 og Krókur - 14)
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Ruddur vegur
**Staðhættir og lýsing**
Á brekkubrúninni ofan við alla bæina „undir Brekku“ er ruddur vegur sem hlykkjast eftir brúninni. Vegurinn er víðast hvar á bilinu 1-1,5m breiður, að hluta niðurgrafinn og grjót í um 20-40sm háum ruðningum meðfram og nær þvert í gegnum land Kurfs (150m en er alls sýnilegur á um 2km kafla eftir brún Brekknabrekku.

**Örlygsstaðir – 83**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í viðbótum við fornleifaskrá segir Rafn Sigurbjörnsson: „Um 90 m suðvestur af gamla Örlygsstaðabænum (neðan við núverandi Brekknaveg) voru fjárhús. Þau voru í notkun fram á fimmta tug síðustu aldar. Um 1970 var húsarústunum jafnað út með jarðýtu. Þar er núna slétt tún og mótar ekkert fyrir þessum byggingum.“ (RS2, 20). Hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt tilsögn Rafns og gera má ráð fyrir um 10m skekkju.

## *Landamerki*

Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir um landamerki jarðarinnar: „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður ræður að Brekknabrekku. Þaðan bein stefnulína í suðaustur Hábrunahögg. Þaðan í Brunavatnsenda syðra. Þaðan í Heylæk utan við Pontur. Þaðan í Bláhólstagl (Selhólinn). Þaðan í Holþúfu á Stóru-Skjaldbreið. Þaðan í ytri árósinn austan við Skjaldbreiðarvatn. Þaðan í ytri árósinn austan við Skjaldbreiðarvatn. Þaðan í Langavatnsárfossinn. Þaðan til suðvesturs í Tröllla á Moldás, þaðan sem girðing ræður að Mosás. Þaðan í Sölvavörðu. Þaðan í Hornvörðu, þaðan yfir Reyrlág í Gunnumó. Þaðan í Vörðu sunnan við Hábrekkuhorn. Þaðan vestur yfir flóa að sjó í Fornmannaklöpp.“ (ÖS: 1). Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá eru gefin upp hnit á öllum þessum merkjum, en aðeins hluti þeirra telst til fornleifa og fær númer í skýrslunni. Hnit Rafns eru þessi: Bræður N603094 A437881; túngarður [**nr. 29** í skýrslu] N603396 A438293 og N603446 A438393; Hábrunahöggið syðra N604902 A439205; Brunavatnsendinn syðri; N605687 A439460; Heylækur norðan við Heylækjarpontur N606133 A439888; Selhólstaglið norðara N606701 A440651; Holþúfa (torfhleðsla) á norðurenda Skjaldbreiðar [**nr. 84** í skýrslu] N608754 A443249; Langavatnsárósinn norðari N607868 A443992; Langavatnsárfossinn N606382 A444566; Trölli N606306 A443716 [**nr. 85** í skýrslu]; Mosásvarða [**nr. 86** í skýrslu] N605527 A442725; Sölvavarða [**nr. 87** í skýrslu] N604655 A440390; Hornvarða [**nr. 88** í skýrslu] N604083A439550; Gunnumór N603475 A439272; Steyptur hornstaur fyrir norðan Stórhól N602775 A439214; Merkjavarða á Brekkubrún [**nr. 89** í skýrslu] N602769 A438940; Fornmannaklöpp N602316 A438240. (RS2, 2-9).

**Örlygsstaðir – 29** (sama og Kurfur – 8)
**Hlutverk**: Landamerki/túngarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður ræður að Brekknabrekku.“ (ÖS: 1). Í annarri örnefnaskrá segir: „Sunnan við merkjagarð v. Brekknabrekku er Örlygsstaðatún.“ (Ö: 1).
**Hættumat:** Garðlagið er utan í vegkanti og er því í nokkurri hættu á að verða fyrir raski við vegaframkvæmdir eða mokstur.
**Lýsing**
Enn mótar fyrir garðlaginu á um 40m kafla



*Mynd 29, horft til suðvesturs niður afleggjarann heim að íbúðarhúsinu á Kurfi. Leifar landamerkjagarðs milli Örlygsstaða (nú Hlíðar) og Kurfs sjást meðfram veginum sunnanverðum.*

meðfram suðurbrún afleggjarans heim að íbúðarhúsinu á Kurfi. Veggurinn er á bilinu 30-50sm hár og um 80sm breiður.

**Aðrar upplýsingar**

Í viðbótum Rafns Örlygssonar við fornleifaskrá eru gefin upp hnit á tveimur stöðum þar sem hann sást áður, annarsvegar þar sem Brekknavegur liggur yfir túngarðinn (ISN93 N603396 A438293) og hins vegar austast í túninu nærri Brekku þar sem túngarðurinn var áður (ISN93 N603446 A438394), (RS2, 2).

**Örlygsstaðir – 84**

**Hlutverk**: Landamerki

**Tegund**: Varða

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir um landamerkin: „Þaðan í Heylæk utan við Pontur. Þaðan í Bláhólstagl (Selhólinn). Þaðan í Holþúfu á Stóru-Skjaldbreið.“ (ÖS: 1)

**Lýsing**

Þúfan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Einar Guðsteinsson tók hnitpunkt á þúfunni í apríl 2011.

**Aðrar upplýsingar**

Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Holþúfa (torfhleðsla) á norðurenda Skjaldbreiðar“ (RS2, 4).



*Mynd 30, Holþúfa á norðurenda Skjaldbreiðar. Á myndinni er Einar Guðsteinsson. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 85**

**Sérheiti:** Trölli

**Hlutverk**: Landamerki

**Tegund**: Grettistak Steinn

**Staðhættir**

Trölli er stór steinn eða Grettistak á svonefndum Moldás (Ö: 1).

**Lýsing**

Steinninn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 31, Trölli. Við Trölla stendur Rafn Sigurbjörnsson. Mynd RIR.*

**Örlygsstaðir – 86**

**Sérheiti:** Mosásvarða

**Hlutverk**: Landamerki

**Tegund**: Varða/hleðsla

**Staðhættir**

Í viðbótum Rafns Sigurbjörnssonar við fornleifaskrá segir: „Varða á norðurenda Mosáss, mikið hrunin. Landamerki milli Fjalls, Hvammkots og óskipts lands jarðanna Hlíðar, Örlygsstaða og Örlygsstaða II.“ (RS2, 6).

**Lýsing**

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.



*Mynd 32, Mosásvarða. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 87**
**Sérheiti:** Sölvavarða
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða eru landamerki Örlygsstaða sögð liggja eftir girðingu að Mosás og þaðan í Sölvavörðu og úr henni í Hornvörðu (Ö: 1).
**Lýsing**
Sölvavarða var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009. Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011.


*Mynd 33, Sölvavarða, Sjónarhóll í baksýn. Ljósmynd: RIR.*

**Örlygsstaðir – 88**
**Sérheiti:** Hornvarða
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða eru landamerki Örlygsstaða sögð liggja eftir girðingu að Mosás og þaðan í Sölvavörðu og úr henni í Hornvörðu (Ö: 1).
**Lýsing**
Hornvarða var skoðuð á vettvangi sumarið 2011. Hún stendur á lágri klapparbrún og er þar um 150sm há en hleðslan sjálf aðeins um 50sm og 150sm í þvermál.


*Mynd 34, Hornvarða. Ljósmynd: RIR.*

**Aðrar upplýsingar**
Rafn Sigurbjörnsson tók hnitpunkt á vörðunni í apríl 2011, viðbótum við fornleifaskrá kemur fram að varðan sé 150sm í þvermál og 150sm há. (RS2, 7). Í örnefnaskrá Hvammkots er svo að skilja að Hornvarða sé norðvestur af túni Hvammkots og að varðan sem hér er skráð norður af sé Sölvavarða.

**Örlygsstaðir – 89**
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða eru landamerki Örlygsstaða sögð liggja yfir Reirlág í Gunnumó og að Stórhól með stefnu í vörðu í landi Hofs og af Stórhóli í <u>vörðu sunnan við Hábrekkuhorn</u> (Ö: 1). Varðan var ekki skráð á vettvangi sumarið 2009. Í viðbótum við fornleifaskrá eru hnit á vörðunni tekin af Rafni Sigurbjörnssyni, þar kemur fram að varðan sé um 120sm í þvermál og 90sm há.


*Mynd 35, merkjavarða á Brekkubrún. Ljósmynd: RIR.*




**Örlygsstaðir – 90**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Náma
**Staðhættir**
Tæpa 40m norðaustur af Hornvörðu eru mógrafir í mýrinni við endaða Kvíalaut.
**Lýsing**
Grafirnar eru um 10-50sm djúpar og taka yfir um 370m$^2$ svæði.



*Mynd 36, Hornvarða og líklega mótóft framan við hana. Handan vörðunnar sér glytta í vatn í mógröfum (nr. 90).*

**Örlygsstaðir – 91**
**Hlutverk**: Óþekkt/mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 7 metra vestur af Hornvörðu er afar óljós aflöng tóft. Líklega mótóft tilheyrandi mógröfunum nr. 90.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá norðri til suðurs, 6,5x13,5m og austurveggur rofinn fyrir miðju. Veggir eru 1-3m breiðir og 10-20sm háir. Grónir mosa og lyngi, heldur grónari en umhverfið.
**Aðrar upplýsingar**
Um 16m suðvestan tóftarinnar er gróin bunga, heldur hærri og grósku meiri en umhverfið um 12x10m í ummál og um 40sm há í miðju (hnit A439531 N604076). Önnur bunga er18m sunnar, heldur minni um 8m í þvermál og um 50sm há (hnit A439531 N604061). Hugsanlega eru þetta hvort tveggja leifar móstafla.

**Örlygsstaðir – 92**
**Hlutverk**: Óþekkt/mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 70m VSV af Hornvörðu er óljós og blásin tóft, hugsanlega mótóft.
**Hættumat:** Minjarnar eru nokkuð rofnar og teljast í hættu sökum jarðvegseyðingar.
**Lýsing**
Tóftin er 10,5x13,5m á kant (N-S). Engar dyr eru greinanlegar. Veggir virðast hafa verið að hluta grjóthlaðnir að vestanverðu, en þar er tóftin mjög uppblásin og veggurinn um 2,5m breiður og 30sm hár.


*Mynd 37, leifar gamallar mótóftar um 70 VSV af Hornvörðu.*

## *Óstaðsettar minjar*

**Örlygsstaðir – 93**
**Hlutverk**: Naust
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt jarðabók frá árinu 1708 voru forn naust í landi Örlygsstaða en ekki er tilgreint hvar nákvæmlega þau eiga að hafa staðið og er líklegt að þau séu horfin í sjó.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók frá árinu 1708 segir að forn skipanaust séu út við sjóinn í landi Örlygsstaða og framan við þau eigi að heita lending, þótt hún hafi sjaldan verið notuð í manna minni. Þegar jarðabókin var skrifuð var jafnan róið frá Naustavöllum, öðru nafni Króksmöl, í landi Króks samkvæmt því sem þar kemur fram og var greitt fyrir þessa aðstöðu í landi Króks (JÁM VIII: 465). Í athugasemdum við fornleifaskráningu segir Rafn Sigurbjörnsson: „Lendingar í landi Örlygsstaða voru mikið notaðar á síðustu öld. Um er að ræða lendingu í Markvík og við Bræður. Einnig var notuð lending í Lönguvík. Björn Guðmundsson bjó á Örlygsstöðum frá 1901 til 1938 þegar hann lést. Hann stundaði sjóróðra með öðrum störfum að sumrinu og af kappi á haustin fram undir jól þegar vel viðraði. Honum hlekktist aldrei á, var aflasæll og náði alltaf sinni heimavör (Heimild: Sigurður Björnsson). Eftir að Björn féll frá voru sjóróðrar stundaðir af sonum hans frá Örlygsstöðum.“ (RS1).

# Kurfur – söguágrip



*Mynd 38, horft til austurs heim að Kurfi, lengst til hægri er íbúðarhús (byggt 2007) norðvestan við það fyrir miðri mynd er gamla bæjarstæðið.*

Kurfs er fyrst getið í heimildum 1384 er þeir koma fyrir í samningi um rekaskipti með Brekknajörðum á Skaga.[19] Kurfur fór í eyði árið 1965[20] en er nú kominn aftur í byggð.

| Jörð | Ártal | Eigandi/eigendur | Jarðadýrleiki | Landskuld | Kúgildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Kurfur | 1686 [21] | Þingeyrarklaustur | - | - | - |
| Kurfur | 1696 [22] | Þingeyrarklaustur | 3 | 20 álnir | 2,5 |
| Kurfur | 1708 [23] | Þingeyrarklaustur | 3 | 20 | 2 (áður 3) |
| Kurfur | 1847 [24] | Þingeyrarklaustur | 10 | 20 álnir | 2 |
| (mat hreppstjóra) | 1847 [25] | - | - | - | 2 |
| Kurfur | 1861 [26] | - | 3,2 hndr | - | - |

Náttúrufar og jarðabætur
Í jarðabók frá 1708 er stunga og rista sögð bjargleg, sem og lyngrif til eldamennsku en rekavon lítil. Sagt er að tún spillist af leysingavatni úr snjófönn ofan við Brekkubæina. Engjar eru engar nema það sem sótt er í blautar mýrar.[27]

Árið 1881 var gerð lýsing á ábúð og ástandi Þingeyrarklaustursjarða og þar segir eftirfarandi um Kurf: „Ábúandi þessi flutti að jörðunni á næstliðnu vori. Byggingarbréf hans frá þessu ári áskilur 25 ferfaðma sléttu í túninu árlega. Hinn næsti ábúandi á undan þessum var ekki háður skylduvinnu að jarðabótum enda hafði hann ekki gjört þær. Hús jarðarinnar eru lítil og fornfáleg. Kot þetta, sem mjög er nytjalítið, mætti bæta með sléttu í túni og skurðum í kringum það sem alveg væru ómissandi vegna vatnsaga sem þar er fast við túnið.“[28]

[19] *Íslenzkt Fornbréfasafn III*, 375.
[20] *Húnaþing II* (1978), 103.
[21] Björn Lárusson (1967), 240.
[22] Björn Lárusson (1967), 240.
[23] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII,* 466.
[24] *Jarðatal á Íslandi,* 243.
[25] *Jarðatal á Íslandi,* 243.
[26] *Ný jarðabók,* 90.
[27] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII,* 466.
[28] ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyrarklausturs umboðsjarða sumarið 1881. Skjal nr. 56.

Ábúð

Í manntali frá 1703 eru 3 til heimilis í Kurfi[29] en í jarðabók frá 1708 er jörðin sögð í eyði[30] og aftur er hún sögð í eyði 1802.[31] Alls voru 8 manns í heimili, samkvæmt manntölum, þegar mest var 1860 og 1890.[32]

## *Fornleifaskrá*




*Mynd 39, túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni (Kurfur -1, o.s.frv.). Á kortinu eru aðeins sýndar þær minjar sem fram koma á upprunalega kortinu þótt fleiri hafi fundist í túninu, sjá nánar yfirlitskort í fylgiskjölum aftast í skýrslunni. Áttahorf hafa verið leiðrétt og er neðri norðurörin rétt.*

**Kurfur – 1**
**Sérheiti:** Kurfur
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund**: Bæjarhóll
**Staðhættir og lýsing**
Gamli bærinn í Kurfi stóð norðvestan við núverandi íbúðarhús (b. 2007) í Kurfi. Þar er ávalur og fremur ósléttur hóll, leifar bæjarhólsins sem hefur að mestu verið ýtt út.
**Aðrar upplýsingar**

---

29 Manntalsvefur Þjóðskjalasafnsins. http://manntal.is/.
30 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII,* 466.
31 *Jarðatal á Íslandi,* 243
32 *Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands*, www.manntal.is, skoðað 8.7.2010. Þess má geta að jörðin kemur fyrir í öllum manntölum á vefnum: 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910.

Í úttektum frá árunum 1776, 1838, 1841, 1843 og 1867 er bærinn sagður samanstanda af baðstofu, búri, eldhúsi og bæjargöngum. Baðstofan er sögð 2 ½ - 3 stafgólf, búrið 3x4-5 álnir og eldhúsið 3x4-6 al. og göngin 1 ¼ al. breið og 10-12 al. Löng. Í úttekt frá 1881 er klykkt út með því að hús jarðarinnar séu lítil og fornfáleg (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyra-klaustursumboð VII/2. Úttekt á Þingeyrarklaustursjörðum 1776. Skjal nr. 6 ; VII/5. 1843. Skjal nr. 19; III. 1838. Skjal nr. 142 ; III, 1841. Skjal nr. 153; VII/5. 1867, [skjala nr. vantar]; Úttekt frá árinu 1867 VI/1. Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyrarklausturs umboðsjarða sumarið 1881. Skjal nr. 56.).

**Kurfur – 2**
**Hlutverk**: Fjós
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Gamli bærinn í Kurfi stóð norðvestan við núverandi íbúðarhús (b. 2007) í Kurfi. Þar er ávalur og fremur ósléttur hóll, leifar bæjarhólsins sem hefur að mestu verið ýtt út. Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar var fjós sambyggt bænum.

**Kurfur – 3**
**Hlutverk**: Matjurtagarður (kálgarður)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Gamli bærinn í Kurfi stóð norðan við núverandi íbúðarhús (b. 2007) í Kurfi. Þar er ávalur og fremur ósléttur hóll, leifar bæjarhólsins sem hefur að mestu verið ýtt út. Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar var kálgarður sunnanundir bænum og annar vestan við bæjarhlaðið. Engin merki um þennan garð sáust á vettvangi en hnit voru tekin miðað við túnakort sem lagt var yfir hnitaða loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Kurfur – 4**
**Hlutverk**: Matjurtagarður (kálgarður)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Gamli bærinn í Kurfi stóð norðan við núverandi íbúðarhús (b. 2007) í Kurfi. Þar er ávalur og fremur ósléttur hóll, leifar bæjarhólsins sem hefur að mestu verið ýtt út. Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar kálgarður sunnanundir bænum og annar vestan við bæjarhlaðið. Engin merki um þennan garð sáust á vettvangi en hnit voru tekin miðað við túnakort sem lagt var yfir hnitaða loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Kurfur – 5**
**Hlutverk**: Heimreið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar lá heimreiðin til austurs (ANA) frá bænum upp að brekkunni. Engin merki um hana fundust á vettvangi sumarið 2009, en hnit voru tekin miðað við túnakort sem lagt var yfir hnitaða loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Kurfur – 6**
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar lá leið til vesturs (VSV) frá bænum til sjávar. Engin merki um þennan veg fundust á vettvangi sumarið 2009, en skurður liggur niður túnið og yfir bæjarstæðið og eru tún beggja vegna skurðarins þar fyrir neðan.

**Kurfur – 7**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa staðið nokkuð stór fjárhús um 80m norðvestan (VNV) við bæ í Kurfi.
**Lýsing**
Sé túnakortið lagt yfir loftmynd lenda þessi hús undir vegi og skurði um 90m VNV við núverandi íbúðarhús í Kurfi.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt í Kurfi frá 1838 er svo lýst: „Túnið er lítið og virðist það eftir kringumstæðum ekki illa meðhöndlað, og á það hefur verið borið í haust. Fjárhústóft hefur fráfarandi hlaðið sem er stæðileg og ekki er kotið yfir höfuð óþrifalega umgengið.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt í Kurfi (1838), skjal nr. 142).



*Mynd 40, horft til norðvesturs yfir túngarðinn (nr. 8) ofan (austan) við útihús og íbúðarhús í Kurfi.*

Kurfur – 8 (sjá aftar í kafla um landamerki)

**Kurfur – 9 (Örlygsstaðir – 27)**
**Hlutverk**: Lending
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða eru merki Kurfs og Örlygsstaða sögð við tvo steina í flæðarmálinu sem nefndir eru Bræður (ÖSB1: 1). Samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni var lending við Bræður (munnleg heimild 2.7.2009).
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir að lending sé í Kurfslandi en heimræði ekki stundað (JÁM VIII:466). Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* segir Sigurjón Björnsson: „Skerið Þröskuldur, sem fyrr er nefnt, er meðfram fjörunni í Kurfslandi. Á Þröskuldi er lítill tangi til vesturs, sem Kurfstangi heitir. Sunnan við hann er lending.“ (SB: 57).

**Kurfur – 10 (Örlygsstaðir – 28)**
**Sérheiti:** Bræður
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður ræður að Brekknabrekku." (ÖSB1: 1). Steinarnir Bræður voru ekki skoðaðir á vettvangi sumarið 2009, en hnit voru tekin af loftmynd við ströndina á merkjum Hlíðar og Kurfs, sem voru merki Örlygsstaða og Kurfs áður en Hlíð var skipt útúr jörðinni.



*Mynd 41, horft til austurs að brekkunni norðaustan við Kurf, sneiðingur upp brekkuna, Kurfsgata, sést glöggt fyrir miðri mynd.*

**Kurfur – 11**
**Sérheiti:** Kurfsgata
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Sneiðingur
**Staðhættir**
Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* segir Sigurjón Björnsson: „Fyrir austan túnið [í Kurfi] er Brekka. Upp hana er gata, sem kallast Kurfsgata, upp á brekkubrún, þ.e. Brekknabrekku" (SB: 57).
**Lýsing**
Sneiðingurinn upp brekkuna sést enn vel, hann er að mestu gróinn um 1m breiður en hrunið hefur úr honum á köflum.



*Mynd 42, varða (nr. 12) á melbrekku um 700m norðaustur af bæ í Kurfi.*

**Kurfur – 12**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Tvær hleðslur, varða (nr. 12) og hugsanleg refagildra (nr. 13) eru upp á melbrekku tæpa 700m norðaustur af bæ í Kurfi.
**Lýsing**
Varðan er hringlaga að grunnfleti, 80-100sm há og um 160sm í þvermál.

**Kurfur – 13**
**Hlutverk**: Óþekkt/refagildra
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Tvær hleðslur, varða (nr. 12) og hugsanleg refagildra (nr. 13) eru upp á melbrekku tæpa 700m norðaustur af bæ í Kurfi.
**Lýsing**
Hleðslan er 10-30sm há og um 120sm á kant, hugsanlega leifar refagildru.


*Mynd 43, hleðsla (nr. 12) upp á melbrekku tæpa 700m norðaustur af bæ í Kurfi.*


*Mynd 44, horft til norðurs yfir garðlag við merki Kurfs og Örlygsstaða suður af Brunavatni sem sést í baksýn.*

**Kurfur – 14** (sama og Örlygsstaðir 85)
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Garðlag/hleðsla
**Staðhættir**
Grjóthlaðinn garður er meðfram klettabrún um 2,2km norðaustur af bæ í Kurfi, rúma 200m suður af Brunavatni sem er í landi Kurfs.
**Lýsing**
Hleðslan fylgir klettabrúninni í boga frá suðri til norðvesturs. Garðlagið er 70m langt, um 1m breitt og á bilinu 40-100sm hátt, töluvert hrunið á köflum.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Rafni Sveinbjörnssyni var þetta hlaðið af bræðrum hans og föður á fyrri hluta 20. aldar og var líklega hugsað sem skjól af einhverju tagi en fé var haldið til beitar á þessu svæði (munnleg heimild, 4.1. 2011).

**Kurfur – 15**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Við norðurenda Brunavatns er lítil þúst í brekku sem hallar til suðurs að tjörninni, og lítill niðurgröftur á tjarnarbakkanum neðan hennar.
**Lýsing**
Þústin er um 6,5x3,5m á kant og um 30-40sm há. Hún er grænni og gróskumeiri en mólendið umhverfis og sker sig því vel úr. Engin veggjalög eru greinanleg en grjót sést á nokkrum stöðum. Hugsanlega er þetta heytóft.

**Kurfur – 16**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Við norðurenda Brunavatns er lítil þúst (nr. 15) í brekku sem hallar til suðurs að tjörninni, og lítill niðurgröftur á tjarnarbakkanum neðan hennar.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 3,5m á kant, um 30-40sm djúpur og algróin.

**Aðrar upplýsingar**
Þarna voru mógrafir sem voru hættulegar skepnum og Rafn Sveinbjörnsson fyllti uppí eftir að hafa misst þar fé.

**Kurfur – 17**
**Hlutverk**: Óþekkt/rétt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Út við merki Kurfs og sameiginlegs beitilands Örlygsstaðar og Hlíðar er hugsanleg réttartóft, um 240m suðaustur af norðausturenda Brunavatns.




**Lýsing**
Tóftin er næsta ferhyrnd með rúnnuð horn um 9,5x8m á kant að utanmáli, með 40-60sm háa og 2-3m breiða veggi. Ekkert hlið er greinanlegt á tóftinni, en veggir nokkuð hlaupnir í þúfur og óreglulegir á köflum.




**Kurfur – 18**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Lítil stök tóft er fast norðan við farveg Heylækjar sem gengur þvert í gegnum norðurhluta Kurfslands milli Brunavatns og Selvatnanna, nánar til tekið 180m norðvestur af miðju vestasta Selvatninu.
**Lýsing**
Tóftin stendur um 1m hærra en umhverfið, veggir eru þýfðir og ólögulegir um 50sm háir og 1-1,5m breiðir, dyr gætu hafa verið annarri hvorri skammhliðinni til suðvesturs eða norðausturs. Götur liggja frá tóftinni til norðurs.

## *Kurfssel*

**Kurfur – 19**
**Sérheiti:** Kurfssel
**Hlutverk**: Sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Lítil tvískipt tóft er á norðurbakka Heylækjar um 240m suðaustur af merkjum Hróarsstaða og Kurfs (miðað við landamerkjagrunn Nytjalands).




**Lýsing**
Tóftirnar eru mjög sokknar og falla vel inní umhverfið gróðurfarslega. Veggir eru á bilinu 40-50sm háir og um 1m breiðir. Dyr hafa verið út að læknum til suðvesturs og ekki að sjá að innangengt hafi verið á milli þeirra. Norðari hlutinn er heldur stærri um 2x2m að innanmáli en sá syðri um 1,5x1,5m. Um 8m suðaustar upp í brekkunni er stök lítil tóft (nr. 20) að hluta grafin inn í hlíðina.

**Aðrar upplýsingar**
Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* segir Sigurjón Björnsson: „Hróarsstaðasel stóð á hólma í Fossá alllangt ofar en Krókssel. Hróarsstaðahólmi nefndist það um tíma og nú síðast Hólmi og stendur norðan ár. Örlygsstaðasel var sunnan ár litlu neðar. Þá mun Kurfssel hafa verið sunnan ár skammt frá Kurfsholi, sem er svo til beint á móti Hólma.“ (SB: 59-60). Árni Sveinbjörnsson bóndi í Króksseli kannaðist við að þessar tóftir hefðu verið kallaðar Kurfssel (munnleg heimild, 19.8. 2010).

(Kurfur – 21 er í landamerkjakafla á næstu síðu)

**Kurfur – 22** (sama og Örlygsstaðir –, Hróarsstaðir - 23, Krókur - 14)
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Ruddur vegur
**Staðhættir og lýsing**
Á brekkubrúninni ofan við alla bæina „undir Brekku“ er ruddur vegur sem hlykkjast eftir brúninni. Vegurinn er víðast hvar á bilinu 1-1,5m breiður, að hluta niðurgrafinn og grjót í um 20-40sm háum ruðningum meðfram og nær þvert í gegnum land Kurfs (150m en er alls sýnilegur á um 2km kafla eftir brún Brekknabrekku.

## *Landamerki*

Í örnefnaskrá Hróarsstaða segir um merki jarðarinnar að sunnan (þ.e. norðurmerki Kurfs, rakin frá austri til vesturs): „Síðan í áðurgreinda Fossá, vestanvert við fossana í Bláhól, þaðan í Heylæk. Úr Heylæk í mitt Brunavatn, svo eftir lágbrunanum í Króklág. Svo í Brekku móts við túngarð á milli Kurfs og Hróarsstaða og í framhald af sama garði til sjávar [...]“ (ÖH, 1). Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir svo um merkin gegn Kurfi (s.s. suðurmerki Kurfs): „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður **[nr. 21]** ræður að Brekknabrekku. Þaðan bein stefnulína í suðaustur Hábrunahögg. Þaðan í Brunavatnsenda syðri. Þaðan í Heylæk utan við Pontur. Þaðan í Bláholstagl (Selhólinn).“ ÖSB1, 1). Þetta er töluvert frábrugðið landamerkjaþekju Nytjalands, hvað varðar norðausturhluta landsins. Nytjalandsþekjan sýnir land Kurfs ná frá sunnanverðu Kurfsnesi við Fossá að sunnanverðum Bláhól eða Bláhólstagli eða um 1200m eftir Fossá. Miðað við landamerki Hróarsstaða og Örlygsstaða kemur land Kurfs hins vegar í mjóan spíss frá Brunavatni (merki í vatninu miðju að norðan og við suðurendann, um 250m á milli) og endar á Bláhól við Fossá.

**Kurfur – 21 (sama og Örlygsstaðir – 29)**
**Hlutverk**: Landamerki/túngarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Örlygsstaða segir: „Landamerki Örlygsstaða byrja við sjó að norðan, við steina tvo, er Bræður heita, þaðan sem garður ræður að Brekknabrekku.“ (ÖS: 1). Í annarri örnefnaskrá segir: „Sunnan við merkjagarð v. Brekknabrekku er Örlygsstaðatún.“ (Ö: 1).
**Lýsing**
Garðlag sést enn á smá kafla meðfram suðurbrún afleggjarans heim að íbúðarhúsinu á Kurfi. Veggurinn er á bilinu 30-50sm hár og um 80sm breiður.

**Kurfur – 8 (sama og Hróarsstaðir - 9)**
**Hlutverk**: Túngarður/landamerki
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar var grjóthlaðinn garður meðfram austur- og suðurjaðri túnsins, en að því er virðist girðing að norðan.
**Lýsing**
Slitrur af túngarðinum sjást enn að sunnan, austan og norðan. Að sunnan eru leifar hleðslna á um 40m kafla meðfram suðurbrún afleggjarans heim að bænum, sameiginlegur tún- og merkjagarður Kurfs og Örlygsstaða (nú merki Kurfs og Hlíðar, sjá Örlygsstaðir - 29). Þarna er garðurinn aðeins um 10-20sm hár og um 1m breiður þar sem hann sést. Að austan er framhald á túngarði Örlygsstaða (Örlygsstaðir - 10) grjóthlaðinn á um 80m kafla, um 120sm breiður og 50-70sm hár. Rof er á garðinum að austan þar sem heimreiðin (nr. 5) hefur legið útúr túninu aust-norðaustur af bæjarstæðinu. Að norðan eru leifar torf- og grjótgarðs greinanlegar á um 80m kafla, um 1m breiður og 20-40sm hár. (sama og Hróarsstaðir – 9).

## *Óstaðsettar minjar*

**Kurfur – 23**
**Hlutverk**: Náma (torfrista og stunga)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Torfrista og stunga var sögð bjargleg á Kurfi í jarðabók frá 1708 (JÁM VIII: 466). Staðhættir eru ókunnir og engar menjar um torftöku fundust á vettvangi sumarið 2009.

**Kurfur – 24**
**Hlutverk**: Vatnsból
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í jarðabók Árna og Páls frá 1708 var vatnsból sagt oft þrjóta um vetur (JÁM VIII: 466). Engar upplýsingar eru um hvar þetta vatnsból er staðsett og fundust þess engin merki á vettvangi.

# Hróarsstaðir (og Hólmi) – söguágrip



*Mynd 45, horft til norðausturs heim að Hróarsstöðum.*

Í Húnaþingi segir: „Hróarsstaðir eru nyrsti bær í byggð undir Brekknabrekku. Bærinn stendur skammt frá Brekkunni. Þar er því bæjarstæði skjóllegt. Skammt er til sjávar og þar er lending einna skást undir Brekku, og heitir á Naustavöllum.“[33] Jörðin Hólmi, áður nefnt Hróarsstaðahólmi, tilheyrði Hróarsstöðum fram til ársins 1952 að henni var formlega skipt útúr heimajörðinni og var búið þar fram til 1981.[34]

Hróarsstaða er fyrst getið í samningi um rekaskipti á Brekknajörðum frá 1384.[35] Þá er jörðin talin upp ásamt öðrum jarðeignum Þingeyrarklausturs í skrá frá 1525 og fleiri bréfum frá 16. og 17. öld.[36] Nafn jarðarinnar er ritað Hróastaðir í jarðabókum a.m.k. fram til 1861. Jörðin er í byggð.

| Jörð | Ártal | Eigandi/eigendur | Jarðadýrleiki | Landskuld | Kúgildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Hróastaðir | 1686 [37] | Bændaeign | 10 hdr. | 60 al. | 4 |
| Hróastaðir | 1696 [38] | Þingeyrarkirkja | 10 hdr. | 70 al. | 3 |
| Hroastader | 1708 [39] | Bændaeign | 10 hdr. | 60 al. | 2 |
| Hróastaðir | 1847 [40] | Bændaeign | 10 hdr. | 60 al. | 2 |
| (mat hreppstjóra) | 1847 [41] | - | - | - | 1 |
| Hróastaðir | 1861 [42] | - | 9,7 hdr. | - | - |

[33] *Húnaþing II* (1978), 91.
[34] *Húnaþing II* (1978), 90; Sigurjón Björnsson ( 2005), 59-60.
[35] *Íslenzkt Fornbréfasafn III* (1896), 375.
[36] *Íslenzkt Fornbréfasafn IX* (1909-1913), 375 og 642.
[37] Björn Lárusson (1967), 241.
[38] Björn Lárusson (1967), 241.
[39] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (1713), 466.
[40] *Jarðatal á Íslandi* (1847), 243.
[41] *Jarðatal á Íslandi* (1847), 243.
[42] *Ný jarðabók fyrir Ísland* (1861), 90.

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá árinu 1708 kemur fram að torfrista og stunga hafi verið næg í landi jarðarinnar og lyngrif og hrís verið bjarglegt til eldiviðar. Grasatekja var hins vegar sögð mjög lítil, sem og rekavon en hún var aldrei meir en svo að dygði til viðhalds húsa. Túninu var hætt vegna landbrots út við sjó og engjar sagðar litlar. Vatnsbólið var lélegt, brást um vetur og var gruggugt um sumur. Heimræði var talið hafa verið áður frá bænum og fornt naust sást enn því til staðfestingar. Lending var sögð brúkanleg á Naustavöllum en lök annarstaðar í landinu. Róið var um sumar og haust, aldrei þó fleiri en eitt skip frá heimabónda svo langt sem menn mundu. Hins vegar gerðu fleiri út frá Naustavöllum, allt að fimm skip og tók bóndi leigu fyrir.[43]

Ábúð

Árið 1855 voru tveir bændur og einn húsmaður skráðir til heimilis á Hróarsstöðum ásamt fjölskyldum, alls 10 manns. Þá var búið á tveimur hjáleigum árið 1870, sjö manns á Hróarsstaðakoti og þrír á Hróarsstaðaseli.[44]

*Hjáleigur og sel*

Í manntali frá árinu 1870 eru nefndar tvær hjáleigur frá Hróarsstöðum, Hróarsstaðasel og Hróarsstaðakot.[45]

*Hróarsstaðasel* var á milli Sellækjar og Fossár og eru tóftir þar á nokkrum stöðum. Þar hefur fyrst verið selstaða frá Hróarsstöðum og síðar hjáleiga (Hróarsstaðasel) og loks sjálfstæð bújörð árið 1952 (Hólmi).[46] Bærinn var fyrst byggður sunnan Fossár á hólmanum milli Fossár og Sellækjar/Hestlækjar, en síðar var hann fluttur norður fyrir á og þar búið fram til ársins 1981.[47]

*Hróarsstaðakot* stóð hins vegar í túnjaðri heimajarðarinnar.[48] Nánar til tekið norður af fjárhúsunum á Hróarsstöðum, stakt hús, þar bjó maður að nafni Nikulás Guðmundsson sem kallaður var Skáld-Lási eða Þjófa-Lási (f. 1852 d. 1916).[49]

*Þorvaldskot* var samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni húskofi í suðausturhorni túnsins á Hróarsstöðum og var nefndur eftir manni sem þar bjó.[50]

---

43 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII* (1926), 466-467.
44 *Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands*, www.manntal.is, skoðað 8.7.2010.
45 *Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands*, www.manntal.is, skoðað 14.7.2010.
46 *Húnaþing II* (1978), 90; Sigurjón Björnsson ( 2005), 59-60.
47 Sigurjón Björnsson ( 2005), 59-60; *Húnaþing II* (1978), 90.
48 Sigurjón Björnsson ( 2005), 59; Páll Kolka (1950), 29.
49 Munnleg heimild, Rafn Sigurbjörnsson, 2.7.2009; Vísnavefur Héraðsskjalsafns Skagfirðinga http://skjalasafn.skagafjordur.is/lausavisur/visur.php?VID=10477, skoðað 14.07.2009.
50 Munnleg heimild, Rafn Sigurbjörnsson, 2.7.2009.

## *Fornleifaskrá*




**Hróarsstaðir – 1**
**Sérheiti:** Hróarsstaðir
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund**: Bæjarhóll
**Staðhættir**
Gamla bæjarstæði Hróarsstaða er ofan (austan) við núverandi íbúðarhús (b. 1930).
**Lýsing**
Ofan (austan) við núverandi plan austan íbúðarhússins er gamli bæjarhóllinn. Um 40-120sm hár bakki er ofan við planið á um 30m kafla (N-S) og grjóthlaðinn garður (nr. 4) gengur þvert yfir hólinn til austurs (VSV-ANA) frá bakkanum. Mikill gróður var á hluta hólsins þegar hann var skoðaður sumarið 2009 og ekki unnt að greina neinar veggjaleifar.

**Hróarsstaðir – 2**
**Hlutverk**: Fjós
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Gamla bæjarstæði Hróarsstaða er ofan við núverandi íbúðarhús (b. 1930) og samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar var fjósið sambyggt.
**Lýsing**
Ofan (austan) við núverandi plan austan íbúðarhúsin er gamli bæjarhóllinn. Um 40-120sm hár bakki er ofan við planið á um 30m kafla (N-S) og grjóthlaðinn garður (nr. 4) gengur þvert yfir hólinn til austurs (VSV-ANA) frá bakkanum. Mikill gróður var á hluta hólsins þegar hann var skoðaður sumarið 2009 og ekki unnt að greina neinar veggjaleifar.

**Hróarsstaðir – 3**
**Hlutverk**: Skemma
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd skemma á bæjarhlaðinu vestan við gamla bæinn. Sé kortið lagt yfir loftmynd lendir þessi skemma á svipuðum stað og núverandi útihús norður af íbúðarhúsinu og jafnvel að hluta inná planinu austan þeirra. Engar minjar eru nú sýnilegar á þessum stað.



*Mynd 46, horft til vesturs eftir garðlagi sunnan við gamla bæjarstæðið á Hróarsstöðum. Garðlagið er líklega norðurveggur matjurtagarðs sem þar var og er raunar enn. Fyrir miðri mynd er núverandi íbúðarhús á bænum (b. 1930).*

**Hróarsstaðir – 4**
**Hlutverk**: Matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur matjurtagarður sunnan við gamla bæinn.
**Lýsing**
Grjóthlaðinn garður gengur til austurs frá íbúðarhúsinu og er stæðilegur á um 25m kafla. Garðurinn er grjóthlaðinn en gróinn að hluta. Líklega er hér um norðurvegg matjurtagarðsins að ræða sem stóð sunnan við gamla bæinn. Engir aðrir veggir eru þó greinilegir, en í dag eru matjurtabeð á þessum sama stað.

**Hróarsstaðir – 5**
**Hlutverk**: Heimreið (tröð)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er heimreiðin sýnd ganga til suðurs af bæjarhlaðinu og til austurs sunnan við matjurtagarðinn (nr. 4) og útúr túninu. Áttirnar á kortinu eru ekki alveg réttar og er nær lagi að heimreiðin hafi legið til norðausturs eða ANA, en ekki sá móta fyrir henni sumarið 2009. Hnit eru tekin af túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

**Hróarsstaðir – 6**
**Hlutverk**: Hesthús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús í túninu um 70m suðvestur af bæ (SSV ef áttahorf eru leiðrétt), þar er nú slétt tún og sáust engin merki um þessa byggingu á vettvangi sumarið 2009. Hnit eru tekin af túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Hróarsstaðir – 7**
**Hlutverk**: Hesthús
**Tegund**: Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús í túninu um 100m suður af bæ (SSA ef áttahorf eru leiðrétt).
**Lýsing**
Þarna er nú að mestu slétt tún en þó sér móta fyrir dæld á þessum slóðum sem passar mjög vel við túnakortið. Dældin er aflöng frá austri til vesturs um 4x10m og eftir henni endilangri er ávalur hryggur, e.t.v. leifar garða eða þaks. Útveggir sáust ekki.

**Hróarsstaðir – 8**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús um 130m norðvestur af bæ á Hróarsstöðum, á svipuðum slóðum og núverandi fjárhús. Þessi hús hafa líklega horfið við byggingu núverandi húsa. Hnit eru tekin eftir túnakortinu og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Hróarsstaðir – 9 (sjá aftar í kafla um landamerki)

**Hróarsstaðir – 10**
**Hlutverk**: Túngarður
**Tegund**: Garðlag/hryggur
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru útlínur túnsins sýndar, girðing eða garðlag hefur þá verið meðfram túninu að sunnan og austan. Innan við þennan garð norðaustan við bæ eru leifar að því er virðist eldri garðs í túnjaðrinum.
**Lýsing**
Leifar þessa garðs sjást á rúmlega 50m kafla, austan við heyrúllustæði, 70m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hróarsstöðum. Syðst er ávalaur hryggur í túninu sem liggur norðvestur-suðaustur rúmlega 40m langur. En greinilegur um 10m langur torf og grjóthlaðinn garður er nyrst, um 1,5m breiður og 130-150sm hár.

**Hróarsstaðir – 11**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 30m NNA við núverandi fjárhús eru óljósar tóftaleifar á litlum hávaða í túninu.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng og snýr suðvestur-norðaustur, um 15x8m að ummáli, veggir eru á bilinu 10-15sm háir, algrónir grasi sem er gróskumeira en umhverfis. Af útlitinu að dæma virðist um hefðbundin garðahús að ræða, tvær krær og hlaða eða heytóft. Dyr hafa verið til suðvesturs útúr húsinu og líklega innangengt í heytóftina eða hlöðuna norðaustan við.



**Hróarsstaðir – 12**
**Sérheiti:** Hróarsstaðakot
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Hróarsstaðakot stóð norður af fjárhúsunum á Hróarsstöðum, stakt hús, þar bjó maður að nafni Nikulás Guðmundsson sem kallaður var Skáld-Lási eða Þjófa-Lási (GI).
**Lýsing**
Á þessum slóðum eru óljósar tóftaleifar að því er virðist fjárhúsa (nr. 11), eldri minjar kunna þó að leynast þar undir.
**Aðrar upplýsingar**
Nikulás Guðmundsson „yngri" (f. 1852 – d. 1916) bjó á Hróarsstaðakoti, einnig nefndur Skáld-Lási eða Þjófa-Lási (http://skjalasafn.skagafjordur.is/lausavisur/visur.php?VID=10477, skoðað 14.07.2009). Engin Nikulás er hins vegar skráður til heimilis á Hróarsstaðakoti eina árið sem kotið er nefnt í manntölum árið 1870 (www.manntal.is, skoðað 14.07.2009).

**Hróarsstaðir – 13**
**Sérheiti:** Þorvaldartóftir
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Tóft/dæld
**Staðhættir og lýsing**
Í suðausturhorni túnsins á Hróarsstöðum var fjárhúskofi sem kallaður var Þorvaldartóftir eftir manni sem átti húskofann (GI).
**Lýsing**
Samkvæmt Guðjóni var kotið alveg syðst í túninu á merkjum jarðanna Hróarsstaða og Kurfs, þar eru engar minjar sýnilegar í dag. Hnit voru tekin samkvæmt tilsögn Guðjóns.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum við örnefnaskrá segir Guðjón Ingimarsson: „Þarna var fjárhúskofi sem var uppistandandi í eitt ár en var þá rifinn og timbrið flutt að Fjalli og þar notað í fjárhúsbyggingu. Þarna var aldrei búseta. Ábúandinn í Kurfi fékk að byggja þennan fjárhúskofa í Hróarsstaðalandi." (GI).

**Hróarsstaðir – 14**
**Sérheiti:** Þorvaldartóftir
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Tóft/dæld
**Staðhættir og lýsing**
Sunnarlega og austast í túninu um 160m frá bæ á Hróarsstöðum er ávalur hóll og dæld í honum.
**Lýsing**
Hóllinn er um 30-40sm hærri en umhverfið og dæld í honum miðjum um 10-15sm djúp.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega eru þetta leifar Þorvaldstófta sem var fjárhúskofi sem stóð að sögn Guðjóns Ingimarssona í suðausturhorni túnsins á Hróarsstöðum og var nefndur eftir manni sem átti fjárhúskofann. Guðjón taldi þó að kofinn hafi staðið sunnar, fast við eða jafnvel á merkjum jarðanna Hróarsstaða og Kurfs (GI).

**Hróarsstaðir – 15**
**Hlutverk**: Jarðræktarsvæði
**Tegund**: Beðasléttur
**Staðhættir og lýsing**
Beðasléttur sjást víða í gamla túninu á Hróarsstöðum, allstaðar í túninu norðan við bæ og sunnan fjárhúsanna, alls 10 talsins og a.m.k. 5 í túninu sunnan við bæ. Slétturnar eru enn greinilegar í túninu, ávalir hryggir um 7-10m breiðir og 30-100m langir og liggja allir VSV-ANA.

**Hróarsstaðir – 16**
**Hlutverk**: óþekkt
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum suðvestast í landi Hróarsstaða er lítið garðlag.
**Hættumat**
Garðlagið er um 6m frá sjávarbakka sem brýtur af og telst því í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Garðlagið er um 9m langt og liggur norðaustur-suðvestur og er algróið grasi um 30sm hátt og á bilinu 80-140sm breitt.




**Hróarsstaðir – 17**
**Hlutverk**: Óþekkt/sjóbúð
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Tóftaleifar eru yst á sjávarbakkanum suðvestast í landi Hróarsstaða.
**Hættumat**
Tóftin er að hluta horfin fram af bakkanum og er í mikilli hættu af frekari landbroti.
**Lýsing**
Það sem eftir er af tóftinni snýr norður-suður eftir sjávarbakkanum, og er um 5x12m að ummáli. Veggir eru algrónir um 1m breiðir og 20-30sm háir, rofnir til suðvesturs.

**Hróarsstaðir – 18**
**Hlutverk**: Óþekkt/naust
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Tóftaleifar eru yst á sjávarbakkanum um 320m beint vestur af bæ á Hróarsstöðum.
**Hættumat**
Tóftin stendur á sjávarbakkanum og hefur brotið eitthvað af vesturhluta hennar og telst hún því í mikilli hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er skeifulaga um 5x5m að utanmáli, opin til vesturs til hafs. Veggir eru algrónir og nokkuð þýfðir um 30sm háir og 1,5-2,5m breiðir.



**Aðrar upplýsingar**
Naustið var í notkun fram yfir 1890 (athugasemd Guðjóns Ingimarssonar).




**Hróarsstaðir – 19**
**Hlutverk**: Stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Óljós stekkjartóft er á sjávarbakkanum um 380m VNV af bæ á Hróarsstöðum.
**Hættumat**
Minjarnar eru á sjávarbakka sem brýtur af og hefur hluti þeirra þegar horfið í sjó, þær teljast því í mikilli hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er um 10-60sm hærri en umhverfið og heldur gróskumeiri. Innra fyrirkomulag er fremur óljóst en svo virðist sem tóftin hafi snúið nálega norðaustur-suðvestur, en að öðru leyti er erfitt að fullyrða um stærð eða lögun upphaflega mannvirkisins þar sem óvíst er hve mikið hefur þegar brotnað í sjó. Það sem eftir stendur veggja er á bilinu 1,5-3m að breidd og 10-60sm á hæð.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna var stekkur samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni (GI).

**Hróarsstaðir – 20**
**Hlutverk**: Stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Norðvestast í landi Hróarsstaða um 600m norðvestur af bæ er svolítil vík og stekkjartóft í henni út við fjörukambinn.
**Hættumat**
Tóftin er í hættu vegna ágangs sjávar og vesturhluti tóftarinnar orðin hálffullur af grjóti af þeim sökum.
**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðin, leiðigarður er að lítilli rétt og minna hólf í norðvesturenda, hugsanlega tvískipt en það er óljóst vegna hruns og grjóts sem sjór hefur borið inní tóftina. Veggir eru á bilinu 10-60sm háir og 1-1,5m breiðir.






**Hróarsstaðir – 21**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Norðvestast í landi Hróarsstaða um 600m norðvestur af bæ er svolítil vík og stekkjartóft út við fjörukambinn, 30m austar fast vestan við vegslóð niður að víkinni er lítið hólf girt lágu garðlagi.
**Hættumat**
Minjarnar eru hættu vegna landbrots og hefur eitthvað brotið af suðurhluta þeirra sem liggur út við víkina.
**Lýsing**
Garðlagið er á bilinu 10-40sm hátt og um 50sm breitt, algróið grasi og hólfið rúmir 400m$^2$ að innanmáli.




**Hróarsstaðir – 22**
**Hlutverk**: Óþekkt/heytóft?
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Upp á Bjargbrúninni ofan við Hróarsstaði um 170m norðaustur af bæ er lítil tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr þvert á brekkuna suðvestur-norðaustur, veggir eru þýfðir en nokkuð greinilegir, 30-50sm háir. Engar dyr eru sýnilegar á tóftinni.



*Mynd 47, horft til suðurs eftir ruddum vegi/götu uppá brekkubrúninni ofan við bæina "undir Brekku".*

**Hróarsstaðir – 23** (sama og Örlygsstaðir – 82 , Kurfur – 22 og Krókur - 14)
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Ruddur vegur
**Staðhættir og lýsing**
Á brekkubrúninni ofan við alla bæina „undir Brekku" er ruddur vegur sem hlykkjast eftir brúninni, ofan við hann í landi Hróarsstaða er yngri vegur, beinni og uppbyggður yfir mýrarnar (nr. 24). Sneiðingur liggur upp brekkuna ofan við fjárhúsin á Hróarsstöðum og tengist þar eldri veginum.

**Hróarsstaðir – 24**
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Uppbyggður vegur
**Staðhættir og lýsing**
Á brekkubrúninni ofan við alla bæina „undir Brekku“ er ruddur vegur sem hlykkjast eftir brúninni, ofan við hann í landi Hróarsstaða er yngri vegur, beinni og uppbyggður yfir mýrarnar (nr. 24).

**Hróarsstaðir – 25**
**Hlutverk**: Óþekkt/kennimark
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á brekkustalli um 830m norðaustan við bæ á Hróarsstöðum er varða.
**Lýsing**
Varðan er ferköntuð, vel hlaðin, en aðeins farin að falla saman, um 1m á kant og um 60-70sm há.

**Hróarsstaðir – 26**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Mógrafir eru ofan við túnin um 300 austan Skagavegar beggja megin landamerkja Hróarsstaða og Króks, í um um 1200m fjarlægð frá bæ á Hróarsstöðum.
**Lýsing**
Mógrafirnar Hróarsstaðamegin eru um 1500m$^2$ en hluti þeirra kann að hafa horfið við framræslu og túngerð. Grafirnar eru algrónar um 50-100sm djúpar.




**Hróarsstaðir – 27**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Mógrafir og -tóftir eru ofan við túnin um 300 austan Skagavegar beggja megin landamerkja Hróarsstaða og Króks.
**Lýsing**
Vestan við mógrafirnar í landi Hróarsstaða er mótóft uppá svolitlum hóli. Veggir eru með óljósar útbrúnir en innbrúnir skarpar um 10-20sm háar og töluvert grjót sýnilegt í þeim.

**Hróarsstaðir – 28**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Mógrafir og -tóftir eru ofan við túnin um 300 austan Skagavegar beggja megin landamerkja Hróarsstaða og Króks.
**Lýsing**
Norðaustan við mógrafirnar í landi Hróarsstaða er aflöng þúst í brekkunni í svolitlum halla til suðvesturs. Veggjalög sjást ekki en þústin er greinilega manngerð, um 40-50sm hærri en umhverfið og er grænni og gróskumeiri en mólendið í kring og nokkuð af grjóti í þústinni.

**Hróarsstaðir – 29**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Um 270m norðaustan við mógrafirnar (nr. 26) er varða uppá brekkubrún (þeirri sömu og varða nr. 25 stendur á).
**Lýsing**
Varðan er um 90sm á kant að grunnfleti og um 110sm há. Vel hlaðin en farin að halla til suðurs og eitthvað búið að hrynja úr henni.


*Mynd 48, varða uppá brekkubrún um 270m norðaustur af mógröfunum nr. 26.*

**Hróarsstaðir – 30**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Um 300m norðaustan við vörðu nr. 29 er önnur varða uppá stórum melás sem gengur þvert yfir land Hróarsstaða frá norðri til suðurs og nefnist Bruni.
**Lýsing**
Varðan stendur á fremur flötum jarðföstum steini og er ferhyrnd, um 80sm á kant að grunnfleti og á bilinu 180-190sm há.


*Mynd 49, varða nr. 30 uppá Bruna.*

**Hróarsstaðir – 31**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á Bruna tæpa 500m NNA af vörðu nr. 30 er lítið vörðubrot (nr. 31), suðaustan við litla tjörn.
**Lýsing**
Varðan er ólöguleg og lítil, um 1m að grunnfleti, um 80-100sm há og mjókkar upp. Aðeins hefur hrunið úr henni en hún hefur ekki verið löguleg í upphafi.

(Hróarsstaðir 32 og 33 eru landamerki og eru í landamerkjakafla aftar í skýrslunni.)

**Hróarsstaðir – 34**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Við norðvesturenda stærstu tjarnarinnar nyrst á Bruna er lítil varða, um 100m ASA af vörðu nr. 33.
**Lýsing**
Varðan er um 70sm á kant að grunnfleti og um 80-100sm há. Sæmilega stöndug og lítið hrunið úr henni.

**Hróarsstaðir – 35**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Við norðausturenda stærstu tjarnarinnar nyrst á Bruna er lítil varða, um 140m austur af vörðu nr. 34.
**Lýsing**
Varðan er ferhyrnd og vel hlaðin, um 60sm að grunnfleti og um 110-120sm há, ekkert virðist hafa hrunið úr henni.

**Hróarsstaðir – 36**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Um 70m norðaustur af stærstu tjörninni nyrst á Bruna er stæðileg varða.
**Lýsing**
Varðan er 120x80sm að grunnfleti og um 150-160sm há, lítið hefur hrunið úr henni.

**Hróarsstaðir – 37**
**Hlutverk**: Óþekkt/smalabyrgi
**Tegund**: Hleðsla/varða
**Staðhættir**
Upp á Bruna, norðan við stærstu tjörnina, um 90m NNV af vörðu nr. 36 er hleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er lágreist og mikið hrunin um 20-40sm há og um 2,3x1,5m á kant (N-S). Hugsanlega eru þetta leifar af smalabyrgi eða mikið hruninni vörðu.

## *Hróarsstaðasel?*



*Mynd 50, seltóftir eru í botni svonefnds Seldals í landi Hróarsstaða, um 2km SAS af bæ í Króksseli. Seltóftirnar sjást fyrir miðri mynd niður í botninum, grænni en rauðleitur mýrargróðurinn umhverfis.*

Selstaða var frá Hróarsstöðum í hólmanum milli Fossár og Hest-/sellækjar, þar sem síðar var byggt býlið Hólmi, formlega skipt úr landi Hróarsstaða 1952 fór í eyði 1981, og stóð síðast norðan Fossár (SB: 59-60; PK: 29; HÞ II: 90). Umfjöllun um minjar í hólmanum eru aftar í skýrslunni ásamt öðrum minjum innan núverandi merkja jarðarinnar Hólma. Tóftirnar í Seldal eru hins vegar innan núverandi merkja Hróarsstaða og eru líklega leifar annars sels annað hvort frá Hróarsstöðum eða Króki.

**Hróarsstaðir – 38**
**Hlutverk**: Sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í botni Seldals eru seltóftir. Tóftirnar standa á svolitlum brekkustalli ofan við læk, en ofan (austan) við er dalbotninn víður og votlendur.
**Lýsing**
Aðaltóftin snýr nálega norðaustur-suðvestur og er tvískipt, stærra hólf að norðan 6,5x2,5m að innanmáli með dyr fyrir miðjum vesturvegg. Sunnan við er lítil viðbygging, um 2x2m að innanmáli með dyr til vesturs. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli. Veggir eru á bilinu 70-100sm háir og 1-2,5m breiðir. Grjót sést víða í veggjum sem eru annars algrónir.




**Hróarsstaðir – 39**
**Hlutverk**: Óþekkt/sel
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í botni Seldals eru seltóftir og 6m norðaustur af aðaltóftinni er lítil stök tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 1,5x1,5m á kant að innanmáli með dyr til vesturs, veggir eru algrónir um 60-80sm háir og 90-120sm breiðir. Fast norðan við eru óljós veggjalög, hugsanlega hrun úr tóftinni, en gæti einnig verið náttúrulegt.

**Hróarsstaðir – 40**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Fast austan við seltóftirnar eru mógrafir.
**Lýsing**
Grafirnar eru um 20-50sm djúpar, algrónar, alls um 1300m$^2$.

**Hróarsstaðir – 41**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður. Sú vestasta um 370m frá seltóftunum.
**Lýsing**
Vestasta varðan er upp á jarðföstum steini, nokkrum góðum hleðslusteinum er raðað hverjum uppá annan og mynda um 40sm breiða og 1m háa strýtu, (140-150sm með jarðfasta steininum).


*Mynd 51, hleðslur (nr. 41-43) á norðurenda Bruna, norðaustan við seltóftirnar tóftirnar í Seldal, horft til norðausturs.*

**Hróarsstaðir – 42**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður, nyrst eru tvær vörður í um 8m fjarlægð hver frá annarri (nr. 42 og 43), um 70m norðaustur af vörðu nr. 41.
**Lýsing**
Vestari varðan af þessum tveimur er um 110-120m há og 40sm breið neðst en mjókkar upp. Varðan er í raun aðeins einföld röð flatra hellusteina, en smásteinum hefur verið skotið á milli til stuðnings.

**Hróarsstaðir – 43**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður, nyrst eru tvær vörður í um 8m fjarlægð hvor frá annarri (nr. 42 og 43), um 70m norðaustur af vörðu nr. 41.
**Lýsing**
Austari varðan er svipuð hinni, um 40sm breið neðst og um 140-150m há í allt, neðrihluti hennar er röð flatra steina með smásteinum til stuðnings á milli en efsti steinninn er keilulaga og stendur upp á rönd.

**Hróarsstaðir – 44**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður. Nyrst eru tvær vörður í um 8m fjarlægð hver frá annarri (nr. 42 og 43), um 90m ASA af þeim er hrunin varða (nr. 44).
**Lýsing**
Varðan er mest um 50sm há, 90x160sm að grunnfleti, aflöng og liggur NA-SV.

**Hróarsstaðir – 45**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður. Á svolitlu klettanefi sem skagar til norðausturs á vesturbrún Kellingarklaufar eru tvær hrundar vörður, með 5m millibili.
**Lýsing**
Vestari varðan er 180sm í þvermál og mest um 40sm há.



*Mynd 52, horft til norðausturs yfir hleðslur nr. 45 og 46 á vestur (suður) barmi Kerlingarklaufar.*

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hróarsstaða segir: „Ytri endi Brunans að vestanverðu kallast Tögl, en norðvestan í honum er dalverpi, sem kallast Seldalur. Þar eru gamlar tóttarrústir. Nokkru austar og norðan í Brunanum er hvilft, sem kölluð er Kerlingarklauf, en frá klaufinni gengur lágt drag, sem kallað er Kerlingarklaufardrag alla leið suður í Brunavatn […]“ (ÖH: 2).

**Hróarsstaðir – 46**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Upp á norðurenda Bruna, norðaustur af tóftunum í Seldal eru nokkrar einfaldar vörður. Á svolitlu klettanefi sem skagar til norðausturs á vesturbrún Kerlingarklaufar eru tvær hrundar vörður, með 5m millibili.
**Lýsing**
Austari varðan er 170sm í þvermál og mest um 40sm há.

**Hróarsstaðir – 47**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Fyrir mynni Kerlingarklaufar við norðurenda Brunans eru mógrafir niður í flóanum.
**Lýsing**
Grafirnar eru um 50-100sm djúpar og algrónar, alls um 340m$^2$.

**Hróarsstaðir – 48**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Fyrir mynni Kerlingarklaufar við norðurenda Brunans eru mógrafir niðri í flóanum, og mótóft um 50m vestan þeirra upp í brekkunni.
**Lýsing**
Tóftin er afar ógreinileg með sokkna veggi sem falla vel inní umhverfið algrónir mosa og lyngi. Veggirnir eru um 30sm háir og 120-200sm breiðir. Engar greinilegar dyr eru útúr tóftinni.



**Hróarsstaðir – 49**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í Króksflóa, um 300m norðvestur af mógröfunum fyrir mynni Kerlingarklaufar austur af Seldal er lítil varða á norðurenda lágs holts í framhaldi af Bruna.
**Lýsing**
Varðan/hleðslan stendur á stórum stein á holtsbrún og er um 100-130sm há. Nokkrir fremur smáir steinar á jarðföstum stórum steini þá stór steinhella og loks stór steinn reistur þar upp á rönd.

**Hróarsstaðir – 50**
**Hlutverk**: Óþekkt/heytóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 330m norður af mógröfunum (nr. 47) og 100m suðvestur af Hestlæk er tóft á suðurenda lágs lynggróins holts.
**Lýsing**
Tóftin stendur á svolitlum grænum hóli sem sker sig úr umhverfinu. Veggir eru þýfðir en þó greinilegir um 60-80sm háir, mest um 140sm breiðir. Dyr virðast hafa verið á suðurenda vesturveggjar til vesturs. Tóftin er öll gróin grasi, mosa og ljónslöpp en sker sig vel úr lyngmóanum umhverfis og mýrinni sunnan við.




**Hróarsstaðir – 51**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Um 320m suðaustur af Fossrétt er aflangur melhóll og á honum tvær hleðslur (nr. 26 og 27).
**Lýsing**
Norðari hleðslan er um 4x2,5m norðaustur-suðvestur, á bilinu 10-30sm há að hluta gróin lyngi en melurinn er annars lítt gróinn.
Aðrar upplýsingar
Miðað við landamerkjagrunn Nytjalands eru merki Krókssels og Hróarsstaða norðan við þennan melhól og hleðslurnar því í landi Hróarsstaða.


*Mynd 53, hleðslur á melhól um 320m suðaustur af Fossrétt. Horft til norðvesturs, fjær er hleðsla nr. 51 og nær nr. 52.*

**Hróarsstaðir – 52**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Um 320m suðaustur af Fossrétt er aflangur melhóll og á honum tvær hleðslur (nr. 26 og 27).
**Lýsing**
Syðri hleðslan er næsta ferhyrnd um 1m á kant, 20-30sm há og ógróin.
Aðrar upplýsingar

Miðað við landamerkjagrunn Nytjalands eru merki Krókssels og Hróarsstaða norðan við þennan melhól og hleðslurnar því í landi Hróarsstaða (þó er rétt að taka fram að töluverðrar ónákvæmni gætir sumstaðar í landamerkjagrunninum).

## *Landamerki*

Í örnefnaskrá Hróarsstaða segir um landamerki jarðarinnar: „Að norðan ræður garður frá sjó, er liggur undir Skollaklett. Þaðan í horn það, sem lyng heldur. Það er norðvestasta hornið á svæði því, sem kallað er Bruni (en yfir hann liggja lönd þriggja jarða). Þaðan í mitt Hrísholt. Úr Hrísholti í Hellisgil mitt og síðan í Fossá fyrir sunnan Króksteig. Úr Þverlæk í vestanvert Litla-Skjaldbreiðarvatn, svo til Fíflækjar, sem skilur merki Örlygsstaða og Hróarsstaða. Síðan í áðurgreinda Fossá, vestanvert við fossana í Bláhól, þaðan í Heylæk. Úr Heylæk í mitt Bunavatn, svo eftir lágbrunanum í Króklág. Svo í Brekku móts við túngarð á milli Kurfs og Hróarsstaða og framhald af sama garði **[nr. 9]** til sjávar, svo sjór að vestan til fyrrgreinds takmarks.“ (ÖH, 1).

**Hróarsstaðir – 9 (sama og Kurfur – 8)**
**Hlutverk**: Túngarður/landamerki
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru útlínur túnsins sýndar, girðing eða garðlag hefur þá verið meðfram túninu að sunnan og austan.
**Lýsing**
Leifar garðs eru sýnilegar meðfram túninu að sunnan og austan, og heldur garðlagið áfram til norðurs undir brekkunni töluvert lengra en túnið samkvæmt túnakortinu. Að sunnan er um sameiginlegan tún og merkjagarð að ræða milli Hróarsstaða og Kurfs (Kurfur - 8). Þar eru leifar torf- og grjótgarðs greinanlegar á um 80m kafla, um 1m breiður og 20-40sm hár. Greinilegur garður er sömuleiðis til norðurs frá suðausturhorni túnsins á um 40m kafla, 1,5-2m breiður og 40-60sm hár og svo sjást slitrur af honum upp við gamla bæjarstæðið, en þaðan áfram til norðurs er grjótgarður um 130sm breiður og 50-70sm hár, hruninn á köflum.
**Aðrar upplýsingar**
Túngarðurinn að sunnan hefur einnig verið merkjagarður milli Hróarsstaða og Kurfs. (Sjá Kurfur – 8).

**Hróarsstaðir - 86 (Sama og Krókur – 19)**
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Suður við merki Króks og Hróarsstaða ofan túns eru leifar garðlags (Krókur - 19) og sambyggðrar tóftar (Krókur- 20).
**Lýsing**
Garðlagið er um 70m langt og nær frá miðri brekkunni og niður hálft túnið ofan við veginn. Garðlagið er um 130sm breitt og á bilinu 10-80sm hátt, grjóthlaðið og vel standandi ofan (austan) tóftar (nr. 20) en grónara og lægra neðan hennar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Króks (1982) segir: „Þaðan [úr Hellisgili] liggja merkin suður og ofar milli Króks og Hróarstaða í vörðu á Töglum og þaðan sjónhending í Skollhamar þaðan ræður torfgarður til sjávar.“ (ÖKr: 1). Það sem eftir er af þessum garði er þó grjóthlaðið en torfgarðurinn hefur horfið við túnsléttun.

**Hróarsstaðir – 32**
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Um 330m VNV af vörðu nr. 31 er önnur varða fast við suðvestan við aðra litla tjörn.
**Lýsing**
Varðan er töluvert hrunin, um 60-100sm há og um 70sm á kant að grunnfleti, hlaðinn á jarðföstum steini.

**Hróarsstaðir – 33**
**Hlutverk**: Óþekkt/landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Um 335m NNA af vörðu nr. 32 er vörðubrot um 57m suðaustan við merkjalínuna milli Króks og Hróarsstaða, miðað við landamerkjagrunn Fasteignamats Ríkisins.
**Lýsing**
Varðan er lítil og ólöguleg, hlaðin upp á jarðföstum steini. Hleðslan er um 50sm hærri en steinninn, alls um 120sm og um 60-70sm á kant að grunnfleti.

## *Hróarsstaðasel (Hólmi)*

Selstaða var frá Hróarsstöðum í hólmanum milli Fossár og Hest-/sellækjar, þar sem síðar var byggt býlið Hólmi, formlega skipt úr landi Hróarsstaða 1952, fór í eyði 1981, og stóð síðast norðan Fossár (SB: 59-60; PK: 29; HÞ II: 90).




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 53**
**Sérheiti:** Hólmi
**Hlutverk**: Óþekkt/híbýli
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í hólmanum milli Fossár og Hestlækjar/Sellækjar eru nokkrar tóftir, leifar Hróarsstaðasels og bæjarins Hólma. Á aflöngum hól um 170m beint suður af síðasta íbúðarhúsinu í Hólma eru eldri tóftir Hólmabæjarins (Hróarsstaðaselshólma).
**Lýsing**
Bæjarsamstæðan hefur verið samsett úr 6-7 húsum. Austast er að því er virðist stakt hús og sund eða jafnvel göng milli þess og næsta húss. Þá koma þrjú hús í röð og virðist hafa verið innangengt á milli þeirra en aðeins út til suðurs úr miðju húsinu. Vestast í röðinni er hús eða jafnvel rétt opin til suðurs og með hlið eða dyr norðast á vestursvegg. Bak við það er stærsta rýmið sem liggur þvert á hin en ekki virðist hafa verið innangengt í það, en einu greinanlegu dyrnar eru fyrir miðjum norðurvegg.
**Aðrar upplýsingar**
Líklega hefur bærinn verið byggður upp á sama stað og selið stóð áður, hvort sem húsakostir þar hafa verið nýttir áfram og endurbættir eða byggt á rústum þeirra.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 54**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Dæld
**Staðhættir**
Tæpa 60m norðvestur af tóftum gamla bæjarins í Hólma eru dældir í hólkoll sem minna á einföld garðahús.
**Lýsing**
Dældirnar eru á bilinu 10-20sm djúpar og mynda líkt og tvær kræR með lágum garða á milli, útveggir eru hins vegar ekki greinanlegir og virðist húsunum hafa verið rutt út. Hrúga af hleðslugrjóti er sunnan við dældirnar, líklega leifar hússins sem ýtt hefur verið út.



*Mynd 54, dældir (nr. 54) eftir hugsanleg fjárhús norðvestur af gamla Hólma-bænum, horft til vesturs.*




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 55**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Tæpa 150m suðaustur af tóftum gamla Hólma-bæjarins er tóft utan í blásnum melhóli. Lækur rennur þvert yfir hólmann á milli hennar og bæjartóftanna og annar lækjarfarvegur fer þvert yfir hólmann um 160m suðaustar.
**Lýsing**
Tóftin snýr suðvestur-norðaustur, suðvestast er fjárhús með dyr í vesturhorni og að því er virðist tvo garða undir einu þaki. Norðan við er lítið hólf, hugsanlega hluti af heytóft sem hefur verið á milli fjárhúsanna og annarrar tóftar sem er áföst norðaustan við. Óljóst garðabrot eða hrun er inní norðari tóftinni og hlið eða dyr eru til norðvesturs, austan við það er lítil tóft opin til norðausturs. Grjót sést á nokkrum stöðum í tóftinni en veggir eru annars grónir og á bilinu 30-90sm háir.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 56**
**Hlutverk**: Óþekkt/fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Aflöng fjárhústóft stendur á gróinni grund undir gömlum árbakka um 160m VNV af yngsta bæjarstæðinu í Hólma.
**Lýsing**
Tóftin er alls um 30m löng og 9m breið og liggur í örlitlum sveig frá suðri til NNA. Innra fyrirkomulag er ögn óljóst en svo virðist sem garðahús hafi verið í miðju en hlaða eða kofi að norðan og að því er virðist heytóft sunnan við. Dyr eru fyrir miðjum langvegg fjárhústóftarinnar og gengt milli garðanna gengt þeim. Veggir eru á bilinu 30-140sm háir og á



bilinu 1-2m breiðir. Grjóthleðslur sjást vel og standa víða ágætlega, en eru hrundar á köflum. Tóftin er að mestu gróin en torfhleðslur sjást á stöku stað í rofi.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 57**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Tóft
Staðhættir
Um 140m norðvestur af yngsta bæjarstæðinu í Hólma, um 35m norðaustur af aflöngu tóftinni nr. 56 er önnur fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og hefur verið með timburþil til norðvesturs og tvo grjóthlaðna garða, annar með steyptri plötu. Norðausturveggur er hæstur um 180sm, með mjög stóru grjóti neðst í vegg og hlöðuveggurinn að suðaustan er sömuleiðis stæðilegur. Inní tóftinni er samfallinn timburgrind úr húsinu og bárujárnsplötur úr þakinu.




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 58**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Rúma 200m norðvestur af yngsta bæjarstæðinu í Hólma er fjárhústóft.
**Lýsing**
Grjóthleðslur sjást í veggjum sem standa ágætlega, mest um 2m háir. Garðar eru að mestu grjóthlaðnir en grónir, grindin úr timbri og bárujárn liggja inní tóftinni. Hlaða virðist hafa verið í miðju húsinu og legið norður suður en garðahús verið til beggja handa. Einfalt garðahús til vesturs en tvöfalt til austurs.




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 59**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Mógrafir eru undir gömlum árbakka vestur af yngsta bæjarstæðinu í Hólma.
**Lýsing**
Grafirnar eru á bilinu 50-150sm djúpar. Skurður sker vesturhluta þeirra og tún tekur við vestan hans, það sem eftir er af gröfunum er rúmlega 560m$^2$.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 60**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Smá grjóthleðsla (nr. 60) er upp við gamla íbúðarhúsið, að austan, á yngsta bæjarstæðinu í Hólma.
**Lýsing**
Hleðslan myndar svolitla tóft sem er opin til suðurs. Torfhleðslan er hæst upp við húsvegginn, um 1m há en lækkar út frá húsinu og er lægst um 30sm og er á bilinu 1-1,5m breið. Torfveggurinn virðist hlaðinn upp að húsinu og því líklega yngri eða samtíða því, þótt ekki sé hægt að útiloka að hann tilheyri eldri byggingu.


*Mynd 55, hleðsla upp við íbúðarhúsið í Hólma, að austanverðu. Horft til norðurs.*

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 61**
**Hlutverk**: Óþekkt/kofi
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Bæjarlækur rennur fast austan við yngsta bæjarstæði Hólma, handan við lækjargilið um 20m suðaustur af íbúðarhúsinu er kofatóft (nr. 61) og fleiri smátóftir og þústir suður af honum.
**Lýsing**
Leifar torfhlaðins kofa. Hann hefur verið með dyrum til vesturs og hugsanlega þilstafni, langveggir eru torfhlaðnir um 90sm háir, en austurgafl lægstur, um 30sm hár. Viðir úr grind kofans eru enn í tóftinni (sjá teikningu hér að neðan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 62**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hóll
**Staðhættir**
Bæjarlækur rennur fast austan yngsta bæjarstæðis Hólma. Handan við lækjargilið, um 20m suðaustur af íbúðarhúsinu er kofatóft (nr. 61) og aflangur hóll suðaustan við hana (nr. 62).
**Lýsing**
Hóllinn er aflangur 3x5m (A-V) mest um 60sm hár og virðist manngerður.




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 63**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Bæjarlækur rennur fast austan við yngsta bæjarstæði Hólma, handan við lækjargilið, um 20m suðaustur af íbúðarhúsinu er kofatóft (nr. 61) og aflangur hóll suðaustan við hana (nr. 62) og lítil þúst (nr. 63) 4m sunnan hólsins.

**Lýsing**
Þústin er ögn aflöng 2,5x4m að utanmáli (A-V) mest um 30sm há og fremur ólöguleg.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 64**
**Hlutverk**: Óþekkt/leikstaður barna
**Tegund**: Tóftir
**Staðhættir**
Austan við gil bæjarlækjarins í Hólma, um 30m SSA af bæ er þyrping lítilla tófta, alls sex talsins.
**Lýsing**
Tóftirnar eru litlar og með lága veggi, tvær vestustu tóftirnar eru grafnar inní brekkuna og smá hleðslur umhverfis, en hinar eru uppá bakkanum með svipuðu lagi. Líklega gert af börnum, gullabú af einhverju tagi. Veggir eru á bilinu 10-40sm háir, algrónir grasi og mosa og lyngi á köflum. Grjót sést í nokkrum tóftanna.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 65**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóftir
**Staðhættir**
Austan við gil bæjarlækjarins í Hólma, um 30m SSA af bæ er þyrping lítilla tófta, alls sex talsins, fast sunnan við þessar smátóftir eru tvær umfangsmeiri tóftir (nr. 65 og 66).
**Lýsing**
Vestari tóftin snýr austur-vestur, með dyr og hugsanlega þil til vesturs. Tóftin er niðurgrafin, en útbrúnir veggja eru á bilinu 10-40sm háar. Veggirnir eru algrónir grasi, mosa og ljónslöpp en þó sér í grjóthleðslur við dyr að vestan. Leifar af timburgrind eru enn í tóftinni og járnabrak.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega er þetta niðurgrafin kartöflugeymsla.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 66**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóftir
**Staðhættir**
Austan við gil bæjarlækjarins í Hólma, um 30m SSA af bæ er þyrping lítilla tófta, alls sex talsins, fast sunnan við þessar smátóftir eru tvær umfangsmeiri tóftir (nr. 65 og 66).
**Lýsing**
Austari tóftin snýr nálega norður-suður, hugsanlega með dyr til norðvesturs (gæti einnig verið rof). Veggir eru þýfðir um 20sm háir. Suðvesturveggur virðist hafa rofnað og gróið yfir hann aftur, hvergi sér í grjót í tóftinni.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 67**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Um 50m suður af bæ er ferhyrnt garðlag við bakka Fossár austan bæjarlækjarins.
**Lýsing**
Garðlagið lokar af lítinn garð 5,5x6m að innanmáli, ekkert greinilegt hlið er á garðinum en rof er fyrir miðjum norð-vesturvegg og gæti hlið hafa verið þar. Veggir eru á bilinu 10-40sm háir, að mestu grónir en þó sér í grjót á stöku stað.




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 68**
**Hlutverk**: Niðurgröftur
**Tegund**: Mógröf
**Staðhættir**
Mógrafir eru á árbakka Fossár við brekkufótinn vestan við mynni Músadals, suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma.
**Lýsing**
Grafirnar eru um $270m^2$ og á bilinu 50-150sm djúpar, grasi grónar, á þurrum árbakka.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 69**
**Hlutverk**: Óþekkt/mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Lítil tóft er á norðurbakka Fossár fast vestan við mynni Músadals, suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma.
**Hættumat:** Minjarnar standa fremst á árbakka Fossár og eru í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er lítil, um 4x4,5m að utanmáli, opin til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 10-30sm háir og 1-1,5m breiðir, lægri að sunnan, algrónir og hvergi sér í grjót.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 70**
**Hlutverk**: Óþekkt/stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæðinu í Hólma er tóftaþyrping. Suðvestast í þyrpingunni er tóft (nr. 70), hugsanlega lítil rétt eða stekkur.
**Hættumat:** Minjarnar standa fremst á árbakka Fossár og eru í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá suðvestri til norðausturs og mjókkar til norðausturs. Hugsanlega rétt og lítil kró norðaustastan við. Veggir eru á bilinu 10-90sm háir og um 1m breiðir.




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 71**
**Hlutverk**: Óþekkt/kvíar
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Suðvestast í þyrpingunni er tóft (nr. 70), hugsanlega rétt eða stekkur, og um 5m austan við hana önnur aflöng hugsanleg tóft (nr. 71).
**Hættumat:** Minjarnar standa fremst á árbakka Fossár og eru í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er fast austan við lítinn lækjarfarveg, um 4x13m að utanmáli, þýfð, með 50-80sm háa og um 1m breiða veggi. Tóftin er afar illgreinanleg og gæti verið náttúrumyndun en minnir óneitanlega á kvíar (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 72**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Fast við enda hugsanlegra kvía (nr. 71) er lítil þúst.
**Lýsing**
Þústin sem er um 3x5m að utanmáli, er líkt og hinar meintu kvíar, mjög óljós og gæti verið náttúrumyndun. Árbakkinn er votlendur efst í mynni Músadals en stórþýfður þar sem þústin stendur, en hún stendur hærra og sker sig örlítið úr umhverfinu um 60-100sm (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 73**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Nyrst er lítil illgreinanleg tóft í blautu dalsmynninu.

**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og virðast dyr hafa verið til suðvesturs. Veggirnir eru ögn þýfðir á bilinu 40-50sm háir og um 1m breiðir (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 74**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Nyrst er lítil illgreinanleg tóft í blautu dalsmynninu og um 5m suðaustur af henni önnur greinileg þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin er sokkin en greinileg með um 10-30sm háa og um 1-3m breiða veggi. Að norðan er aflangt hólf um 6x1,5m að innanmáli, með hliði eða dyrum til norðvesturs. Sunnan við er lítið hólf um 1,5x2m opin til suðvesturs (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 75**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Á miðju tóftasvæðinu er aflöng tóft sem snýr norður suður (nr. 75).
**Lýsing**
Tóftin er um 8x1,5m að innanmáli með dyr til suðurs. Veggir eru á bilinu 20-80sm háir og um 1m breiðir. Hvergi sér í grjót í veggjum, en tóftin er algróin og nokkuð þýfð (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 76**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Á miðju tóftasvæðinu er aflöng tóft sem snýr norður-suður (nr. 75), um 5m suður af henni, á bakka Fossár eru leifar annarrar tóftar sem er að hluta horfin fram af bakkanum.
**Hættumat:** Minjarnar eru í mikill hættu vegna landbrots Fossár og hefur hluti þeirra þegar horfið fram af árbakkanum.
**Lýsing**
Það sem eftir er af tóftinni er um 1,5x4m veggbrot yst á bakkanum, algróið grasi um 30sm hátt (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 77**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Á miðju tóftasvæðinu er aflöng tóft sem snýr norður suður (nr. 75), fast austan við hana er lítil tóft.
**Lýsing**
Tóftin er um 6x6m að ummáli með dyr til suðurs, veggir algrónir á bilinu 20-30sm háir og örlítið þýfðir (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 78**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Óljós tóft er utan í tóftahól austarlega í þyrpingunni.
**Lýsing**
Tóftin er um 4x5m á kant að utanmáli og stendur í örlitlum halla utan í tóftahól (sjá teikningu hér að ofan). Veggir eru 20-30sm háir, grónir að hluta og þýfðir, óljósir til norðvesturs þar sem gætu hafa verið dyr.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 79**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping. Stærsta tóftin er uppá svolitlum hóli, hugsanlega á eldri minjum (nr. 80 og 81).
**Lýsing**
Tóftin stendur svolitlum tóftahóli um 1m hærri en umhverfið. Hún er a.m.k. þrískipt, syðst er aflöng tóft norður suður og tvö hólf norðan við. Veggir eru á bilinu 20-30m háir og um 1m breiðir, algrónir og hvergi sér í grjót (sjá teikningu hér að ofan).
**Aðrar upplýsingar**
Tóftirnar á þessu svæði eru umfangsmiklar og að því er virðist að hluta til byggðar á eldri minjum, ekki er því útilokað að þarna hafi á einhverjum tíma verið selstaða, þótt slíkt verði ekki fullyrt án frekari rannsóknar.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 80**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping, austast í henni eru tóftir (nr. 78-80) á svolitlum tóftahóli (nr. 81).
**Hættumat:** Tóftin er yst á árbakka Fossár og er í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Tóftin er óljós og ögn þýfð, algróin með um 30sm háa veggi, hún er um 4x1,5m að innanmáli virðist hafa verið með dyr til vesturs (sjá teikningu hér að ofan).

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 81**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hóll
**Staðhættir**
Við mynni Músadals suðaustur af yngsta bæjarstæði Hólma er tóftaþyrping, austast í þyrpingunni eru tóftir (nr. 78-79) á svolitlum hóli (nr. 81).
**Hættumat:** Hóllinn nær útá árbakka Fossár og er í hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Hóllinn er um 13x17m og stendur 50-100sm hærra en umhverfið. Hugsanlega er um að ræða fornar byggingaleifar (sjá teikningu hér að ofan).




**Hróarsstaðir (Hólmi) – 82**
**Hlutverk**: Óþekkt/stekkur?
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Lítil tóft er ofarlega í Fífudal sem er austari dalurinn af tveimur smá dölum sem ganga til norðurs frá Fossá austan við bæ í Hólma.
**Lýsing**
Tóftin er byggð inní brekkuna að norðvestan, hún er um 9m löng að utanmáli og um 4m breið, en svolítið hrunin að norðan og aðeins um 2x4m að innanmáli. Dyr eða hlið hefur verið til suðurs. Veggir eru algrónir á bilinu 20-50sm háir.
**Aðrar upplýsingar**
Staðsetning og útlit tóftarinnar bendir til að um stekk geti verið að ræða. Lítil rétt byggð upp við brekkuna að NV og lambakró áföst að norðan.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 83**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Norður af bæ í Hólma tekur við há melbreiða með fjölda tjarna og smávatna á milli. Uppá þessum melum um 1100m NNA af bæ í Hólma er varða.
**Lýsing**
Varðan saman stendur af nokkrum steinum sem raðað hefur verið ofan á stóran jarðfastan stein. Hleðslan er 50sm en alls er varðan 1.5m há með jarðfasta steininum.



*Mynd 56, varða (nr. 83) um 1100m NNA af bæ í Hólma. Við steininn er gamall sleði.*

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 84**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Hleðsla/Varða
**Staðhættir**
Norður af bæ í Hólma tekur við há melbreiða með fjölda tjarna og smávatna á milli. Uppá þessum melum um 1800m norður af bæ í Hólma er hleðsla eða varða.
**Lýsing**
Hleðslan stendur á lyngtorfu efst á melkolli og er að mestu gróin, um 30-40sm há og um 1m í þvermál.
**Aðrar upplýsingar**
Hleðslan er um 60m suðaustur af merkjum Hólma og Bjarga eins og þau eru sýnd á landamerkjagrunni Nytjalands, en merkjagirðing milli jarðanna er um 70m suðaustan við hleðsluna, úr afrennslinu úr tjörninni með stefnu í suðvestur.

**Hróarsstaðir (Hólmi) – 85**
**Sérheiti:** Hróarsstaðasel
**Hlutverk**: Sel
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í bókinni *Skaginn og Skagaheiðin* segir Sigurjón Björnsson: „Hróarsstaðasel stóð á hólma í Fossá alllangt ofar en Krókssel. Hróarsstaðahólmi nefndist það um tíma og nú síðast Hólmi og

stendur norðan ár.“ (SB: 59). Líklega hefur selið verið á sama stað og bærinn Hróarsstaðahólmi/Hólmi (nr. 53) meðan hann stóð á sjálfum hólmanum milli Fossár og Sellækjar/Hestlækjar.

(Hróarsstaðir – 86 er í kafla um landamerki Hróarsstaða hér að framan)

## Krókur og Krókssel - söguágrip



*Mynd 57, horft til suðurs yfir Krók af brekkubrúninni norðan við Króksgötu sem sést lengst til vinstri á myndinni. Íbúðarhús byggt árið 1913, síðar nýtt sem fiskverkunarhús, stendur á gamla bæjarstæðinu milli loðdýraskálanna, veggir úr torfbænum eru að hluta til uppistandandi austan við húsið. Túngarðurinn er óhreyfður á kafla meðfram túninu að norðaustan og minjar fast við hann utanverðan. Sumarbústaður frá árinu 1997 stendur suðvestast í landi Króks.*

Elsta heimild um Krók í Vindhælishreppi er frá síðari hluta 14. aldar í samningi um rekaskipti fyrir Brekknajörðum frá árinu 1384.[51] Þá er jörðin talin upp ásamt öðrum jarðeignum Þingeyrarklausturs í skrá frá 1525 og öðru bréfi frá 1532.[52] En jörðin kemur einnig fyrir í fleiri fornbréfum frá 15. og 16. öld og síðar og í jarðabókum frá 17. öld og síðar.[53] Krókur fór í eyði 1957.[54]

| Jörð | Ártal | Eigandi/eigendur | Jarðadýrleiki | Landskuld | Kúgildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Krókur | 1686 [55] | Bændaeign | 10 hdr. | 60 al. | 4 |
| Krókur | 1696 [56] | Þingeyraklaustur | 10 hdr. | 70 al. | 3 |
| Krokur | 1708 [57] | Katrín Ellingsdóttir | 10 hdr. | 40 al. | 2 1/2 |
| Krókur | 1847 [58] | Bændaeign | 10 hdr. | 70 al. | 3 |

[51] *Íslensk fornbréfasafn III*, 375.
[52] *Íslenzkt Fornbréfasafn IX* (1909-1913), 314 og 641.
[53] *Íslenzkt Fornbréfasafn V*, 31; VI, 116-7; IX 314, 641; Björn Lárusson (1967), 241.
[54] *Húnaþing II* (1978), 103.
[55] Björn Lárusson (1967), 241.
[56] Björn Lárusson (1967), 241.
[57] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII* (1713), 467.
[58] *Jarðatal á Íslandi* (1847), 243.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Krókur | 1861 [59] | - | 9,2 hdr. | - | - |

**Náttúrufar og jarðabætur**
Í jarðabókinni frá 1708 er jarðamatið 10 hundruð, landskuld 40 álnir og leigukúgildi 2 ½ en voru áður 3. Engar kvaðir hvíldu á jörðinni. Í áhöfn voru ein kýr, 11 ær, þrír veturgamlir sauðir, sjö lömb og eitt hross. Jörðin var talin geta fóðrað áðurtalið fé og einni kú betur. Engin afrétt tilheyrði Króki. Torfrista og stunga var sögð lök en þó brúkanleg. Lyng- og hrísrif var bjarglegt til eldiviðar en erfitt að sækja. Hvannatekja næg fyrir heimamenn en erfitt að sækja í bjargi við sjóinn. Rekavon var sögð fín en mjög erfið því sækja þurfti viðinn á bát. Engjar voru sagðar litlar heimavið en engjaítak við Fossá erfitt að sækja og ábúandi sjaldan svo efnaður að hann geti sótt þar slægjur. Heimræði var brúkað vor, sumar og haust, en lendingin sögð stórgrýtt. Gengu skip heimabóndans eitt eða fleiri ef því varð við komið og að auki inntökuskip, þ.e. skip annarra sem gerð voru út frá staðnum gegn leigu, sjaldan fleiri en tvö.[60]

**Ábúð**
Í manntalinu frá 1835 er tvíbýlt á jörðinni og alls 12 manns skráðir þar til heimilis, en einbýli árin 1840-1850 og fjórir til fimm þar til heimilis. Árin 1855-70 eru á bilinu 7-18 manns til heimilis í Króki og stundum tvíbýlt en aftur einbýli árið 1890. En þess má geta að árið 1840 eru þrír til heimilis í Króksseli hjáleigu frá Króki. Krókssel er eftir það ýmist skráð sem grashús eða hjáleiga og fimm til átta manns þar til heimilis fram til 1901, að árinu 1890 undanskildu en jörðin virðist ekki hafa verið í ábúð, það ár.[61]

**Hjáleigur og sel**
Ekki er minnst í Krókssel í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708, en þar er að jafnaði getið um sel ef einhver eru á jörðum.[62] Krókssel kemur hins vegar fyrir í manntalinu frá 1840 eins og áður segir og í skjölum og skrám eftir það.

Í Húnaþingi segir um Krókssel: „Bærinn stendur við Heylæk, skammt fyrir sunnan Fossá, en drjúgan spöl frá sjó. Þar er beitiland nærtækt og dágott.“[63]

[59] *Ný jarðabók fyrir Ísland* (1861), 90.
[60] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 467-468.
[61] Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands, www.manntal.is, skoðað 8.7.2010.
[62] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII* (1926), 467-468.
[63] *Húnaþing II* (1978), 89.

## *Fornleifaskrá*




*Mynd 58, túnakort Króks frá 1920 (eftir Ágúst B. Jónsson ) lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Áttahorf hafa verið lagfærð frá upprunalegri teikningu. Tölurnar á myndinni vísa til hlaupandi númera í skýrslunni,1) fyrir íbúðarhúsið frá 1913, 2) fyrir fjósið o.s.frv. Umhverfis túnið að norðaustan hefur verið túngarður en óljóst er af teikningunni hvort hann hafi náð umhverfis allt túnið.*

**Krókur - 1**
**Sérheiti:** Krókur
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund**: Bæjarhóll (torfveggur)
**Staðhættir**
Gamli bærinn í Króki stóð á sama stað og íbúðarhúsið sem byggt var árið 1913.
**Hættumat:** Bæjarhóllinn er skammt frá sjávarbakka sem brýtur af og telst því hættu vegna landbrots.
**Lýsing**
Húsið frá 1913 er byggt ofan í austurhluta bæjarhólsins og meðfram austurhlið þess er torf og grjóthlaðinn veggur. Óvíst er hvort veggurinn hefur verið hlaðinn upp að húsinu eða hvort hann hefur til heyrt eldri byggingu. Hann er um 1-1,5m hár og rúmlega 1m breiður. Að öðru leyti eru engir veggir eða greinanlegar tóftir sýnilegar á bæjarhólnum. Töluverðar ójöfnur eru þó víðsvegar á hólnum í kringum húsin sem vísað geta til mannvirkja sem rutt hefur verið um. Vestari loðdýraskálinn hefur verið settur niður þvert í gegnum bæjarhólinn og austari skálinn hefur tekið eitthvað af austurenda hans líka. Hólnum hefur því verið rótað töluvert við þessar byggingar en hann er um 40x30m að flatarmáli eins og hann lítur út í dag.

**Krókur - 2**
**Hlutverk**: Fjós
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Gamli bærinn í Króki stóð á sama stað og íbúðarhúsið sem byggt var árið 1913. Steinsteypt fjós stendur enn við íbúðarhúsið en fjós var sömuleiðis sambyggt gamla torfbænum.



*Mynd 59, horft til suðurs á bæjarstæði Króks, torfveggur stendur enn austan við húsið.*



*Mynd 60, horft til norðvesturs að bæjarstæði Króks, í túninu fyrir miðri mynd sjást óljósar dældir í túninu, hugsanlega leifar fjárhúsa sem sýnd eru á svipuðum slóðum á túnakorti frá 1920.*

**Krókur - 3**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Dældir
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 eru sýnd fjárhús suðaustarlega í túninu. Þegar túnakortið var lagt yfir loftmynd lentu fjárhúsin sem svarar um 50m suðaustur af austari loðdýraskálanum. Þar er nú slétt tún en um 20m norðvestar og nær skálanum er röð aflangra dælda í túninu sem mjög líklega eru leifar umræddra húsa.
**Lýsing**
Fimm samsíða dældir eru í túninu um 10-20sm djúpar og á bilinu 5-7m langar og 1,3-1,5m breiðar. Dældirnar eru á örlítilli bungu í túninu.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni voru þetta samstæðu hús með fjórar krær sem tóku í kringum 80 fjár. Norðan við var hrútakofi og hesthúskró sunnan við. Húsunum var rutt út einhvern tíma á milli 1970 og 80 (munnleg heimild, 17.12.2010).

**Krókur - 4**
**Hlutverk**: Fjárhús/hesthús
**Tegund**: Heimild

**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá 1920 eru auk bæjarhúss og fjóss sýnd skemma og peningshús norðan við bæ. Letrið á kortinu er smátt skrifað og torlæsilegt og ekki ljóst hvort þar stendur fjárhús eða hesthús. Þarna er nú að mestu slétt tún og engar minjar sýnilegar á yfirborði. Hnit voru tekin af túnakortinu sem lagt var yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Krókur - 5**
**Hlutverk**: Skemma
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá 1920 eru auk bæjarhúss og fjóss sýnd skemma og peningshús norðan við bæ. Þarna er nú að mestu slétt tún og engar minjar sýnilegar á yfirborði, en hnit voru tekin miðað við túnakortið eftir að það hafði verið lagt yfir hnitsetta loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Krókur - 6**
**Hlutverk**: Matjurtagarður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er sýndur matjurtagarður vestan við bæ og fjós.
**Lýsing**
Engar leifar þessa matjurtagarðs eru sýnilegar á þessum slóðum, hins vegar eru þarna líkt og leifar lítillar tóftar (sjá nr. 7).
**Aðrar upplýsingar**
Á túnakortinu stendur í skýringum „matjurtagarðar 150", en ekki er tilgreint hvort þar er átt við ferfaðma eða flatarstikur (en fermetrar koma sjaldan fyrir á túnakortum).

**Krókur - 7**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: T
**Staðhættir**
Um 9m suðvestur af horni vestari loðdýraskálans á bæjarhólnum í Króki er þúst.
**Lýsing**
Búið er að slétta tún upp að bæjarhólnum að sunnan, þó er þar smá þúst um 6m á kant og dæld ofaní, hugsanlega leifar lítils kofa. Þústin er um 30sm hærri en umhverfið og dældin 10-20sm djúp og um 4m í þvm.




**Krókur - 8**
**Hlutverk**: Beðasléttur
**Tegund**: Dældir/hryggir
**Staðhættir**
Tvær samsíða dældir og hryggur á milli þeirra er norðaustarlega í túninu, um 40m norðaustur af austari loðdýraskálanum.

**Lýsing**
Dældirnar liggja til suðvesturs frá túngarðinum (nr. 9), um 5m eru á milli þeirra og ávalur hryggur á milli. Dældirnar/hryggurinn gæti hafa náð lengra til suðvesturs en horfið við sléttun. Hugsanlega er hér um leifar af beðasléttum að ræða.

**Krókur - 9**
**Hlutverk**: Túngarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Túngarðurinn er enn heillegur á kafla norðaustan við gamla túnið í Króki.
**Lýsing**
Túngarðurinn er uppistandandi frá nyrsta odda túnsins út við sjó og nær tæpa 90m til SSA meðfram brekkufætinum. Garðurinn er á bilinu 50-130sm hár og 1-1,5m breiður.
**Aðrar upplýsingar**
Miðað við túnakortið frá 1920 hefur túnjaðarinn á þeim tíma verið á sama stað og túngarðsbrotið sést nú. Túnjaðarinn náði þá tæplega 130m lengra til suðurs og beygði þar í vinkil til suðvesturs og aftur til suðurs og svo í boga til norðvesturs að sjávarbakkanum, sem líklega hefur ráðið norðvestur brún túnsins. Ekki er ljóst af túnakortinu hvort túngarður hefur verið meðfram túninu öllu.




**Krókur - 10**
**Hlutverk**: Óþekkt/ kvíar?/stekkur?
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 45m norðaustur af austari loðdýraskálanum er tóft byggð upp við utanverðan túngarðinn (nr. 9).
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og er syðra hólfið samsíða túngarðinum (NV-SA) en hitt kemur þvert á endann á því að norðan (SV-NA). Tóftin virðist ögn niðurgrafin, veggir á bilinu 0,6-1m háir og um 1m breiðir, engar greinilegar dyr eru útúr tóftinni en dyr eða hlið virðist hafa verið á milli hólfa (sjá mynd hér að ofan). Hugsanlega eru þetta leifar kvía eða stekkjar.

**Krókur - 11**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Þústir
**Staðhættir**
Um 2m ofan við túngarðinn (nr. 9) og um 20m norðan við tóft nr. 10 eru þústir í brekkufætinum.

**Lýsing**
Óljósar tóftaleifar eða þústir eru í brekkufætinum, 30-100sm hærri og grænni en umhverfið. Vegna mikils gróðurs er innra fyrirkomulag þó óljóst (sjá mynd hér að ofan). Brekkufóturinn er stórgrýttur en mjög vel gróinn og ekki hægt að útiloka að um hrun eða framskrið úr brekkunni sé að ræða. Núverandi girðing liggur þvert yfir þessar þústir.




*Mynd 61, horft til suðvesturs yfir norðurhluta túnsins í Króki, túngarðurinn (nr. 9) sést glöggt, lengst til vinstri utan við túngarðinn sjást tóftir (nr. 10) og lengra til norðurs (hægri) þústir (nr. 11).*

**Krókur - 12**
**Hlutverk**: Girðing (hleðsla undir girðingu)
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Ofan við túngarðinn við norðurhorn túnsins í Krók er hleðsla samsíða túngarðinum sem nær þó heldur lengra til norðurs.
**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna landbrots, þar sem norðurendi hleðslunnar liggur fram á sjávarbakka.
**Lýsing**
Garðlagið er úr grjóti og heldur lægri og óverulegri en túngarðurinn sjálfur (nr. 9). Túngarðurinn liggur í hlykk til vestur og svo áfram til norðvesturs með sömu stefnu og áður á sama stað og umrædd hleðsla hefst og er hún í beinni línu við túngarðinn áður en hann beygir. Hvort hleðslan og túngarðurinn séu samtíða er þó ekki víst en þegar girt var ofan á túngarðinn gæti hleðslan hafa verið gerð til að halda beinni línu á girðingunni þótt túngarðurinn tæki sveig. Hleðslan er um 30sm há til austurs en um 70sm til vesturs undan brekkunni og sést á um 27m kafla en hverfur fram af sjávarbakkanum að norðan og gæti hafa verið eitthvað lengri.

**Krókur - 13**
**Sérheiti:** Króksgata
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Sneiðingur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Frá túninu í Króki er gata upp á Brekkuna sem heitir Króksgata.“ (ÖJÓB: 2).
**Lýsing**
Sneiðingurinn sést enn vel upp brekkuna ofan við bæinn á um 100m kafla. Ruddur vegur er eftir brekkubrúninni og sneiðingar niður brekkuna á nokkrum stöðum.



*Mynd 62, horft til suðurs eftir brekkubrúninni ofan við Krók. Næst er varða við norðursneiðing svonefndrar Króksvörðu. Fjær sér móta fyrir hleðslu við suðursneiðinginn. Syðri hleðslan er leifar af festingu á staur sem á var strengdur stálvír sem notaður var til flutninga á varningi niður brekkuna. Þessi búnaður var í notkun um miðja síðustu öld (heimild Guðjón Ingimarsson).*

**Krókur – 14**
(sama og Hróarsstaðir – 23)
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Ruddur vegur
**Staðhættir**
Ruddur vegur liggur eftir brekkubrúninni ofan við bæina „undir Brekku“: Krók, Hróarsstaði, Kurf, Hlíð og Örlygsstaði. Vegurinn liggur svo áfram til norðurs meðfram bjargbrúninni norður af Krók.
**Lýsing**
Vegurinn er mjög glöggur á köflum um, 1,5-2m breiður og ögn niðurgrafinn þar sem grjóti hefur verið rutt út til kantanna og vegurinn sléttaður. Grjóthlaðinn ræsi eru á a.m.k. þremur stöðum yfir lækjarsytrur. Syðsta ræsið er í grunnu dragi sunnan við klapparhól með vörðu (nr. 23) (ISN93: A437682 N604774), næst er ræsi yfir lítinn læk (ISN93: A437698 N605063) og annað um 50m norðar (ISN93: A437706 N605114).

**Krókur - 15**
**Hlutverk**: Óþekkt/kennimark/leikstaður
**Tegund**: Varða/hleðsla
**Staðhættir**
Ofarlega í brekkunni ofan við Krók greinist Króksgata (nr. 13) í tvennt og fer annar sneiðingurinn áfram til norðurs með sömu stefnu en hinn sneiðir upp brekkuna til suðurs og eru vörður uppá brúninni við hvorn sneiðing. Að norðan er varða og lítil hleðsla fast við hana.
**Lýsing**
Varðan er á bilinu 60-80sm há og um 120x130sm að grunnfleti. Norðan við hana virðist steinum hafa verið raðað í hring, hugsanlega hefur þarna verið leikstaður barna eða eitthvað slíkt.

**Krókur - 16**
**Hlutverk**: Vatnsból/brunnur
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni var brunnur nálega út við sjó vestur af bænum á Króki, grafinn ofan í móhelluna (munnleg heimild, 17.12.2010).
**Hættumat:** Bæjarhóllinn á Króki er skammt frá sjávarbakka sem brýtur af og telst í hættu vegna landbrots, það sama á því við vatnsbólið sem á að vera vestan í hólnum.
**Lýsing**
Dæld er vestast í bæjarhólnum, um 1m djúp og má vera að þar séu leifar brunnsins, þótt allt sé þetta gróið í dag og erfitt að átta sig á því hvort um seinni tíma rót sé að ræða frá því að loðdýraskálarnir voru byggðir ofan í bæjarhólinn. Hnit voru tekin í dældinni en hafa verður fyrirvara á þeirri staðsetningu og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Móðir Guðjóns, Auður Sigurðardóttir (f. 1918), mundi eftir brunninum í notkun og sagði hann hafa verið kallaðan Gvendarbrunn og sagt að Guðmundur góði Hólabiskup hafi vígt hann (munnleg heimild, Guðjón Ingimarsson, 17.12.2010).


*Mynd 63, horft til suðvesturs eftir hleðslu (nr. 17) um 180m suðaustur af bæ í Króki. Hleðslur sjást einnig í sömu línu út við sjó. Undir brekkunni norðan hleðslunnar er óljós hringlaga þúst (nr. 18).*

**Krókur - 17**
**Hlutverk**: Óþekkt/undan girðingu
**Tegund**: Hleðsla/garðlag
**Staðhættir**
Um 180m suðaustur af bæjarstæðinu í Króki er grjóthleðsla sem teygir sig upp í brekkuna frá túninu og í sömu stefnu neðan við túnið eru leifar óverulegrar hleðslu frá bakkanum og út á sjávarkambinn.
**Hættumat:** Garðlagið heldur áfram vestan við túnin og er vesturendi þess að hluta undir sjávarkambi og verður að teljast í hættu af þeim sökum.

**Lýsing**
Garðlagið er á bilinu 30-60sm hátt og um 60-100m breitt undir brekkunni, eingöngu grjót efst en gróið neðst, niður á bakkanum út við sjó er það um 20-30sm hátt og 1-1,3sm breitt og eingöngu úr grjóti.

**Krókur - 18**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Skammt norðan við hleðsluna nr. 17 er hringlaga græn þúst ofan túns.
**Lýsing**
Engin veggjalög eru greinanleg en þústin stendur ögn hærra og er grænni en umhverfið, hugsanlega eru þarna leifa byggingar sem rutt hefur verið um.

(Krókur – 19 er aftar í skýrslu í kafla um landamerki)

**Krókur - 20**
**Hlutverk**: Óþekkt/Stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Suður við merki Króks og Hróarsstaða ofan túns eru leifar garðlags (nr. 19) og sambyggðrar tóftar (nr. 20).
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og er suðurveggur hennar hluti garðlagsins, byggt ofan á garðinum eða upp við hann. Veggir tóftarinnar eru algrónir, um 40-60sm háir og 1-1,5m breiðir. Að suðvestan er 8m langt og um 180sm breitt hólf og lítið hólf að norðaustan um 2x2m að innanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni vissi móðir hans, Auður Sigurðardóttir (f. 1918) ekki hvers eðlis þessar minjar væru (munnleg heimild, Guðjón Ingimarsson, 17.12.2010).


*Mynd 64, horft til suðvesturs eftir garðlagi (nr. 19) og tóft (nr. 20) sést fyrir miðri mynd. Sumarbústaður í Krókslandi sést í baksýn.*


*Mynd 65, horft til austurs yfir óljós garðlög og leifar matjurtagarðs sem virðist að hluta til enn í notkun.*

**Krókur - 21**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Suðvestast í landi Króks er sumarbústaður og vestan við hann undir bakkanum milli túns og sjávarkambsins eru garðbrot, líklega leifar hleðslu undir girðingu og matjurtagarður.
**Hættumat:** Vesturendi garðlagsins liggur undir sjávarkambi og verður að teljast í hættu af þeim sökum.

**Lýsing**
Garðlag liggur frá bakkanum til vesturs norðan við afgirtan lítinn matjurtagarð, sem virðist vera innan eldri garðs. Garðlagið gæti verið undan girðingu og er í sömu línu og hleðslan undir brekkunni (nr. 20), um 1-1,5m breitt og 20-60sm hátt. Óverulegt garðlag liggur svo 14m til suðurs frá garðinum og beygir í vinkil til vesturs á um 8m kafla, það er á bilinu 20-40sm hátt.

**Krókur – 22**
**Hlutverk**: Óþekkt/mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Um 7m norðan við garðlagið (nr. 20) er aflöng þúst á svolítilli upphækkun sunnan við litla tjörn.
**Lýsing**
Þústin er aflöng (NV-SA) um 8x4,5m á kant, og um 50-80sm há. Hugsanlega eru þetta leifar mótóftar.

**Krókur - 23**
**Hlutverk**: Óþekkt/kennimark
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Varða er uppá grónum klapparhól út við sjó um 250m NNA af bæjarstæðinu í Króki, skammt vestan við veginn (nr. 14).
**Lýsing**
Varðan er um 80-100sm há og um 120x70sm, aflöng frá austri til vesturs.



*Mynd 66, horft til suðurs eftir vegi (nr. 14), uppá klöppinni hægra megin við veginn er varða (nr. 23).*



**Krókur - 24**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Mógrafir eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar.
**Lýsing**
Mógrafirnar eru á bilinu 50-130sm djúpar og um $800m^2$ það sem eftir er af þeim ofan vegar.

**Krókur - 25**
**Hlutverk**: Óþekkt/Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Mógrafir eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar. Vestan við veginn, vestur af norðurhluta grafanna er lítil tóft, líklega mótóft og tvær aðrar sunnan við hana (nr. 26 og 27).
**Lýsing**
Tóftin (nr. 25) snýr norðaustur/suðvestur með dyr til suðvesturs, veggir eru á bilinu 30-40sm háir og 60-100sm breiðir. Tóftin er algróin grasi og mosa og ekki sér í grjót í hleðslum.

**Krókur - 26**
**Hlutverk**: Óþekkt/Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Mógrafir eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar. Vestan við veginn, vestur af miðri mógröfinni eru tvær tóftir (nr. 26 og 27) nyrst á lágu holti sunnan við breitt mýrardrag.
**Lýsing**
Austari tóftin (nr. 26) snýr nálega norður-suður, með dyr til suðurs. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og um 60-100sm breiðir, algrónir grasi, mosa og lyngi.

**Krókur - 27**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Mógrafir eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar. Vestan við veginn, vestur af miðri mógröfinni eru tvær tóftir (nr. 26 og 27) nyrst á lágu holti sunnan við breitt mýrardrag.
**Lýsing**
Vestari tóftin (nr. 27) snýr norðaustur-suðvestur og er opin til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og allt að 1m breiðir. Tóftin er öll grasi, mosa og lyngi vaxin.

**Krókur - 28**
**Hlutverk**: Óþekkt/samgöngubót
**Tegund**: Garðlag/torfbrú
**Staðhættir**
Garðlag eða torfbrú er vestan við mógrafirnar upp á bjarginu norðaustur af Króki.
**Lýsing**
Garðlagið eða brúin liggur austur-vestur og er um 30m langt, um 40-50sm hátt og um 1m breitt. Það er smáþýft og gróið grasi og mosa.



*Mynd 67, horft til vesturs eftir garðlagi eða torfbrú við mógrafirnar upp á bjarginu norðaustur af Króki*

**Krókur - 29**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Suðvestan við mógrafir (nr. 24) og mótóftir (nr. 25-27) uppá bjarginu norðaustan við Krók eru tóftaleifar (nr. 29) upp á lágu holti.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru um 30-60sm háir og um 1-2m breiðir, algrónir grasi, mosa og ljónslöpp. Austan við er um 10sm hár bakki, hugsanlega hefur efni verið tekið þaðan í tóftina. Vestan við eru óljósar dældir og hryggur sem gætu verið af mannavöldum en það er þó óvíst.




**Krókur - 30**
**Sérheiti:** Krókshús
**Hlutverk**: Beitarhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Túnblettur er uppá brekkubrúninni austur af bæ í Króki, þar var eitt sinn beitarhús og seinna hesthús fyrir útigangshross (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Búið er að slétta úr minjunum en hávaði er í túninu þar sem húsin stóðu. Samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni voru hesthúsin sléttuð út um 1964, en hann mundi ekki eftir beitarhúsunum en taldi þau hafa verið á svipuðum slóðum (munnleg heimild 17.12.2010).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Suður og upp frá bænum er klettur í brekkunni, sem kallast Dagmálahamar skammt þar fyrir utan og ofan er stór steinn nefndur Hæra og dálítinn spöl þar fyrir utan eru gamlar beitarhúsarústir, sem kallaðar voru Krókshús og nú nýlega var byggt þar hús að nýju fyrir útigangshross.“ (ÖJÓB: 1). Örnefnaskráin er stimpluð af örnefnastofnun með ártalinu 1982 en óvíst er hvaða ár hún hefur upphaflega verið gerð.

**Krókur - 50**
**Sérheiti:** Krókshús
**Hlutverk**: Hesthús
**Tegund**: Hóll
**Staðhættir**
Túnblettur er uppá brekkubrúninni austur af bæ í Króki, þar var eitt sinn beitarhús og seinna hesthús fyrir útigangshross (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Búið er að slétta úr minjunum en hávaði er í túninu þar sem húsin stóðu. Samkvæmt Guðjóni Ingimarssyni voru hesthúsin sléttuð út um 1964, en hann mundi ekki eftir beitarhúsunum en taldi þau hafa verið á svipuðum slóðum (munnleg heimild 17.12.2010).
**Aðrar upplýsingar**
Hesthúsið var lengi notað fyrir fólk á leið í kaupstað utan af Skaga meðan akvegurinn náði ekki lengra til norðurs en að Króksstekk. Fólk kom þá ríðandi utan að og fékk að geyma hesta í húsinu og hólfi umhverfis það, en áætlanaferðir voru þaðan og inn á Blönduós (munnleg heimild, Guðjón Ingimarsson, 17.12.2010).

**Krókur - 31**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Mógrafir (nr. 24) eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar, fleiri grafir (nr. 31) eru undir brekkunni ofan við ræktarlandið um 200m austur af veginum.
**Lýsing**
Mógrafirnar eru dreifðar yfir allstórt svæði og eru samtals um 8265m$^2$ (sjá kort í fylgiskjölum).
**Aðrar upplýsingar**
Miðað við landamerkin eins og þau eru teiknuð á jarðagrunn Fasteignamats ríkisins þá eru þessar grafir fast við merki Króks og Hróarsstaða en stór mógröf og tvær mótóftir eru hinumegin merkjanna í landi Hróarsstaða (sjá **Hróarsstaðir – 26-28**). Það er þó rétt að taka fram að líklega eru þessi merki eitthvað málum blandin því þau fara þvert á túnin neðan við mógrafirnar og fylgja hvorki skurðum né girðingum.

**Krókur - 32**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Mógrafir (nr. 24) eru ofan (austan) Skagavegar norðan við túnin frá Króki og hefur vegurinn á sínum tíma verið lagður yfir grafirnar, fleiri grafir (nr. 31) eru undir brekkunni ofan við ræktarlandið um 200m austur af veginum og ein greinileg mótóft Króksmegin merkja (miðað við jarðagrunn Fasteignamats Ríkisins).
**Lýsing**
Tóftin stendur á um 1m hárri eyju eða stöpli sem skilinn hefur verið eftir með gönguleiðum til vesturs og norðurs en mór tekinn allt í kring. Einföld tóft 2,5x4m (A-V), veggir á bilinu 30-40sm, algrónir grasi.

**Krókur - 33**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Óljósar mógrafir og mótóft eru í grónum bala út við Króksbjarg um 700m norður af bæ í Króki.
**Lýsing**
Þústin er skammt sunnan við grafirnar, um 4x3,5m (A-V) og 40-50sm há, smáþýfð og algróin grasi, engin veggjalög eru greinanleg.




**Krókur - 34**
**Hlutverk**: Mógröf
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Óljósar mógrafir eru í grónum bala út við Króksbjarg um 700m norður af bæ í Króki.
**Lýsing**
Grafirnar eru algrónar og með ávalar brúnir um 50-130sm háar. Sunnan við þær virðast vera leifar mótóftar, og vestan við hana gata sem fer þvert yfir grafirnar og er í framhaldi af veginum nr. 14.




**Krókur – 35**
**Sérheiti:** Króksstekkur?
**Hlutverk**: Óþekkt/stekkur
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Óljósar mógrafir og mótóft eru á grónum bala út við Króksbjarg um 700m norður af bæ í Króki.
**Lýsing**
Tóftin er með greinilegu stekkjarlagi, lítil rétt og lambakró. Hlið hefur verið til suðvesturs úr réttinni og króin austan við. Veggir eru á bilinu 50-70sm háir. Tóftin er öll gróin og grænni og gróskumeiri en umhverfið, hún stendur á svolitlum hóli og má vera að byggt hafi verið upp oftar en einu sinni á sama stað.
**Aðrar upplýsingar**
Efni gæti hafa verið tekið í tóftina sunnan við hana, en þar er svolítill niðurgröftur um 30-40sm djúpur með beinar brúnir. Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Innst á Bjarginu eru kallaðar Nafir og einn klettur þar sem ber nokkuð hærra á Hrafnakór. Lengra út á bjarginu er gömul stekkjarrúst og kallast Króksstekkur.“ (ÖJÓB: 1).

**Krókur – 36**
**Hlutverk**: Óþekkt/efnistaka
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Óljósar mógrafir og mótóft eru á grónum bala út við Króksbjarg um 700m norður af bæ í Króki, fast sunnan við stekkjartóftina nr. 35 eru ummerki torftöku.
**Lýsing**
Efni gæti hafa verið tekið í tóftina sunnan við hana, en þar er svolítill niðurgröftur um 30-40sm djúpur með beinar brúnir.

**Krókur - 37**
**Sérheiti:** Torfnes
**Hlutverk**: Náma (Torftökustaður)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Nesið milli þessara víka [Bæjarvíkur og Stráksvíkur] heitir Torfnes.“ (ÖJÓB: 1). Torfnes er um 2km norður af bæ í Króki.
**Lýsing**
Örnefnið Torfnes bendir til að þar hafi verið tekið torf, en búið er að grafa skurði á nesinu og þurrka það upp og bylta hluta þess í tún. Ummerki um grafir virðast þó vera út á bjargbrúninni um 140m norðvestur af túninu. Hnit voru tekin af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabókinni frá 1708 er torfrista og stunga sögð lök en þó brúkanleg (JÁM VIII: 467).

**Krókur – 38**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Varða er á svonefndu Torfnesi tæpa 2km norður frá bæ í Króki.
**Lýsing**
Varðan er fremur ólöguleg um 110-120sm há og um 1x1m á kant í grunninn.



*Mynd 68, varða á Torfnesi (nr. 38), horft til vesturs.*




**Krókur – 39**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Við norðurenda stórs meláss (Bruna) vestan við mynni Seljadals eru nokkrar mógrafir og mótóft uppí brekkunni.
**Lýsing**
Tóftin er um 3x6,5m og snýr norðaustur/suðvestur, engar dyr eru sýnilegar. Veggirnir eru á bilinu 30-40sm háir algrónir mosa og lyngi og falla vel inní umhverfið og tóftin öll gamalleg.

**Krókur – 40**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Við norðurenda stórs melholts (Bruna) vestan við mynni Seljadals eru nokkrar mógrafir og mótóft uppí brekkunni.
**Lýsing**
Grafirnar eru fjórar, fremur litlar, á bilinu 50-80sm djúpar og hálffullar af vatni alls um $25m^2$. Brúnir eru fremur beinar og reglulegar og grafirnar líta því ekki út fyrir að vera mjög gamlar.

**Krókur – 41**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Við norðurenda melholts (Seldalsholts) norðan við mynni Seljadals eru nokkrar mógrafir og leifar mótóftar við enda holtsins.
**Lýsing**
Grafirnar eru níu, fremur litlar og hálffullar af vatni, um 50-100sm djúpar, alls um 60m$^2$.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Fyrir utan Gatnholtið er lítill dalur sem gengur upp í ytri enda Brunans kallaður Seldalur og neðri partur hans í Krókslandi. Fyrir norðan dalinn er Seldalsholt.“ (ÖJÓB: 1).

**Krókur – 42**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Við norðurenda melholts (Seldalsholts) norðan við mynni Seljadals eru nokkrar mógrafir og leifar mótóftar við enda holtsins.
**Lýsing**
Þústin er um 7x5m (A-V) og um 1m hærri en umhverfið. Engir veggir eru sýnilegir en þústin grænni og gróskumeiri en umhverfið.

**Krókur – 43**
**Hlutverk**: Óþekkt/rétt?
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í norðanverðum Seldal í landi Króks (en dalurinn nær til suðausturs inní land Hróarsstaða) eru leifar stórrar tóftar eða réttar í norðurhlíð dalsins.
**Lýsing**
Tóftin snýr eins og dalurinn norðvestur-suðaustur og er um 11x7m að utanmáli. Hlið eða dyr virðast hafa verið fyrir norðanverðum suðvesturvegg. Veggir eru ávalir og sokknir, um 20-40sm háir og um 1,5-2m breiðir. Tóftin er algróin grasi og mosa og fellur vel inní umhverfið.




**Aðrar upplýsingar**
Tóftin gæti tilheyrt selinu sem er 320m suðaustar í Seldal í landi Hróarsstaða (Hróarsstaðir-38 og 39).

**Krókur – 44**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Varða er upp á norðurenda stórs melholts (Bruna) suður af mynni Seldals.

**Lýsing**
Varðan er um 2x1,3m að grunnfleti og 40-60sm há og snýr norðaustur suðvestur. Hleðslan sjálf er gróðurvana en stendur á lynggrónum meltoppi.
**Aðrar upplýsingar**
Varðan er um 70m norðvestur af merkjum Króks og Hróarsstaða samkvæmt jarðagrunni Nytjalands.

**Krókur - 45**
**Sérheiti:** Dagmálahamar
**Hlutverk**: Eyktarmark
**Tegund**: Heimild/náttúruminjar
**Staðhættir**
Um 200m suðaustur af bæ í Króki er klettur í brekkunni sem nefnist Dagmálahamar (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Dagmálahamar stendur nokkru hærra en brekkubrúnin í kring, gróinn að ofan en gróðurlaus til vesturs þaðan sem mikið hefur hrunið úr honum niður brekkuna.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Suður og upp frá bænum er klettur í brekkunni, sem kallast Dagmálahamar [...].“ (ÖJÓB: 1).


*Mynd 69, Dagmálahamar suðaustur af bæ í Króki.Til hægri á myndinni sést grjóthleðsla/garðlag (nr. 17) sem hlaðið hefur verið úr hruninu.*

**Krókur - 46**
**Sérheiti:** Gatnholt
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Um 2km norður (NNA) af bæ í Króki er móaholt sem liggur nálega norðvestur-suðaustur milli blautra flóa (Torfnesflár að sunnan og Krókselsflóa að norðan) holtið heitir Gatnholt og um það liggja götur milli leiðarinnar sem liggur eftir Króksbjargi (nr. 14) og fleiri gatna sem liggja vestan í svonefndum Bruna, sem er stór ás eða holt sem liggur nálega norður/suður ofan við alla bæina undir brekkunni.
**Lýsing**
Gata liggur sunnanundir holtinu á mörkum þess og Torfnesflár norðan Torfnestjarnar. Ógreinilegar götur eru líka á nokkrum stöðum uppá holtinu og þar er einnig gróin vegslóð sem liggur norðvestur-suðaustur eftir holtinu og gæti verið á gömlu götunum. Farið var um holtið en göturnar ekki mældar upp á vettvangi, en hnit tekin af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „En fyrir utan flánna [Torfnesflá] og tjörnina [Torfnestjörn] tekur við holt sem kallast Gatnholt, nær það alla leið neðan frá bjargi og upp í Bruna.“ (ÖJÓB: 1).

**Krókur - 47**
**Sérheiti:** Hrísholt
**Hlutverk**: Náma (Hrístaka)
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Aflangur hávaði, eða lágt holt liggur nálega norður suður 150-200m austan við Flæðatjörn Hrísholt. Örnefnið bendir til að þar hafi verið hrísrif.
**Lýsing**
Enginn runnagróður er á þessum slóðum í dag, en holtið er vel gróið og mýri umhverfis.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „[…] úr Flæðatjörn ræður Heylækur merkjum stuttan spöl upp á milli Hrísholts og þaðan í Hellisgil.“ (ÖJÓB: 1). Í jarðabókinni frá 1708 var lyng- og hrísrif sagt bjarglegt til eldiviðar en erfitt að sækja. (JÁM VIII: 467).

## *Landamerki*

Í örnefnaskrá Króksels segir um landamerkin að sunnan (þ.e. norður merki Króks): „Að sunnan, úr Fossá í Hellisgil þaðan í Heylæk milli Hrísholta úr því ræður Heylækur í vörðu **[nr. 49]** við Flæðatjarnir úr þeirri vörðu yfir Heyvatn sunnan til í Stráksnesvörðu **[nr. 48]** sem stendur á brún Króksbjargs.“ (ÖKS3, 1). Í örnefnaskrá Hróarsstaða segir um landamerki jarðarinnar að norðan (þ.e. suðurmerki Króks: „Að norðan ræður garður **[nr. 19]** frá sjó, er liggur undir Skollaklett. Þaðan í horn það, sem lyng heldur. Það er norðvestasta hornið á svæði því, sem kallað er Bruni (en yfir hann liggja lönd þriggja jarða). Þaðan í mitt Hrísholt. Úr Hrísholti í Hellisgil mitt og síðan í Fossá fyrir sunnan Króksteig.“ (ÖH, 1).

**Krókur – 48**
**Sérheiti**: Stráksnesvarða
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Bærinn Krókur á landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr <u>Stráksnesvörðu</u> í vörðu við Flæðatjarnir.“ (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Varðan var ekki skoðuð á vettvangi, en hnit tekin samkvæmt landamerkjagrunni Nytjalands og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Krókur - 49**
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Bærinn Krókur á landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr Stráksnesvörðu <u>í vörðu við Flæðatjarnir</u>.“ (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Varðan var ekki skoðuð á vettvangi, en hnit tekin samkvæmt landamerkjagrunni Nytjalands og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

(Krókur – 50 er framar í skýrslunni).

**Krókur – 19** (sama og Hróarsstaðir – 86)
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Suður við merki Króks og Hróarsstaða ofan túns eru leifar garðlags (nr. 19) og sambyggðrar tóftar (nr. 20). Í örnefnaskrá Hróarsstaða segir um landamerki jarðarinnar að norðan (þ.e. suðurmerki Króks: „Að norðan ræður garður frá sjó, er liggur undir Skollaklett.“ (ÖH, 1).
**Lýsing**
Garðlagið er um 70m langt og nær frá miðri brekkunni og niður hálft túnið ofan við veginn. Garðlagið er um 130sm breitt og á bilinu 10-80sm hátt, grjóthlaðið og vel standandi ofan (austan) tóftar (nr. 20) en grónara og lægra neðan hennar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Króks (1982) segir: „Þaðan [úr Hellisgili] liggja merkin suður og ofar milli Króks og Hróarstaða í vörðu á Töglum og þaðan sjónhending í Skollhamar þaðan ræður torfgarður til sjávar.“ (ÖKr: 1). Það sem eftir er af þessum garði er þó grjóthlaðið en torfgarðurinn hefur horfið við túnsléttun.

## *Krókssel*



*Mynd 70, gamla íbúðarhúsið í Króksseli (b. 1941). Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.*

**Krókur (Krókssel) - 52**
**Sérheiti:** Krókssel
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Gamli bærinn í Króksseli stóð á sama stað og gamla íbúðarhúsið (b. 1941) sem enn stendur um 40m NNA við núverandi íbúðarhús (heimildamaður Árni Sveinbjörnsson bónda í Króksseli).
**Lýsing**
Torfbærinn hefur horfið undir húsið þegar það var byggt og sjást engar menjar gamla torfbæjarins ofanjarðar, það má þó fastlega gera ráð fyrir minjum í jörðu í og við gamla bæjarstæðið.

**Krókur (Krókssel) - 53**
**Hlutverk**: Fjós
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Gamli bærinn í Króksseli stóð á sama stað og gamla íbúðarhúsið sem enn stendur um 40m NNA við núverandi íbúðarhús (heimildamaður Árni Sveinbjörnsson bónda í Króksseli), á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjós við bæinn.
**Lýsing**
Torfbærinn hefur horfið undir húsið þegar það var byggt og sjást engar menjar gamla torfbæjarins ofanjarðar, það má þó fastlega gera ráð fyrir minjum í jörðu í og við gamla bæjarstæðið.



*Mynd 71, grjóthlaðinn veggur, leifar eldri fjárhúsa (nr. 3), utan við norðausturvegg fjárhúsanna í Króksseli.*

**Krókur (Krókssel) - 54**
**Hlutverk**: Fjárhús
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Um 50m norðvestur af gamla bænum í Króksseli eru bárujárnsklædd fjárhús á sama stað og torfhús stóðu áður.
Lýsing
Meðfram norðausturvegg núverandi fjárhúsa er grjóthlaðinn veggur enn uppistandi. Veggurinn er um 10m langur og 50-70sm hár og um 60-80sm breiður.

**Krókur (Krókssel) – 55**
**Hlutverk**: Brunnur/súrheysgryfja?
**Tegund**: Niðurgröftur með hleðslu
**Staðhættir**
Brunnur eða súrheysgryfja er í túninu um 20m norður af núverandi fjárhúsum og grjóthlöðnum vegg nr. 54.
Lýsing
Brunnurinn eða gryfjan er með torfhlaðna veggi úr klömbru og streng. Veggurinn er hringhlaðinn, 60sm breiður og 130sm hár að utan til norðurs en um 40sm til suðurs. Óvíst er hve djúpt hefur verið grafið fyrir þessu mannvirki en mesta dýpt er nú um 2m upp að veggbrún að innanverðu.



*Mynd 72, horft ofan í torfhlaðinn brunn eða gryfju (nr. 54) í túninu norðvestan við bæ í Króksseli.*

Aðrar upplýsingar
Ekki náðist í Árna Sveinbjörnsson þegar gengið var frá skýrslunni til að fá staðfest hlutverk þessa mannvirkis.




**Krókur (Krókssel) - 56**
**Hlutverk**: Óþekkt/rétt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 200m suðvestur af gamla bænum í Króksseli er lítil tóft, sunnan í mel við svolítinn þröngan hvamm, hugsanlega er þetta lítil rétt með náttúrulegu aðhaldi.
**Lýsing**
Tóftin er að hluta grafin inn í melinn að norðvestan, grjóthlaðin með hlið til suðausturs niður í hvamminn. Veggir eru á bilinu 20-50sm háir og um 1m breiðir, vesturveggur er að miklu leyti hruninn en aðrir veggir standa betur en þó ekki mjög vel.

**Krókur (Krókssel) - 57**
**Hlutverk**: Óþekkt/rétt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 300m suðvestur af gamla bænum í Krókseli eru a.m.k. tvær tóftir sunnan undir mel.
**Lýsing**
Undir brekkunni er aflöng tóft, 5x9m grafin inní brekkuna að norðan, með dyr á vestur langhlið. Veggir eru að mestu lyngi grónir en rof er í þeim á nokkrum stöðum, þeir eru lágir og sokknir, mest um 30sm háir og 150sm breiðir.




**Krókur (Krókssel) - 58**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 300m suðvestur af gamla bænum í Krókseli eru a.m.k. tvær tóftir sunnan í mel.
**Lýsing**
Lítil jarðsokkin tóft er í þýfinu undir brekkunni neðan við tóft 57, tóftin er sokkin og gömul að sjá, algróin og fellur vel inní þýft umhverfið. Veggir eru mest um 30sm háir og um 1m breiðir. Norðaustan við tóftina er óljóst veggjalag, hugsanlega hrun, eða eldri tóft.




**Krókur (Krókssel) - 59**
**Hlutverk**: Óþekkt/ matjurtagarður
**Tegund**: Jarðræktarsvæði/garðlag
**Staðhættir**
Um 315m vestur af gamla bæjarstæðinu í Krókseli (og um 65m suðvestur af skemmu) er sléttaður og grjóthreinsaður flötur í smáþýfi.
**Lýsing**
Veggir eru óverulegir og virðist hafa verið rutt upp þegar sléttað var frekar en að um eiginlegar hleðslur sé að ræða, en flöturinn er um 40sm lægri en ruðningurinn og þúfurnar umhverfis.

**Krókur (Krókssel) - 60**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í flóanum fast vestan við Bæjarholt, á svonefndum Fuglatjarnarflóa, um 660m suðvestur af bæjarstæðinu í Krókseli eru mógrafir og tóftir í nágrenni þeirra.
**Lýsing**
Mógrafirnar eru hálf fullar af vatni, 50-100sm djúpar og alls um 1100m$^2$ (sjá teikningu á næstu síðu).
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá  Króks sels segir: Vestan við túnið er Bæjarholt. Vestan við það að Fuglatjörn heitir Fuglatjarnarflói.“ (ÖKS1: 1).

**Krókur (Krókssel) - 61**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í Flóanum fast vestan við Bæjarholt, svonefndum Fuglatjarnarflóa, eru mógrafir og í brekkunni ofan þeirra nokkrar tóftir og garðlög. Næst mógröfunum eru fremur óljósar tóftaleifar (nr. 61).
**Lýsing**
Tóftin er um 6x8m á kant að utanmáli, innra fyrirkomulag hennar óljóst, en grjót sést í veggjum sem eru rétt um 10sm háir.




**Krókur (Krókssel) - 62**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Um 20m norðaustur af norðurenda mógrafanna (nr. 60) er lítill hóll eða þúst, líklega leifar mótóftar.
**Lýsing**
Þústin er um 20sm hærri en umhverfið, næsta hringlaga og um 5m í þvermál. Grjót sést á nokkrum stöðum í jöðrum hennar sem er annars algróin grasi, mosa og ljónslöpp.

**Krókur (Krókssel) - 63**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Í brekkunni um 30m ofan (austan) við norðurenda mógrafanna nr. 60 er ferhyrnt garðlag (nr.63), hugsanlega matjurtagarður, og lítil, óljósari tóft innan hans (nr. 64).
**Lýsing**
Garðlagið er ögn aflangt (N-S) 10x12m á kant að utanmáli. Veggirnir eru örlítið rofnir á köflum, torf og grjóthlaðnir, um 20-30sm háir og um 60-80sm breiðir. Garðurinn hallar ögn undan brekkunni til vesturs. Fyrir miðjum vesturveggnum innanverðum er óljós hringlaga tóft (nr. 64).

**Krókur (Krókssel) - 64**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Í brekkunni um 30m ofan (austan) við norðurenda mógrafanna nr. 60 er ferhyrnt garðlag (nr. 63), hugsanlega matjurtagarður, og lítil, óljósari tóft innan hans (nr. 64).
**Lýsing**
Tóftin er næsta hringlaga, og virðist ögn niðurgrafin, veggir eru á bilinu 10-20sm háir, og veggirnir algrónir grasi, mosa og ljónslöpp.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega er um kofatóft að ræða, e.t.v. kartöflugeymslu eða eitthvað slíkt.

**Krókur (Krókssel) - 65**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Í brekkunni um 40m ofan (austan) við mógrafirnar nr. 60 er ferhyrndur sléttur flötur innan um þýfi í hallandi brekku til vesturs, óverulegt garðlag er umhverfis flötinn (nr.65).
**Lýsing**
Garðlagið er ferhyrnt, vegghæð er á bilinu 10-30sm og breiddin mest um 1m, ekkert greinilegt hlið sést. Garðlagið er rofið á köflum en annars gróið grasi, mosa og lyngi, líkt og umhverfið sem er þýfður lyngmói.

**Krókur (Krókssel) – 66**
**Hlutverk**: Óþekkt/stekkur
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Lítil tóft er við Heyvatn suðvestan í Nónholti sem gengur í suðaustur frá Bæjarholti, um 700m SSV af bæjarstæðinu í Króksseli.
**Lýsing**
Tóftin er undir svolitlum bakka um 8x10m að utanmáli, veggir eru um 30-60sm háir. Að suðvestan er lítið hólf 4x3,5m að innanmáli með hlið til suðvesturs, óljóst er hvort tóftin hafi verið tvískipt eða hvort um hrun sé að ræða að norðaustan (sjá teikningu).
**Aðrar upplýsingar**
Af útliti og staðsetningu tóftarinnar að ráða er ekki ólíklegt að um stekk geti verið að ræða. Í örnefnaskrá Króks sels segir: „Norðan við Heyvatn er Nónholt, þar á er Nónsteinn.“ (ÖKS1: 2).




**Krókur (Krókssel) - 67**
**Hlutverk**: Mógrafir
**Tegund**: Niðurgröftur
**Staðhættir**
Rúmlega 1km suðvestur af bæ í Krókseli, eru mógrafir á milli tveggja lágra melholta.
**Lýsing**
Grafirnar eru algrónar og á bilinu 20-80sm djúpar og ná yfir rúmlega 700$m^2$ svæði.

**Krókur (Krókssel) - 68**
**Hlutverk**: Mótóft
**Tegund**: Þúst
**Staðhættir**
Rúmlega 1km suðvestur af bæ í Króksseli, eru mógrafir á milli tveggja lágra melholta, ofan (austan) við grafirnar uppá nokkuð háum bakka er þýfð og gróin þúst.
**Lýsing**
Þústin er á bilinu 20-40sm hærri en umhverfið, aflöng frá norðvestri til suðausturs 7x4m að utanmáli, þýfð og algróin grasi.

**Krókur (Krókssel) - 69**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 1200m suðvestur af bæ í Króksseli er óljós tóft á litlu holti um 130m vestur af mógröfunum nr. 67.
**Lýsing**
Tóftin er byggð upp við stóran jarðfastan stein og er öll fremur óljós, þó má sjá lítið hólf um 2x2m á kant með hlið til norðausturs. Veggir eru á bilinu 30-50sm breiðir og 10-30sm háir. Sunnan við er veggbrot, hugsanlega hluti af öðru hólfi sem er þó afar ógreinilegt, en gæti hafa verið um 2m breitt og 3m langt opið til suðausturs.




**Krókur (Krókssel) - 70**
**Hlutverk**: Óþekkt/kennimark
**Tegund**: Varða/hleðsla
**Staðhættir**
Norðvestast í landi Krókssels er áberandi gróinn hryggur sem gengur norður suður, vestan við túnin sem þar eru, nefndur Fálkahryggur. Á hryggnum er svolítil hleðsla eða vörðubrot.
**Lýsing**
Hleðslan er að mestu gróin, um 20-30sm há og um 1-1,3m í þvermál, hugsanlega hrunin varða.


*Mynd 73, hleðslubrot á Fálkahrygg (nr. 19).*

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Króks sels segir: „Nokkru utar á Bjarginu er tjörn sem kölluð er Fuglatjörn. En út við ána (Fossá) er hryggur sem liggur út og suður nokkra faðma fyrir ofan Bjargbrúnina, sem kallast Fálkahryggur.“ (ÖKS3: 1).




**Krókur (Krókssel) - 71**
**Hlutverk**: Óþekkt/matjurtagarður
**Tegund**: Garðlag
**Staðhættir**
Sléttur flötur með óverulegu garðlagi umhverfis er sunnan í áberandi hrygg, Fálkahrygg, út við bjargbrún sunnan Fossár norðvestast í landi Krókssels.
**Lýsing**
Matjurtagarðurinn er um 15x8m að ummáli og stendur í örlitlum halla til vesturs. Umhverfis garðinn er lágt torfhlaðið garðlag, um 30-40sm breitt og álíka hátt, hlið gæti hafa verið í norðausturhorninu.

**Krókur (Krókssel) - 72**
**Hlutverk**: Vað
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Norðvestast í landi Krókssels eru áberandi götur 5-8 saman í röð eftir bjargbrúninni, sneiðingur liggur svo niður í gilið að vaði á Fossá um 150m austan við ósa hennar, þar sem hún steypist í fossi fram af Króksbjargi.

**Krókur (Krókssel) - 73**
**Sérheiti:** Selvað
**Hlutverk**: Vað
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Bjarga (næsta bæjar norðan Krókssels) segir: „Í norður frá Krókseli heitir Selvað, á Fossá." (ÖB1: 5).
**Lýsing**
Norðan við bæ í Króksseli eru nú slétt tún og engar götur sýnilegar þar að ánni, né heldur eru áberandi götur sýnilegar handan ár, einar öðrum fremur. Hnitpunktur var tekinn af loftmynd samkvæmt tilsögn Árna Sveinbjörnssonar í Króksseli.

**Krókur (Krókssel) – 74**
**Sérheit:** Brangatna-/Breiðugatnavað
**Hlutverk**: Vað
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Um 1km norðaustur af bæ í Króksseli rennur Fossá í hlykkjum og ganga tvö lítil nes til norðurs, greinilegar götur liggja að ánni á milli þessara nesa að vaðinu og sjást aftur handan ár í landi Syðri-Bjarga.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Króks sels segir: „Skammt austur af Fögrulágarhól er Kinnu- eða Kinnarnes. Þar austur af Krókar. Þar suður og austur af er Kastarhóll." (ÖKS1: 1). Í örnefnaskrá Bjarga (næsta bæjar norðan Krókssels) segir: „Sunnan við Miðengi er Steinkuholt, nokkuð grýtt. Þar sunnan við er flóablettur nefndur Steinkublettur, en þaðan til suðvesturs eru Vaðmóar að Fossá. Þar er Brangatnavað (Breiðugatnavað)." (ÖB1: 6).

**Krókur (Krókssel) - 75**
**Hlutverk**: Óþekkt/smalabyrgi
**Tegund**: Hleðsla
**Staðhættir**
Rúma 400m norður af Fossrétt er umfangsmikil hleðsla uppá hálfgrónum melhóli (Kastarhóli).
**Lýsing**
Hleðslan er um 2m á kant að utanmáli og 70-80sm há, hol að innan en mögulegur inngangur að sunnan fallin saman. Gróðurtorfa er umhverfis hleðsluna, gras og lyng, en annars er hóllinn lítt gróinn.



*Mynd 74, hleðsla nr. 75, líklega smalabyrgi. Horft til norðurs, Fossá í baksýn.*

**Aðrar upplýsingar**
Líklega er um smalabyrgi að ræða. Í örnefnaskrá Króks sels segir: „Þar austur af [Kinnarnesi] Krókar. Þar suður og austur af er Kastarhóll.“ (ÖKS1: 1).




**Krókur (Krókssel) - 76**
**Hlutverk**: Óþekkt
**Tegund**: Tóft
**Staðhættir**
Um 270m austur af Fossrétt er lítil tóft í þýfinu austanundir melnum sem vegurinn að Hólma liggur eftir.
**Lýsing**
Tóftin stendur um 1m hærra en umhverfið, en innbrúnir veggja eru á bilinu 30-40sm háar og veggirnir á bilinu 1,3-2m breiðir og falla vel inní lyngmóann umhverfis.

**Krókur - 77**
**Sérheiti:** Hádegisþúfa
**Hlutverk**: Eyktarmark
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Hádegisþúfa á svonefndu Nónholti um 500m SSV af bæ á Króksseli.
**Aðrar upplýsingar**
Miðað við örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Nónholt um 500m SSV af bæ á Króksseli og á því norðanverðu Hádegisþúfa en Dagmálaþúfa er ekki skráð. Eitthvað er bogið við þetta þar sem eyktarmörk kennd við nón (kl. 15:00) og hádegi (kl. 12:00) geta ekki verið á sama stað sem eyktarmörk frá sama bænum, hádegi ætti að vera í suður, en nón í suðvestur.

## *Landamerki*

Í örnefnaskrá Króksels segir um landamerkin: „Jörðin Króksel – Landamerki að norðan og austan og [svo] Fossá. Að sunnan, úr Fossá í Hellisgil þaðan í Heylæk milli Hrísholta úr því ræður Heylækur í vörðu **[nr. 49]** við Flæðatjarnir úr þeirri vörðu yfir Heyvatn sunnan til í Stráksnesvörðu **[nr. 48]** sem stendur á brún Króksbjargs. Að vestan ræður fjaran og Króksbjarg.“ (ÖKS3, 1).

**Krókur – 48** (kemur einnig fyrir í landamerkjakafla Króks)
**Sérheiti**: Stráksnesvarða
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Bærinn Krókur á landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr Stráksnesnvörðu í vörðu við Flæðatjarnir." (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Varðan var ekki skoðuð á vettvangi, en hnit tekin samkvæmt landamerkjagrunni Fasteignamats Ríkisins og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Krókur – 49** (kemur einnig fyrir í landamerkjakafla Króks)
**Hlutverk**: Landamerki
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Bærinn Krókur á landamerki að norðan milli Króks og Krókssels úr Stráksnesnvörðu í vörðu við Flæðatjarnir." (ÖJÓB: 1).
**Lýsing**
Varðan var ekki skoðuð á vettvangi, en hnit tekin samkvæmt landamerkjagrunni Fasteignamats Ríkisins og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

## *Óstaðsettar minjar*

**Krókur - 78**
**Sérheiti:** Ytri-Uppgöngur
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Úr Bæjarvík liggja tvær götur upp á Bjargið nefndar Ytri- og Syðri-Uppgöngur." (ÖJÓB: 2).
**Lýsing**
Gatan fannst ekki á vettvangi.

**Krókur - 79**
**Sérheiti:** Syðri-Uppgöngur
**Hlutverk**: Leið
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá frá 1982 segir: „Úr Bæjarvík liggja tvær götur upp á Bjargið nefndar Ytri- og Syðri-Uppgöngur." (ÖJÓB: 2).
**Lýsing**
Gatan fannst ekki á vettvangi.

**Krókur – 80**
**Hlutverk**: Sleðabraut
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Sleðabraut var gerð yfir Krókselsflóa frá króksbjargi með stefnu á Krókssel (munnleg heimild Guðjón Ingimarsson, 17.12.2010).

**Lýsing**
Ummerki um brautina fundust ekki á vettvangi en samkvæmt Guðjóni er erfitt að greina hana nema helst á vetrum þegar frýs og svell myndast í brautinni.
**Aðrar upplýsingar**
Í grein Sveins Sveinssonar „Akstursleiðir hestasleða eftir Skaga“ í *Húnavöku* segir: „Farið var yfir hann [flóann utan við Fossá] framan við Lækjarásinn og haldið áfram inn yfir Króksselsflóa í stefnu neðan við Brunahorn og inn yfir Heyvatn. Innan við Heyvatn var stórþýft móabelti með staksteinum. Þar höfðu stærstu þúfurnar verið höggnar niður og hlaðið upp utan við slóðina til leiðbeiningar vegfarendum. Eins voru stærstu steinarnir fjarlægðir úr akstursleiðinni og sér enn vel fyrir þessu.“ (SS: 93).

**Krókur (Krókssel) - 81**
**Sérheiti:** Dagmálaþúfa
**Hlutverk**: Eyktarmark
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Krókssels segir: „Suður og upp af bænum er þúfa í flóanum, sem ber hærra en annars staðar og heitir Dagmálaþúfa[…].“ (ÖKS2: 1). Dagmálaþúfa var ekki skráð á vettvangi.
**Aðrar upplýsingar**
Dagmál og þar með Dagmálaþúfu ætti að vera í suðaustur.

**Krókur (Krókssel) - 82**
**Sérheiti:** Nónholt/Nónsteinn
**Hlutverk**: Eyktarmark
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Krókssels segir: „Suður og upp af bænum er þúfa í flóanum, sem ber hærra en annars staðar og heitir Dagmálaþúfa, en suður vestur frá bænum Nónholt.“ (ÖKS2: 1-2). Í annarri skrá segir: „Norðan við Heyvatn er Nónholt, þar á er Nónsteinn“ (ÖKS1: 2). Nónholt var ekki skráð á vettvangi.
**Aðrar upplýsingar**
Miðað við örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Nónholt um 500m SSV af bæ á Króksseli og á því norðanverðu Hádegisþúfa en Dagmálaþúfa er ekki skráð. Eitthvað er bogið við þetta þar sem eyktarmörk kennd við nón (kl. 15:00) og hádegi (kl. 12:00) geta ekki verið á sama stað sem eyktarmörk frá sama bænum, hádegi ætti að vera í suður, en nón í suðvestur.

**Krókur (Krókssel) - 83**
**Sérheiti**: Tröllkonuhóll
**Hlutverk**: Þjóðsagnastaður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá Króks segir: “Utar á bjarginu er Hólagil og í gilinu eða rétt við það Tröllkonuhól, þar fyrir ofan Hólagilsflói.” (ÖKS2: 2). Tröllkonuhóll var ekki skoðaður á vettvangi.
**Aðrar upplýsingar**
Örnefnið Tröllkonuhóll bendir til þjóðsagna þótt engin slík fylgi í örnefnaskrá. Þessi hóll er kominn undir Skagaveg samkvæmt Rafni Sigurbjörnssyni (RS1).

**Krókur (Krókssel) - 84**
**Sérheiti**: Náttmálaholt
**Hlutverk**: Eyktarmark
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Miðað við örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar þá er Náttmálaholt í um 500m fjarlægð VNV af bæ á Króksseli. Náttmálaholt var ekki skoðað á vettvangi.

## Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda.

Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast við Brekknabæina, Örlygsstaði, Kurf, Hróarsstaði og Krók, auk þeirra jarða sem skipt hefur verið útúr upphaflegu landi þeirra, Hlíð og Örlygsstaði II sem skipt var úr landi Örlygsstaða, Krókssel sem tilheyrði Króki og Hólma sem áður var hluti af Hróarsstöðum.

***Fjöldi og ástand minja***

Alls voru skráðar 285 minjar á áðurnefndum jörðum og þar af voru 10 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 275 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 227 sýnilegar á yfirborði en 48 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Þar sem svo ber undir er staðsetning gefin upp í hnitatöflum en tegund minja er skráð sem heimild og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

| Jörð | Fjöldi staðsettra minja | Staðsettar horfnar minjar | Óstaðsettar minjar | Hlutfall horfinna/óstaðsettra |
|---|---|---|---|---|
| Örlygsstaðir (I, II og Hlíð) | 92 | 15 | 1 | 17% |
| Kurfur | 22 | 8 | 2 | 45% |
| Hróarsstaðir | 51 | 6 | 0 | 12% |
| Hróarsstaðir (Hólmi) | 34 | 1 | 0 | 0,3% |
| Krókur | 50 | 11 | 3 | 28% |
| Krókur (Krókssel) | 26 | 3 | 4 | 27% |
| **Alls** | **275** | **44** | **10** | **20%** |

## *Minjar í landi Örlygsstaða (I, II og Hlíðar)*

Sýnilegar minjar í landi Örlygsstaða eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld nærri bæ en fjölbreyttari minjar frá ýmsum tímum fjær bæ. Öllum bæjar- og útihúsum heima á jörðinni hefur verið rutt út vegna túnsléttunar eða byggingaframkvæmda, bæjarhóllinn **(nr. 1)** er engu að síður greinanlegur þótt engar tóftir standi á honum. Merki beðasléttna sjást í túninu **(nr. 30)** og leifar túngarðs **(nr. 10)** standa ofan við bæinn og stekkjartóftir eru utan garðs undir brekkunni **(nr. 15-18)**. Þá eru leifar mógrafa og mótófta út við sjó suðvestur af bæ **(nr. 19-21)**. Uppá brekkubrúninni eru leifar niðurgrafins vegslóða og sneiðingar upp brekkuna að honum **(nr. 68)**. Mógrafir og mótóftir eru þar fyrir ofan og eitthvað af hleðslubrotum og vörðum **(nr. 64-65)**. Ofar í landinu á milli Selvatnanna (vestari tveimur af þremur) er greinilega mjög gamalt garðlag **(nr. 63)**. Minjar Örlygsstaðasels og 20. aldar beitarhúss frá

Örlygsstöðum eru á breiðum melhrygg milli Fossár og Hestlækjar/Sellækjar (**nr. 43-61**), og eldri minjar upp í Húsadal þar fyrir suðaustan (**nr. 35-42**). Minjar á þessu svæði eru fjölbreyttar að aldri og gerð og líklega er þarna að finna nokkrar kynslóðir selja frá Örlygsstöðum.

Minjar í landi Örlygsstaða eru eins og verða vill í misgóðu ástandi af 92 sem voru skráðar á vettvangi reyndust fjórar flokkast undir það að vera „heillegar" samkvæmt stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008 (sjá heimasíðu fornleifaverndar http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf). 25 minjar töldust „vel greinan-legar", 28 „greinanlegar" og 19 „illgreinanlegar" en 15 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn og ekki var unnt að meta ástand mótóftar sem skráð var af loftmynd.

***Minjar í hættu***

*Minjar í landi* Örlygsstaða *eru almennt ekki í mikilli hættu, þó er ein sem er í hættu vegna landbrots, það er mókofi* **(nr. 21)** *sem stendur alveg við sjó suðvestur af Örlygsstöðum. Þá hefur garðlag* **(nr. 29)** *milli Örlygsstaða og Kurfs að hluta horfið undir veg en leifar þess eru utan í vegkanti og verða að teljast í hættu vegna rasks. Auk þess eru tvær minjar sem teljast í hættu vegna þess að girt hefur verið yfir eða eftir veggjum þeirra, það eru túngarðurinn ofan við bæ á Örlygsstöðum* **(nr. 10)** *og tóft á Örlygsstaðaseli* **(nr. 52)**. *Ein tóft telst í hættu vegna rofs, en það er hugsanlega mókofi* **(nr. 92)** *nærri Hornvörðu.*

| NR | Fvr Nr | Tegund | Hlutverk | Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|---|---|---|---|
| **10** | 12387 | garðlag | túngarður | hætta | rasks |
| **21** | 12398 | tóft | mókofi | hætta | landbrots |
| **29** | 12406 | garðlag | landamerki | hætta | rasks |
| **52** | 12429 | tóft | kvíar | hætta | rasks |
| **92** | 13282 | tóft | óþekkt | hætta | rof |

*Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

***Áhugaverðar minjar í landi Örlygsstaða***

Könnun á aldri og eðli minja upp í Húsadal og í nágrenni Örlygsstaðasels er áhugaverð en þar eru margar kynslóðir selja og tófta af ýmsu tagi sem forvitnilegt væri að fá frekari upplýsingar um **(nr. 36-42, 44-52 og 55-57).** Heilsársbúseta var komin á Örlygsstaðaseli árið 1840 og hélst með hléum fram yfir 1920. Heimildir herma að þar hafi jafnvel verið tveir bæir um tíma, Efra- og Neðra Örlygsstaðasel einhvern tíma á milli 1850 og 1900.[64]

[64] Sjá manntöl 1840, 1850, 1860 og 1870 á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is, skoðað 12.06.2010; *Sýslu- og sóknarlýsingar I. bindi,* 167; Örnefnaskrá Örlygsstaða, skráð eftir Sigurði Björnssyni; einnig athugasemdir Sigurðar Björnssonar við örnefnaskrá Kurfs, dags. 18. mars 1985. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

## *Minjar í landi Kurfs*

Lítið er af sýnilegum minjum í heimatúni Kurfs. Búið er að ýta út gamla bænum og öllum útihúsum. Bæjarhóllinn **(nr. 1)** sést þó enn og túngarður ofan bæjar **(nr. 8)** og leifar merkjagarðs að sunnan **(nr. 21)**. Upp brekkuna liggur sneiðingur (Kurfsgata **nr. 11**) upp að niðurgröfnum vegi **(nr. 22)**. Nokkru ofar upp á brekkustalli við Bruna er varða **(nr. 12)** og grjóthlaðið garðlag sunnan við Brunavatn **(nr. 14)**. Norðan við vatnið eru leifar mó- eða heytóftar og ummerki um torf- eða mótekju **(nr. 15-16)** þá er lítil rétt eða aðhald þar austur af út við merki Kurfs og Örlygsstaða **(nr. 17)**. Norðan við Brunavatn rennur Heylækur í svolitlu dragi þvert í gegnum landareignina norður-suður en beygir til vesturs nyrst. Syðst í beygjunni eru leifar forns sels **(nr. 19 og 20)**, rúma 300m sunnar í draginu eru leifar lítillar tóftar **(nr. 18)**.

Af þeim 22 minjum sem skráðar voru á vettvangi í landi Kurfs var aðeins ein sem hægt er að telja „heillega" það er varða uppá melbrekkunni neðan við Bruna **(nr. 12)**. Engar minjar töldust „vel greinanlegar", 9 „greinanlegar" og 4 „illgreinanlegar" en 8 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifa-verndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf

### *Minjar í hættu*

*Minjar í landi* Kurfs *eru almennt ekki í mikilli hættu, þó má segja að túngarðurinn ofan við bæinn sé í hættu en girt hefur verið ofan í garðinn og hann orðið fyrir raski af þeim sökum þá eru leifar merkjagarðs milli Kurfs og Örlygsstaða að hluta farnar undir afleggjarann heim að Kurfi og það sem eftir er í hættu af þeim sökum.*

| NR | Fvr Nr | Tegund | Hlutverk | Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|---|---|---|---|
| **8** | 12452 | garðlag | túngarður | hætta | rask |
| **21** | 12406 | garðlag | landamerki | hætta | rask |

*Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

### *Áhugaverðar minjar í landi Kurfs*

Heima við bæ er lítið af sýnilegum minjum þótt áhugaverðar minjar kunni að leynast í bæjarhólnum og í túni. Ofarlega í landi jarðarinnar við Heylæk virðast hins vegar vera leifar sels frá Kurfi **(nr. 19 og 20)** og væri áhugavert að staðfesta hlutverk og aldur þeirra minja sem og stöku tóftarinnar **(nr. 18)** sem er um 300m sunnar við Heylækinn.

## *Minjar í landi Hróarsstaða og Hólma*

Sýnilegar minjar í landi Hróarsstaða eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld nærri bæ en einnig minjar um sjósókn meðfram ströndinni og fjölbreyttar minjar frá ýmsum tímum fjær bæ, m.a. seltóftir í Seldal og bæjartóftir í hólmanum milli Fossár og Hestlækjar/Sellækjar, þar sem upphaflega var sel frá Hróarsstöðum og síðar hjáleiga og loks sjálfstæða bújörðin Hólmi.

Þar eru minjar að mestu óhreyfðar bæði torfhús frá 20. öld og eldri minjar, einkum norðan Fossár.

Bæjar- og útihúsum heima á Hróarsstöðum hefur verið rutt út og eru lítil merki um þau á yfirborði, bæjarhóllinn **(nr. 1)** er þó á sínum stað og dældir á nokkrum stöðum í túninu sunnan við bæinn sem benda til tófta **(nr. 7 og 14)**, þá er óljós tóft **(nr. 11)** norðan við núverandi fjárhús. Meðfram túninu að austan og norðan eru leifar túngarðs **(nr. 10)** og sneiðingur liggur upp að niðurgröfnum vegi **(nr. 23)** uppá brekku brúninni ofan við bæinn, annar yngri vegur er uppá brúninni með upphlöðnum köflum yfir mýrarsundin **(nr. 24)**. Út við sjó norðvestast í landi Hróarsstaða eru leifar garðlags, hugsanlega aðhalds fyrir skepnur **(nr. 21)** og stekkjar **(nr. 20)**. Sunnar með ströndinni eru leifar hugsanlegs nausts **(nr. 18)** auk fleiri garðlaga og tóftaleifa **(nr. 16,17 og 19)**. Norður af bæ ofan brekkunnar og austur af Króksbjargi, eru mógrafir og mótóftir **(nr. 26-28)**. Þá eru vörður og vörðubrot víða á norðurenda svonefnds Bruna **(nr. 25, 29-37)**. Lítill dalur, Seldalur, gengur til suðurs nyrst á Brunanum og er norðurendi hans í landi Króks en suðurendinn í landi Hróarsstaða. Í Seldal eru tóftir sels **(nr. 38-39)**, og mógrafir austur af tóftunum **(nr. 40)**. Fleiri vörður og hleðslubrot eru nyrst á svonefndum Selhrygg austur af Seldal **(nr. 41-46)**, norðan þeirra eru mógrafir og mótóftir **(nr. 47-48)**, og norðvestur af vörðubrot **(nr. 49)** og tóft norðaustur af henni **(nr. 50)**.

***Hólmi***

Selstaða var frá Hróarsstöðum í Hólmanum milli Fossár og Hestlækjar/Sellækjar og síðar hjáleigan Hróarsstaðahólmi og loks sjálfstæða bújörðin Hólmi. Bærinn stóð fyrst í hólmanum sjálfum þar sem selið var áður en var seinna fluttur norður fyrir Fossá. Í hólmanum eru leifar gamla bæjarins **(nr. 53)** og útihúsa **(nr. 54 og 55)** en engar greinilegar tóftir sjálfs Hróarstaðasels **(nr. 85).** Norðan fossár eru 20. aldar útihús úr torfi **(nr. 56-58)**, mógrafir sunnan þeirra **(nr. 59)** og fjöldi smátófta og matjurtagarður suður af síðasta íbúðarhúsinu á Hólma **(nr. 62-67)**. Þá er fjöldi tófta fyrir mynni Músadals suðaustur af bæ á Hólma, m.a. mógrafir og hugsanlega stekkjarleifar **(nr. 68-81)** auk þess er ein tóft í Fífudal næsta dalskorningi austur af Músadal. Þá eru a.m.k. tvær vörður **(nr. 83-84)** upp á melunum norður af Hólma með stefnu á Bjargasel.

Minjar í landi Hróarsstaða og Hólma eru eins og verða vill í misgóðu ástandi af 84 sem voru skráðar á vettvangi reyndust tvær flokkast undir það að vera „heillegar“ samkvæmt stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008 (sjá heimasíðu fornleifaverndar http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf). 27 minjar töldust „vel greinan-legar“, 34 „greinanlegar“ og 14 „illgreinanlegar“ en 7 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn.

***Minjar í hættu***

*Minjar í landi jarðanna tveggja eru almennt ekki í mikilli hættu, nokkrum minjum er þó hætta búinn vegna landbrots. Minjar út við sjóinn í landi Hróarsstaða* ***(nr. 16-21 og 51)*** *eru í hættu og þá eru nokkrar minjar á bakka Fossár í landi Hólma einnig í hættu vegna landbrots* ***(nr. 69-71, 75-81)****. Þess má að lokum geta að minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði*

*eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

| NR | Fvr Nr | Tegund | Hlutverk | Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|---|---|---|---|
| **16** | 12481 | garðlag | óþekkt | hætta | landbrot |
| **17** | 12482 | tóft | búð | mikil hætta | landbrot |
| **18** | 12483 | tóft | naust | mikil hætta | landbrot |
| **19** | 12484 | þúst | óþekkt | mikil hætta | landbrot |
| **20** | 12485 | tóft | stekkur | mikil hætta | landbrot |
| **21** | 12486 | garðlag | óþekkt | hætta | landbrot |
| **51** | 12687 | Heimild | Vatnsból | Hætta | landbrot |
| **69** | 12533 | tóft | mókofi | hætta | landbrot |
| **70** | 12534 | tóft | óþekkt | hætta | landbrot |
| **71** | 12535 | tóft | óþekkt | hætta | landbrot |
| **75** | 12539 | tóft | kvíar | hætta | landbrot |
